

ANDI SNÆFELLSNESS

auðlind til sóknar

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026

Andi Snæfellsness - auðlind til sóknar
Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026

samþykkt af svæðisskipulagsnefnd 14. nóvember 2014
staðfest af sveitarstjórnnum á Snæfellsnesi í desember 2014

Eyja- og Miklaholtshreppur
Grundarfjarðarbær
Helgafellssveit
Snæfellsbær
Stykkishólmsbær


Alta ehf
www.alta.is



Tillaga að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026 var auglýst skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 4. september til og með 20. október 2014. Umhverfisskýrsla tillögunnar var auglýst á sama tíma, sbr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026, ásamt umhverfisskýrslu, var afgreitt af svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þann 14. nóvember 2014.

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026, ásamt umhverfisskýrslu, var afgreitt af sveitarstjórnnum á Snæfellsnesi skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 í desember 2014.


Fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps


Samþykkt þ. 11.12.2014
af hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps,




Fulltrúar Grundarfjarðarbæjar

Samþykkt þ. 11.12.2014
af bæjarstjórn Grundarfjarðarb.

Samþykkt þ. 12.12.2014
af hreppsnefnd Helgafellssveitar


Fulltrúi Helgafellssveitar










Fulltrúar Snæfellsbæjar

Samþykkt þ. 4.12.2014
af bæjarstjórn Snæfellsbæjar



Samþykkt þ. 15.12.2014
af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar,




Fulltrúar Stykkishólmsbæjar





Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 var staðfest af
Skipulagsstofnun skv. 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010 m.s.br. þann 24.3.2015



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Um svæðisskipulagsáætlunina

Hlutverk	10
Sóknaráætlun sveitarfélaganna og atvinnulífsins	10
Rammi fyrir aðalskipulag og deiliskipulag	10
Aðilar	12
Lögformlegir aðilar	12
Svæðisskipulagsnefnd	12
Aðrir aðilar	12
Leiðarljós	16
Gott samfélag	17
Sjálfbær þróun	17
Nýsköpun	17
Samkeppnisforskot	17
Markaðssetning	17
Öryggi og virkni íbúa	17
Áherslur	18
Skýr mynd af svæðinu sem heild	18
Nýting sérkenna svæðisins innan atvinnugreina	18
Atvinnugreinar tvinnuðar saman	21

Breið verðmætasköpun	21
Sjálfbær nýting auðlinda og efling sameiginlegra innviða	22
Víðtækt samráð	22
Í anda Evrópska landslagssáttmálans	22
Hliðsjón af reynslu evrópskra svæðisgarða	22
Samhengi	24
Landfræðilegt samhengi	24
Samhengi við búsetuþróun liðinna ára	24
Samhengi við ýmis stefnuskjöl og verkefni	27
Samhengi við aðalskipulag	29
Uppbygging	30
Kaflaskipting	30
Framtíðarsýn	30
Grunnur	30
Áætlun	31
Vinnuferli, samráð, kynning og afgreiðsla	32
Aðdragandi svæðisskipulagsgerðar	32
Áfangar og verkþættir verkefnisins	32
Starf vinnuhópa	35
Fundir með ungu fólki	35
Önnur kynning og samráð	36

Umsagnaraðilar	38
FORMLEG Kynning tillögunnar.....	38
Auglýsing tillögunnar.....	39
Afgreiðsla að aflokinni auglýsingu.....	39
Umhverfismat	41
Tilgangur umhverfismats	41
Matslýsing	41
Umhverfisskýrsla	41
Ráðgjafar.....	41
Grunnur	
Náttúruauður.....	45
Haf og strönd	45
Lífriki og vatnafar.....	47
Jarðfræði.....	53
Himinn og veður.....	55
Menningarauður.....	57
Söguþræðir Snæfellsness.....	57
Menningarlíf.....	65
Þekkingarauður	70
Skólar og rannsóknarsetur.....	70
Mannauður og verkþekking	73
Samstarf og félög.....	74
Staðarandi Snæfellsness.....	76
Um staðaranda	76
Staðarandi Snæfellsness.....	76

Karaktersvæði	78
Um landslagsgreiningu.....	78
Svæðisskipting.....	78

Framtíðarsýn

Framtíðarmynd af Snæfellsnesi	80
Ímynd Snæfellsness	80
Að marka svæði.....	80
Tengsl mörkunar svæða og skipulags	81
Lykilvið og lykilorð Snæfellsness	81
Snæfellsk strandmenning: Lifandi, fjölbreytt og með djúpar rætur.....	82
Snæfellsk upplifun: Kraftmikil, nærandi og í nálægð við náttúruöflin.....	83
Snæfellsk jarðfræði: Ísland í hnotskurn.....	83
Lykilsvæði Snæfellsness.....	84
Lykiltáknmyndir Snæfellsness.....	84
Áætlun til sóknar	86
Styrking staðaranda og uppbygging vörumerkis.....	86
Heildstæð sýn á málaflokka og viðfangsefni	86

Áætlun eftir þemum

Lífsgæði.....	91
Meginmarkmið fyrir snæfellska LÍFSGÆÐI.....	91
Búsetuskilyrði og atvinnulíf.....	91
Menningarlíf og menningararfur.....	95
Skólar.....	100
Lýðheilsa	103


Landslag	107
Meginmarkmið fyrir snæfellskt landslag.....	107
Þjóðgarður.....	107
Jarðfræðileg fjölbreytni.....	111
Líffræðileg fjölbreytni.....	113
Landslag sveita og bæja.....	116
Matur	121
Meginmarkmið fyrir snæfellskan mat.....	121
Matarmenning.....	121
Sjávarfang.....	123
Landbúnaðarvörur.....	126
Annað hráefni.....	128
Iðnaður og skapandi greinar	130
Meginmarkmið fyrir snæfellskan IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.....	130
Skapandi greinar.....	130
Framleiðsluiðnaður.....	133
Mannvirkjagerð.....	135
Ferðalag	137
Meginmarkmið fyrir snæfellskt FERÐALAG.....	137
Staðarandi og gæði.....	137
Lykilþemu ferðamennsku, ferðaleiðir og áfangastaðir.....	141
Grunngerð ferðaþjónustunnar.....	146
Grunngerð og stjórnun	149
Meginmarkmið fyrir snæfellska GRUNNGERÐ OG STJÓRNUN.....	149
Vegir.....	149
Stígar og leiðir.....	150

Hafnir.....	151
Flugvellir.....	151
Almenningssamgöngur.....	151
Fjarskipti.....	151
Veitur og orkuöflun.....	152
Endurnýting og förgun úrgangs.....	152
Stjórnun.....	152

Framfylgd

Svæðisskipulagsnefnd og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	156
Svæðisskipulagsnefnd.....	156
Um svæðisgarð.....	156
Stjórnunaráætlun svæðisgarðs.....	156
Aðalskipulag og deiliskipulag	157
Útfærsla stefnu svæðisskipulags.....	157
Samræming á framsetningu aðalskipulags.....	157
Framkvæmda- og byggingarleyfi	158
Samræmi við stefnu.....	158
Fjárhags-, framkvæmda- og verkefnaáætlanir	159
Forgangsröðun.....	159
Skilgreining verkefna.....	159
Heimildaskrá og itarefni	161

Myndir í skýrslunni eru frá Alta ehf. að undanskildum eftirtöldum myndum: Myndir á bls. 65, 72, 95, 97, 101 og 125 eru frá Tómasi Frey Kristjánssyni, á bls. 75 og 105 eru myndir frá Eypóri Benediktssyni, á bls. 129 frá Lilju Ólafardóttur, á bls. 69, 105 og 153 frá Alfonsi Finnssyni og myndir á bls. 103 og 128 eru í eigu Snæfellsbæjar.



Um svæðisskipulagsáætlunina

HLUTVERK

Meginhlutverk Svæðisskipulags Snæfellsness er að leiða byggðapróun á Snæfellsnesi með því að marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna um umhverfi, atvinnulíf og þekkingu á svæðinu.

SÓKNARÁÆTLUN SVEITARFÉLAGANNA OG ATVINNULÍFSINS


Stefnan er unnin í nánú samstarfi við fulltrúa úr atvinnulífinu og frá félagasamtökum (sbr. umfjöllun um aðila og samráð). Stefnan er því í reynd sóknaráætlun Snæfellinga, um það hvernig þeir - sveitarfélögin og atvinnulífið í samvinnu við íbúa - hyggjast stuðla að því í sameiningu að þróun atvinnulífs og byggðar á Snæfellsnesi taki í auknum mæli mið af sérkennum svæðisins m.t.t. náttúru, menningar og mannauðs, sem aftur fléttast saman í staðaranda Snæfellsness.

Sá hluti áætlunarinnar sem ekki snýr beint að hefðbundnum umhverfis- og skipulagsmálum, kallar í flestum tilvikum á samvinnu við stofnanir og atvinnulíf. Því er gert ráð fyrir að unnið verði að slíkum viðfangsefnum undir hatti svæðisgarðs eða með annars konar samstarfi sveitarfélaganna og atvinnulífsins.

RAMMI FYRIR AÐALSKIPULAG OG DEILISKIPULAG

Svæðisskipulagið er það sem kalla má stefnumarkandi skipulagsáætlun (strategic spatial plan). Það þýðir að skipulagið setur fram heildstæða almenna stefnu sem segir í hvaða átt menn ætla að ganga og í grófum dráttum hvernig, en útfærir ekki landnotkun eða grunngerð á uppdrætti eða setur nákvæma skipulagsskilmála.

Stefna svæðisskipulagsins - einkum þau mark-mið sem snúa að mótun umhverfis og byggðar - leggur þannig grunn sem verður nánar útfærður í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og í deiliskipulagi einstakra svæða. Gögn sem hefur verið safnað og greiningar sem unnar hafa verið við svæðisskipulagsgerðina munu þannig nýtast beint við aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna.



Stefnumótandi skipulagsáætlun

AÐILAR

LÖGFORMLEGIR AÐILAR

Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi standa að svæðisskipulaginu, en þau eru (tilgreind eftir íbúafjölda 1. jan. 2014):

- Snæfellsbær (1691 íbúar)
- Stykkishólmsbær (1095 íbúar)
- Grundarfjarðarbær (872 íbúar)
- Eyja- og Miklaholtshreppur (148 íbúar)
- Helgafellssveit (53 íbúar)

SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna fimm skipuðu svæðisskipulagsnefnd til að annast svæðisskipulagsgerðina undir þeirra yfirstjórn.

Nefndina hafa skipað:

- Ragnhildur Sigurðardóttir og Smári Björnsson, f.h. Snæfellsbæjar. Kristjana Hermannsdóttir kom í stað Smára fyrri hluta árs 2014.
- Gretar D. Pálsson og Theodóra Matthíasdóttir, f.h. Stykkishólmsbæjar.
- Eyþór Garðarsson og Þórður Á. Magnússon, f.h. Grundarfjarðarbæjar. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum í maí 2014 var Jósef Kjartansson skipaður í stað Þórðar.
- Halldór Jónsson, f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps.
- Kristín Rós Jóhannesdóttir til janúar 2013, þá Jóhanna Kristín Hjartardóttir til júlí 2014, þá Jörundur Svavarsson, f.h. Helgafellssveitar.

Formaður nefndarinnar er Gretar D. Pálsson og varaformaður er Ragnhildur Sigurðardóttir.

Svæðisskipulagsnefndin setti sér starfsreglur sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda að undangenginni umfjöllun Skipulagsstofnunar. Reglunum hefur verið breytt einu sinni (sept. 2013).

AÐRIR AÐILAR

Mótun svæðisskipulagsins hefur verið í nánú samstarfi við fulltrúa frá samtökum í atvinnulífi á Snæfellsnesi, sem standa með sveitarfélögunum að stofnun Svæðisgarðsins Snæfellsness.

Þessi samtök eru:

- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
- Búnaðarfélag Eyrarsveitar
- Búnaðarfélag Staðarsveitar
- Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu

Undirbúningi að stofnun svæðisgarðs var stjórnað af eigendaráði sem valdi nokkra fulltrúa úr sínum röðum í stýrihóp, til að sjá um framkvæmd verkefnisins innan þess ramma sem eigendaráð ákvað.


Fulltrúar úr stýrihópi sátu alla fundi svæðisskipulagsnefndar, tóku þátt í samráðsfundum og fengu öll vinnugögn send.



Stýrihópurinn skipuðu:

- Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, formaður hópsins
- Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
- Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi Snæfellsbæ
- Hallur Pálsson, fulltrúi búnaðarfélaganna þriggja
- Bárður Guðmundsson, en frá febrúar 2014 Örvar Már Marteinsson, fulltrúi Snæfells - félags smábátæigenda á Snæfellsnesi
- Þorkell Símonarson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Snæfellsness

Með stofnun Svæðisgarðsins Snæfellsness, þann 4. apríl 2014, kom nýkjörin framkvæmdastjórn í stað stýrihóps. Sömu einstaklingar skipuðu hana og skipuðu stýrihópurinn áður. Þann 25. júlí 2014 kom eigendaráð saman, skipað af nýju sveitarstjórnunum, og valdi fulltrúa í framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins. Sömu fulltrúar voru skipaðir og nefndir eru hér að ofan, nema að í stað Gyðu kom Sturla Böðvarsson bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar og í stað Björns Steinars kom Eyþór Garðarsson forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar.



Stjórnfyrirkomulag svæðisgarðsverkefnis og svæðisskipulags



LEIÐARLJÓS

Við svæðisskipulagsgerðina var unnið eftir sex leiðarljósum sem er ætlað að undirbyggja enn frekar hlutverk svæðisskipulagsins. Þau lýsa þeirri meginhugmyndafræði sem svæðisskipulagsvinnan hefur gengið út frá, þ.e. að örva megi atvinnulífið og efla samfélagið á Snæfellsnesi með frumkvæði og samvinnu, aðgengilegum upplýsingum um auðlindir og sérkenni svæðisins, skýrum skilaboðum um hvað svæðið stendur fyrir, góðum samgöngu- og fjarskiptakerfum, ábyrgri stjórnun auðlinda og eflingu atvinnulífs sem byggir á sérkennum svæðisins. Sjá nánar um hvert og eitt leiðarljós á næstu síðu.



GOTT SAMFÉLAG

Frumkvæði heimamanna, samvinna og sameiginleg sýn er lykilatriði fyrir árangur – um það snýst gott samfélag.

Mikilvægt er að styðja við og byggja á frumkvæði heimamanna og að sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og íbúar móti sameiginlega framtíðarsýn fyrir Snæfellsnes. Stefnu fyrir svæðið verði síðan markvisst fylgt eftir. Þannig nýtist best kraftur og þekking heimamanna og stuðlað er að því að markmið náist.

SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Jafnvægi þarf að vera á milli efnahags, samfélags og umhverfis – um það snýst sjálfbær þróun.

Mikilvægt er að vernda og styrkja þau verðmæti sem búa í sérkennum, auðlindum og sögu Snæfellsness. Um leið þarf að leita leiða til að nýta þau svæðinu til framdráttar, með hófsömum hætti og án þess að af hljótist mengun eða að skertir séu möguleikar íbúa framtíðarinnar til að mæta sínum þörfum. Þannig er hugsað um hag núverandi og komandi kynslóða út frá heildarsýn á umhverfi, hagkerfi og samfélag.

NÝSKÖPUN

Upplýsingar og ný þekking geta kveikt hugmyndir – um það snýst nýsköpun.

Mikilvægt er að auðvelda íbúum og fyrirtækjum á Snæfellsnesi að nýta tækifærin sem búa í sérkennum og auðlindum svæðisins, m.a. með fræðslu, rannsóknum og aðgengilegum upplýsingum um sérkenni svæðisins og möguleikana sem í þeim búa. Þannig geta hugmyndir kviknað og sambönd myndast.

SAMKEPPNISFORSKOT

Þróun vöru og þjónustu á að byggja á sérkennum svæðisins – um það snýst varanlegt samkeppnisforskot.

Mikilvægt er að nýta sérkenni og auðlindir svæðisins til verðmætasköpunar og skilgreina mögulegar leiðir til þess. Þannig styrkist aðdráttarafl og samkeppnisstaða svæðisins.

MARKAÐSSETNING


Skýr skilaboð um svæðið skapa skýra ímynd – um það snýst góð markaðssetning.

Mikilvægt er að skilaboð heimamanna; upplýsingar um sérkenni Snæfellsness og tækifæri til upplifunar og afþreyingar, séu skýr og aðgengileg þeim sem sjá hag í að nýta þau eða njóta þeirra. Þannig eru þeim færðir lykilar að fjársjóðum Snæfellsness.

ÖRYGGI OG VIRKNI ÍBÚA

Samgöngu- og fjarskiptakerfi þurfa að vera góð – um það snýst öryggi og virkni íbúa.

Mikilvægt er að íbúar og gestir komist öruggir ferða sinna og geti átt samskipti auðveldlega. Það er einnig lykilatriði fyrir uppbyggingu atvinnulífs. Þannig er stuðlað að ríkum samskiptum og möguleikum til að nýta upplýsingar, koma þeim á framfæri og njóta svæðisins á sem fjölbreyttastan hátt.




ÁHERSLUR

SKÝR MYND AF SVÆÐINU SEM HEILD


Við svæðisskipulagsgerðina var lögð áhersla á að draga upp heildstæða mynd af náttúru, menningu og sögu Snæfellsness og þeim anda sem einkennir svæðið. Var það gert til að svæðið í heild fengi sem skýrasta ímynd í hugum bæði heimamanna og gesta. Í þeim tilgangi var sett fram yfirlit yfir auðlindir og verðmæti svæðisins og þau gögn birt á vef. Með þessu skapaðist mikilvægur grunnur að sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu, um leið og gögn voru gerð íbúum aðgengileg.










NÝTING SÉRKENNA SVÆÐISINS INNAN ATVINNUGREINA

Þegar dregin hafði verið upp mynd af sérkennum og staðaranda svæðisins var fjallað um hvernig hægt væri að vinna með þau og nýta á áhrifaríkan hátt innan ólíkra atvinnugreina, t.d. til markaðssetningar eða þróunar vöru og þjónustu. Í vinnuhópum voru settar fram hugmyndir um stefnu með áherslum þar að lútandi og stefna síðan mótuð m.a. á þeim grunni.



Sérkenni svæðisins nýtt innan mismunandi atvinnugreina



	Sjávar- útvegur	Land- búnaður	Ferða- þjónusta	Handverk og listir	Rannsóknir og menntun	Stjórnsýsla
Sjávar- útvegur			Sjávarfang í sjávarbyggð Hvar liggja tækifærin?		 Náttúrustofa Vesturlands	
Land- búnaður						
Ferða- þjónusta						 Náttúrustofa Vesturlands
Handverk og listir		Viltu teppi eða vettlinga af þinni kind? 				
Rannsóknir og menntun						
Stjórnsýsla						

Samtvinnun atvinnugreina

ATVINNUGREINAR TVINNADAR SAMAN

Í skipulagsvinnunni var sérstaklega skoðað hvernig atvinnugreinar gætu unnið saman með sérkenni og anda svæðisins, t.d. til að þróa nýjar vörur eða nýja þjónustu. Til að setja fram hugmyndir um þetta voru fulltrúar mismunandi atvinnugreina, stofnana og samtaka á svæðinu leiddir saman í vinnuhópum. Hlutverk svæðisskipulagsins er síðan bæði að festa í sessi stefnu um hvernig sveitarfélögin sín á milli og í samstarfi við atvinnulífið hyggjast stuðla að samvinnu atvinnugreina til eflingar byggðar á svæðinu og einnig stefnu um hvernig stuðlað verður að því að sérstaðan nýtist við þróun vöru og þjónustu.

BREIÐ VERÐMÆTASKÖPUN

Við mótun svæðisskipulagsins var horft til þess hvernig mætti stuðla að verðmætasköpun í breiðum skilningi þess orðs. Lögð var áhersla á að efnisleg og óefnisleg verðmæti megi skapa í öllum geirum sem til samans geta styrkt og eftt samfélagið til langs tíma litið.

Þannig má skapa umhverfisleg verðmæti, t.d. með því að vernda og nýta auðlindir; menningarleg verðmæti, t.d. með því að draga fram sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmýnd samfélagsins; félagsleg verðmæti, t.d. með því

BREIÐ VERÐMÆTASKÖPUN

Sjálfbær verðmætasköpun			
UMHVERFISLEG	MENNINGARLEG	FÉLAGSLEG	EFNAHAGSLEG
Verndun auðlinda	Sögulegt samhengi	Meðvitund og þátttaka	Vöruþróun Nýsköpun
Nýting auðlinda	Ímynd og sjálfsmýnd	Hvatning og virkjun	Efling fyrirtækja

Efling margra sviða atvinnulífs og samfélags	
Miðlun, fræðsla, rannsóknir	Nám og leiðsögn um átthagana. Túlkun og miðlun upplýsinga um svæðið. Efling skóla og rannsóknarstofnana.
Vöruþróun, nýsköpun, gæðastýring	Staðbundin framleiðsla og þjónusta. Vottun. Vörumerki. Markaðssetning.
Umsjón, stjórnun	Stefnumótun og framfylgd stefnu. Fjáröflun. Fjármögnun. Verkefnamótun. Verkefnastýring.

Skilgreining á breiðri verðmætasköpun

að hvetja fólk til dáða og stuðla að samvinnu; og síðast en ekki síst efnahagsleg verðmæti, t.d. með þróun nýrrar vöru, nýrrar þjónustu, nýrra fyrirtækja eða eflingu þeirra sem fyrir eru.

Tækifæri fyrir slíka verðmætasköpun geta t.d. verið á sviði miðlunar, fræðslu og rannsókna; vöruþróunar, nýsköpunar og gæðastýringar eða umsjónar og stjórnunar.

SVÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA OG EFLING SAMEIGINLEGRA INNVIÐA

Áhersla var á að marka almenna stefnu um nýtingu auðlinda og um umgengni þeirra, til nánari útfærslu í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga. Einnig var mörkuð almenn stefna um þá sameiginlegu grunngerð sem talin er nauðsynleg til að styðja við heildstæða þróun svæðisins, s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir, fjarskipti og veitur.

VÍÐTÆKT SAMRÁÐ

Við svæðisskipulagsgerðina var lögð áhersla á að ná til stofnana, félagasamtaka og samtaka í atvinnulífinu með því að bjóða þeim til þátttöku í vinnuhópum þar sem rætt var um verðmæti, tækifæri og áherslur til framtíðar. Fundað var einslega með nokkrum stofnunum og verkefnum, vegna sérstöðu þeirra. Þá var leitað til ungs fólks um stöðu og framtíðarmöguleika svæðisins.



Í ANDA EVRÓPSKA LANDSLAGSSÁTTMÁLANS

Í svæðisskipulagsverkefninu var tekið mið af Evrópska landslagssáttmálanum. Hann hefur það að markmiði að stuðla að verndun landslags, stjórnun þess og markvissu skipulagi. Einnig er markmið sáttmálans að stuðla að samvinnu milli Evrópuríkja í málum sem snúast um landslag. Sáttmálinn skilgreinir landslag sem „svæði sem fólk skynjar og fengið hefur einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannglegra þátta“ (lauslega þýtt úr ensku útgáfunni sem segir: Landscape means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors).

Íslensk stjórnvöld undirrituðu sáttmálann 29.6.2012 og það er m.a. á þeim grunni sem svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes tekur mið af áherslum sáttmálans. Með undirritun hans samþykkja þjóðir að:

- viðurkenna mikilvægi landslags með lagaákvæðum
- setja og framfylgja stefnu um landslagsvernd, -stjórnun og -skipulag
- skilgreina ferli sem veitir almenningi, sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum möguleika á að taka þátt í að móta stefnu og framfylgja stefnunni

- tvinna landslagssjónarmið inn í skipulagsstefnu og menningar-, umhverfis-, landbúnaðar-, velferðar- og efnahagsstefnu
- auka vitund samfélagsins og viðeigandi aðila um gildi landslags
- stuðla að þjálfun sérfræðinga og uppbyggingu háskólamenntunar í landslagsmati, stefnumótun, verndun og stjórnun
- greina landslag og þá krafta sem móta það og breyta því, og meta gildi þess, m.a. með því að skiptast á reynslu við önnur Evrópulönd
- setja markmið um gæði landslags í samráði við almenning
- framfylgja stefnunni

HLIÐSJÓN AF REYNSLU EVRÓPSKRA SVÆÐISGARÐA

Við svæðisskipulagsgerðina var horft til reynslu svæðisgarða í Evrópu, m.a. með tilliti til greiningar og stefnumótunar um landslag og verðmæti sem í því búa. Svæðisgarðsverkefni í Noregi eru hins vegar þau einu, til þessa, sem tengja sig beint við Evrópska landslagssáttmálann.

Helstu verkefni sem Evrópski landslagssáttmálinn skilgreinir	Hvernig svæðisskipulagið tengist hverju verkefni sáttmálans
<p>Vitundarvakning</p> <p>Að auka vitund í samfélaginu um gildi landslags, hlutverk þess og breytingar á því.</p>	<p>Svæðisskipulagsgerðin, sem leið að stofnun svæðisgarðs, snýst að miklu leyti um að auka meðvitund um gildi landslags og þau efnahagslegu og samfélagslegu tækifæri sem búa í því. Í skipulagsgerðinni var fjallað um sérkenni landslags og mikilvægi þess fyrir upplifun ferðamanna og heilsu og sjálfsmynd íbúa. Til urðu myndræn og skrifleg gögn sem ásamt samræðunni eiga að hjálpa til við að vekja samfélagið til umhugsunar um þær auðlindir og lífsgæði sem búa í landslaginu.</p>
<p>Greining og mat</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greina, með virkri þátttöku hagsmunaaðila, einkenni landslags og þá krafta sem breyta því. • Taka mið af breytingum. • Meta landslagið og taka mið af sértækum gildum hagsmunaaðila og almennings. 	<p>Stór hluti svæðisskipulagsvinnunnar var greining á landslagi, mat á verðmætum þess og breytingum á því. Tekið var mið af erlendum aðferðum, einkum breskum og norskum, en þær aðlagðar að verkefninu. Leitað var til íbúa um upplýsingar fyrir greininguna. Einnig var leitað sjónarmiða íbúa varðandi túlkun, mat og stefnumótun. Sjá nánar kafla um samstarf og samráð.</p>
<p>Gæðamarkmið landslags</p> <p>Setja markmið um gæði landslags.</p>	<p>Í svæðisskipulaginu var sett fram stefna um viðhald og verndun landslags og hvernig gæði þess og sérkenni verða nýtt til að styrkja atvinnugreinar á svæðinu. Sú stefna, sem og stefna um aðra málaflokka skipulagsáætlunarinnar, var metin m.t.t. áhrifa á landslag og aðra umhverfisþætti, sbr. lög um umhverfismat áætlana.</p>
<p>Innleiðing</p> <p>Nýta ýmis verkfæri til að framfylgja stefnu sem miðar að verndun, stjórnun og/eða skipulagningu landslags.</p>	<p>Með staðfestingu svæðisskipulags varð til rammi sem fylgt verður eftir í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Einnig í verkefna- og framkvæmdaáætlunum sveitarfélaganna og Svæðisgarðsins Snæfellsness. Á grunni stefnu svæðisskipulagsins er einnig gert ráð fyrir að „verkfærakistan“ þróist áfram og vaxi, en hlutverk hennar er að aðstoða atvinnugreinar og einstaka aðila við að nýta sér sérkenni landslags.</p>
<p>Þjálfun og menntun</p> <p>Að efla menntun og þjálfun á sviði: greiningar og mats á landslagi, stefnumótunar um landslag, verndunar landslags, stjórnunar og skipulagsgerðar m.t.t. landslags.</p>	<p>Við svæðisskipulagsgerðina þjálfast ráðgjafar við að greina og meta landslag og móta stefnu um verndun og nýtingu þess. Til hliðar við svæðisskipulagsgerðina fékkst styrkur úr sjóði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til að standa straum af norrænni vinnustofu um landslag og tengsl landslags og byggðapróunar.</p> <p>Reikna má með að aðferðir sem voru þróaðar og reyndar í svæðisskipulagsgerðinni geti nýst við skipulagsgerð á öðrum svæðum og öðrum skipulagsstigum.</p>

SAMHENGI

LANDFRÆÐILEGT SAMHENGI

Vesturlandi má skipta upp í nokkur undirsvæði sem afmarkast af landslagsþáttum. Snæfellsnes er eitt þessara svæða og sveitarfélögin fimm á svæðinu hafa með sér margvíslega samvinnu. Jafnframt taka þau þátt í samstarfi sem nær yfir Vesturland allt, t.d. á vettvangi SSV, Sorpurðunar Vesturlands ofl. Samstarf Snæfellinga - sveitarfélaga og annarra aðila - nær einnig til annarra svæða. Það fer eftir viðfangsefnum, hvert svæðið er, en sem dæmi má nefna samstarf aðila í ferðaþjónustu við Breiðafjörð, samstarf sveitarfélaga á starfssvæði Breiðafjarðarnefndar, samstarf í NV-kjördæmi ofl.

Vilji sveitarfélaganna stendur til þess að styrkja Snæfellsnes sem samheldið samfélag með aukinni samvinnu á ýmsum sviðum, ekki síst í atvinnumálum, um leið og unnið er með öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi að því að efla landshlutann í heild.

Norðan og sunnan Snæfellsness eru fengsælir flóar, Faxaflói og Breiðafjörður og þangað hafa Snæfellingar sótt björg í bú um aldir. Fiskimiðin skammt undan landi og hlunnindi eyjanna á Breiðafirði eru mikilvæg verðmæti svæðisins, s.s. æðarvarp, þangfjörur, vorkópar, eggjataka og fuglaveiði. Hluti Breiðafjarðar tilheyrir sveitarfélögunum á Snæfellsnesi en svæðisskipulagsáætlun þessi nær ekki til þeirra, þar sem Breiðafjörður er verndarsvæði sem sérlög gilda um. Einnig er í gildi verndaráætlun fyrir svæðið. Áætlunin er í endurskoðun og í þeirri vinnu hafa m.a. komið fram tillögur um að unnið verði svæðisskipulag fyrir Breiðafjarðarsvæðið í heild. Auk þess að vera verndarsvæði hefur Breiðafjörður verið tilgreint af íslenskum stjórnvöldum á yfirlitsskrá UNESCO í flokki menningar- eða náttúruarfleifðar, en á yfirlitsskránni eru þau svæði sem talið er koma til greina að tilnefna á heimsminjaskrá UNESCO.




Landfræðilegt samhengi

SAMHENGI VIÐ BÚSETUÞRÓUN LIÐINNA ÁRA

Síðustu áratugir hafa einkennst af fækkun fólks á landsbyggðinni. Þar er Snæfellsnes ekki undanskilið, þó svæðið hafi að mörgu leyti haldið betur í sitt fólk en ýmis önnur svæði.


Hér sést þróun mannfjölda á svæðinu á tímabilinu 1971-2012.



Þróun mannfjölda á Vesturlandi frá 1971-2012.

Heimild: Hagvísir Vesturlands 2013


Sé litið tvo til þrjá áratugi aftur í tímann kemur í ljós að íbúafækkun er heldur ekki algild og sveiflur hafa verið í íbúapróun, upp á við og niður á við, í einstökum sveitarfélögum.



Mannfjöldi 1971-2012 – vísitala þar sem 1971 er grunnár.
Heimild: Hagvísir Vesturlands 2013, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Áhyggjuefni er hve stór hluti fækkunarinnar, sem orðið hefur á Snæfellsnesi, er úr hópi yngri íbúa. Þannig hafa samfélögin á Snæfellsnesi mörg hver „elst“ mjög hratt. Afleiðingar þess eru að vinnandi höndum fækkar og tekjur dragast hraðar saman heldur en íbúapróunin gefur til kynna.


Fækkun í yngri aldurshópum veldur því einnig að kostnaðarsamara verður að halda úti þjónustu við þá, sérstaklega leik- og grunnskólum. Hagkvæmni stærðarinnar - eða óhagkvæmni smæðarinnar - segir þar til sín.



Meðalaldur á Vesturlandi og á landinu öllu frá 1990-2012.
Heimild: Hagvísir Vesturlands 2013

Fækkun íbúa og fækkun starfa helst í hendur. Íbúafækkun getur verið afleiðing af fækkun starfa, en fækkun starfa getur líka leitt af íbúafækkun, því bæði verður aðgengi fyrirtækja að starfskröftum þá lakara og eins er þekkt að fólk flytji störf sín með sér í burtu.

Aldurstré - 2013 (skyggt) og 2003 gegnsætt




Aldurstré sveitarfélaganna á Snæfellsnesi

Árið 2013 í samanburði við 2003. Heimild: SSV, Hagvísir Vesturlands, desember 2013.

Gegnsæju bjálkarnir á myndunum hér fyrir ofan sýna fækkun í viðkomandi aldurshópum, á árabílinu 2003-2013.

Fjölgun erlendra íbúa á Snæfellsnesi á síðustu árum vegur upp á móti fækkuninni í heild sinni. Ef aðflutningur erlendra íbúa hefði ekki komið til, þá hefði fækkunin verið enn meiri á Snæfellsnesi. Árið 2013 voru erlendir ríkisborgarar 511 af 3.955 íbúum í sveitarfélögunum fimm, eða tæp 13% íbúanna. Það er því full ástæða fyrir Snæfellinga að horfa á þann auð sem felst í erlendum íbúum og velta fyrir sér hvernig hann megi blómstra sem best á svæðinu á komandi árum - ekki síst unga fólkið, sem hér er að alast upp.

Myndin hér til hliðar sýnir fjölda erlendra ríkisborgara í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Í Hagvísir Vesturlands (des. 2013) segir: „Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru 511 útlendingar á Snæfellsnesi árið 2013. [...] Þá urðu ýmsar breytingar á fjölda útlendinga milli ára 2011 og 2012. Það var fjölgun um [...] 46



Fjöldi útlendinga á Vesturlandi 1998-2013.


Heimild: Hagstofa Íslands

(9,9%) íbúa á Snæfellsnesi [...] Á landinu öllu fjölgaði þeim hins vegar um 489 (2,3%).“

Afleiðingar samdráttar í veiddum afla síðustu misserin hafa sagt til sín í sjávarbyggðunum á Snæfellsnesi. Á móti kemur að hærra verð hefur fengist fyrir sjávarafurðir og tekjur sjávarútvegsins hafa því ekki dregist saman sem aflasamdrætti nemur. Alvarlegt ástand í efnahagsmálum á Íslandi er ekki einungis bundið við ríkið og ríkissjóð, heldur einnig sveitarfélögin, sem flest hafa þurft að gæta ýtrasta aðhalds og draga úr rekstrargjöldum sínum. Þau leita einnig leiða til að auka tekjur sínar og laða til sín fólk og fyrirtæki.

Vaxandi þungi hefur verið á aðgerðir af hálfu opinberra aðila, bæði ríkis og sveitarfélaga, um að greiða fyrir nýsköpun eða veita annan stuðning við atvinnuskapandi áætlanir, verkefni og stakar aðgerðir. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa reynt að búa í haginn fyrir atvinnulíf á margvíslegan hátt og fyrirtækin brugðist við eftir bestu getu.

Vilji er til staðar að snúa vörn í sókn og horfa til framtíðartækifæra; til þess hvernig megi nýta margvíslega auðlegð svæðisins og byggja á sérkennum þess. Þannig er leitast við að styrkja grunn sem leitt getur til fjölbreyttari atvinnustarfsemi.



Fyrirliggjandi áætlanir og verkefni

SAMHENGI VIÐ ÝMIS STEFNUSKJÖL OG VERKEFNI

Svæðisskipulagið er samræmingargrundvöllur fyrir gildandi stefnu og fjölmörg fyrri og núverandi verkefni á sviði atvinnu-, umhverfis- og félagsmála, sem unnið er að eða unnið hefur verið að á Snæfellsnesi og Vesturlandi mörg undanfarin ár. Þessi verkefni (sjá heimildaskrá) voru rýnd og flokkuð eftir þeim og viðfangsefnum svæðisskipulagsins

þannig að unnt væri að taka mið af þeim við stefnumótunina. Margir eiga að kannast við fingraförin sín í svæðisskipulagstillögunni þar sem í henni eru dregin saman á einn stað, stefna og hugmyndir sem hafa komið fram í fjölmörgum stefnuskjölum og verkefnum á liðnum árum.

Í umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar er gerð grein fyrir samræmi eða ósamræmi stefnu svæðisskipulagsins við viðeigandi áætlanir.

Samsett aðalskipulag sveitarfélaganna, landnotkun, flákar.

Þéttbýli	Efnistökusvæði	Hafnir	Óbyggð svæði
Íbúðarbyggð	Sorpförgunarsvæði	Landbúnaðarsvæði	Fríðlýst svæði
Miðsvæði	Fristundabyggð	Vatnsból	Náttúruminjaskrá
Verslun og þjónusta	Opin svæði	Ræktað land	Stöðuvatn, tjörn
Þjónustustofnanir	Skógræktar- og landræðslusvæði	Ræktað land, ekki staðfest	
Athafnasvæði	Opin svæði til sérstakra nota	Samfélagsþjónusta, athafnasvæði og landbúnaður	
Iðnaðarsvæði	Flugvellir	Fristundabyggð-opin svæði	

Landnotkunarfákar skv. aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna eins og þær voru í febrúar 2014. Landnotkun innan þéttbýlis ekki sýnd. Fríðlýst svæði og náttúruminjaskrá, góðn frá Umhverfisstofnun. Sveitarfélagamörk og vötn, IS-50 LMI.

Uppdrátturinn er yfirlit/vinnuskjal og er ekki hluti af staðfestri stefnu. Landnotkun sem er táknúð með punktum á aðalskipulagsuppráttum er ekki sýnd. Nákvæmari upplýsingar er að finna í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.



2014-08-11/HB Alta. L:\692\Aðalskipulag\kort\aðalskipulag-snae\ellnes.mxd


Landnotkun - Samsett aðalskipulag sveitarfélaganna


SAMHENGI VIÐ AÐALSKIPULAG

Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna eru aðalverkfærið til að framfylgja stefnu svæðisskipulagsins, en þær voru jafnframt útgangspunktur fyrir stefnumótunina. Almenn stefnumið í aðalskipulagi sem voru samhljóma milli sveitarfélaga eða stefnumið sem gátu átt við fyrir svæðið allt voru færð inn í svæðisskipulagið.

Staða aðalskipulags sveitarfélaganna er þessi:

- Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015, staðfest 8.7.1997.
- Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015, staðfest 8.12.2003 (þéttbýli) og 12.02.2010 (dreifbýli).
- Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024, tillaga auglýst 21.5.2013. Er í lokaafgreiðslu.
- Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022, staðfest 9.7.2002.
- Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020, staðfest 6.10.2014.





Uppbygging svæðisskipulagsins

UPPBYGGING

KAFLASKIPTING

Svæðisskipulagið skiptist í þrjá meginhluta: Framtíðarsýn, grunn og áætlun. Á eftir áætluninni er því lýst hvernig staðið verður að framfylgd hennar.

Gerð er grein fyrir umhverfismati svæðisskipulagstillögunnar í umhverfisskýrslu.

FRAMTÍÐARSÝN

Dregin er upp mynd af því hvað einkennir Snæfellsnes í framtíðinni. Jafnframt er lagður grunnur að sameiginlegri ímynd (vörumerki) fyrir allt Snæfellsnes, sem stefna svæðisskipulagsins stuðli að og sem nýtt verði markvisst í allri markaðssetningu og kynningu fyrir snæfellska vöru, þjónustu og svæðið í heild.

GRUNNUR

Í grunninum er gerð grein fyrir helstu verðmætum og tækifærum sem liggja í umhverfi, menningu og mannaúði Snæfellsness. Dregin eru saman helstu verðmæti og tækifæri Snæfellsness sem fulltrúar í vinnuhópum tilgreindu eða skipulagsráðgjafar lásu út úr ýmsum heimildum. Umfjölluninni er ekki ætlað að vera tæmandi, heldur gefa grófa mynd af því sem svæðið býr yfir. Ítarlegri umfjöllun um umhverfisaðstæður, sögu og menningu svæðisins er að finna í viðauka með verkefnislýsingu.

ÁÆTLUN

Áætlunin sjálf, sem skilgreinir markmið og leiðir að þeim, er sett fram í sex málaflokkum eða þemum.

Þessi þemu byggja á hlutverki svæðisskipulagsins og greiningu á efni frá vinnuhópum.

Hvert þema skiptist upp í nokkur viðfangsefni. Viðfangsefnin eru útfærð með markmiðum og leiðum að þeim.

Markmiðin eru þrennskonar:

- Markmið sem snúa að mótun umhverfis og byggðar (merkt með U), til nánari útfærslu í aðal- og deiliskipulagi og við veitingu framkvæmda- og byggingarleyfa.
- Markmið sem snúa að þróun atvinnustarfsemi (merkt með A), þ.m.t. vöruþróun og þróun opinberrar og einkarekinnar þjónustu við heimamenn og gesti, til nánari útfærslu í fjárhags-, framkvæmda- og verkefnaáætlunum sveitarfélaganna í samvinnu við atvinnulífið, stofnanir og félagasamtök.
- Markmið sem snúa að þekkingu, miðlun og markaðssetningu (merkt með Þ), til nánari útfærslu í fjárhags-, framkvæmda- og verkefnaáætlunum sveitarfélaganna í samvinnu við atvinnulífið, stofnanir og félagasamtök.



		Svæðisskipulag - sóknaráætlun		
		Stefna í skipulagsmálum	Stefna í atvinnumálum	Stefna í fræðslu – og markaðsmálum
TEGUNDIR	MARKMIÐA	U - markmið • mótun umhverfis og byggðar	A – markmið • þróun atvinnustarfsemi	Þ – markmið • þekking, miðlun og markaðssetning
FRAMFYLGD	MARKMIÐA	aðalskipulag deiliskipulag bygginga- og framkvæmdaleyfi	fjárhagsáætlanir framkvæmdaáætlanir verkefnaáætlanir	
Þemu	Lífsgæði			
	Landslag			
	Matur			
	Iðnaður			
	Ferðalag			
	Grunngerð			

Uppbygging stefnu svæðisskipulagsins

VINNUFERLI, SAMRÁÐ, KYNNING OG AFGREIÐSLA

AÐDRAGANDI SVÆÐISSKIPULAGSGERÐAR

Farið var af stað með gerð svæðisskipulags fyrir Snæfellsnes í kjölfar þess að sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi og nokkur félög sem eru samnefnarar í atvinnulífi á svæðinu gerðu með sér samstarfssamning í byrjun mars 2012 um að hefja undirbúning að stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi.

Svæðisgarður er byggðapróunarmódel sem á sér evrópska fyrirmynd og snýst um fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæði sem myndar landslags- og menningarlega heild. Hugmyndin er að með samtakamætti og skýrri sýn megi skerpa á sérstöðu svæðis og efla atvinnulíf og byggð.

Mikilvægt er því að samstarfið byggji á sameiginlegri, heildstæðri sýn um þróun svæðisins m.t.t. auðlinda þess og sérkenna. Svæðisskipulag er verkfæri sem hægt er að nýta í þessum tilgangi og ákváðu sveitarfélögin þess vegna að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Snæfellsnes í nánu samstarfi við fulltrúa úr atvinnulífinu.

ÁFANGAR OG VERKÞÆTTIR VERKEFNISINS

Skipulagsvinnan hófst með skipun svæðisskipulagsnefndar sem hafði yfirumsjón með gerð svæðisskipulagsins. Stýrihópur um svæðisgarðsverkefnið kom að áætlunargerðinni frá upphafi.


Annar áfangi verkefnisins var gerð verkefnislýsingar í samræmi við 23. gr. skipulagslaga þar sem kveðið er á um að við upphaf vinnu við gerð svæðisskipulagstillögu skuli taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð sé grein fyrir áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði og kynningu.

Í lýsingunni var gerð grein fyrir hvernig staðið yrði að svæðis-



skipulagsgerðinni. Íbúum svæðisins og öðrum hagsmunaaðilum gafst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina og helstu forsendur hennar.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti lýsinguna á fundi sínum 30. ágúst 2012. Lýsingin var lögð fyrir sveitarfélögin sem standa að svæðisskipulaginu og síðan send Skipulagsstofnun og völdum aðilum til umsagnar í nóvember 2012, þ.m.t. aðliggjandi sveitarfélögum. Á sama tíma var lýsingin kynnt almenningi með birtingu hennar á vef svæðisgarðsverkefnisins.



Áfangar og verkþættir skipulagsvinnunnar

GAGNA-ÖFLUN	Upplýsingar úr landfræðilegum gagnagrunnum	Upplýsingar úr eldri og nýrri verkefnum	Upplýsingar frá íbúum og ferðamönnum	Upplýsingar úr vettvangsferðum	Upplýsingar frá stofnunum og lykilaðilum	
FLOKKUN OG KORTLAGNING	Landmótun og vatnafar	Lífríki	Atvinnulíf, búseta og landnotkun	Samfélag og menning	Menningarlegar skírskotanir	Landslagsgreining
GREINING OG TÚLKUN	Sérstaða og staðarandi	Áskoranir	Tækifæri	Áherslur		
STEFNUMÓTUN OG UMHV.MAT	Lífsgæði	Landslag	Matur	Iðnaður	Ferðalag	Grunngerð

Verkþættir í 3. og 4. áfanga áætlunargerðarinnar

Vinna við sjálfa tillögugerðina (3. og 4. áfangi) fólst annars vegar í gagnaöflun, kortlagningu, greiningu og túlkun og hins vegar í stefnumótun og umhverfismati.

Greiningar- og stefnumótunarvinnan byggði einkum á:

- Landfræðilegum gögnum sem var safnað saman frá ýmsum stofnunum og heimildum og sett fram á kortaformi til að ná fram heildstæðri mynd af Snæfellsnesi öllu. Kortin voru fyrst kynnt sem Atlas Snæfellsness en síðar gerð aðgengileg í verkfærakistu til að hvetja til skoðunar

þeirra og nýtingar.

- Viðauka með lýsingu svæðisskipulagsverkefnisins þar sem meginráttum í náttúrufari, byggðapróun, menningu og sögu svæðisins er lýst.
- Greiningu á landslagi Snæfellsness, í víðri merkingu orðsins landslags. Þar er Snæfellsnesi skipt upp í nokkur „karaktersvæði“ og hverju þeirra lýst.
- Spurningakönnun var gerð meðal ferðamanna sumarið 2012, um ferðalag þeirra og upplifun af Snæfellsnesi.

- Efni frá fundum þriggja vinnuhópa og með ungu fólki af Snæfellsnesi, sbr. um samráð hér síðar.
- Efni frá fundum svæðisskipulagsnefndar, en þá fundi sátu jafnan fulltrúar í stýrihópi svæðisgarðsverkefnis, m.a. fulltrúar atvinnugreina á svæðinu.
- Heildartillaga var, af hálfu svæðisskipulagsnefndar, kynnt fyrir íbúum. Finna má lýsingu á ferlinu í kafla um kynningu tillögu að svæðisskipulagi.

STARF VINNUHÓPA

Settir voru á fót vinnuhópar um svæðisgarð á Snæfellsnesi í nóvember 2012 til að aðstoða svæðisskipulagsnefnd og stýrihóp svæðisgarðsverkefnisins við að draga fram sérkenni og auðlindir Snæfellsness, tækifærin sem búa í þeim og hvaða áherslur ætti að marka fyrir svæðið. Vinnuhóparnar voru þrjár og í hverjum þeirra sátu 10-15 manns.

Tilgangurinn með skipun hópanna var að fá sjónarmið og hugmyndir sem flestra og því var leitað til fólks úr ýmsum atvinnugreinum og sviðum samfélagsins, hvaðanæva af svæðinu. Það var gert út frá greiningu á hagsmunaaðilum og mögulegum samstarfsaðilum sem tengjast viðfangsefnum svæðisskipulagsins á einn eða annan hátt.

Í hópunum voru fulltrúar bænda, smábáta-eigenda, ferðapjónustu, stéttarfélaga, útgerðar, fiskvinnslu, iðnaðar, listgreina, handverks, veiði, þjóðgarðs, safna, rannsóknar- og þjónustustofnana, skóla o.fl.

Hópunum var ætlað að ræða verðmætasköpun á mismunandi sviðum atvinnulífs og samfélags, s.s. með frekari vöruþróun, nýsköpun, miðlun, fræðslu, rannsóknnum, gæðastýringu, umsjón með landi og auðlindum og stjórnun. Einnig fjölluðu hóparnir um það hvaða verðmætum í umhverfi, sögu og menningu svæðisins ætti að viðhalda og styrkja.

Vinnuhóparnir funduðu í þrjú skipti, frá nóvember 2012 fram í febrúar 2013. Efn

VINNUHÓPAR

SNÆFELLSKUR
náttúruauður



SNÆFELLSKUR
menningarauður



SNÆFELLSKUR
þekkingarauður



Vinnuhópar um svæðisgarð

frá fundunum var tekið gróflega saman í skýrslu sem birt var á vef svæðisgarðs í mars 2012, auk þess sem efniviður fundanna í heild sinni var aðgengilegur vinnuhópum, svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjórnnum á lokuðum vef. Tillögudrög voru jafnframt kynnt fulltrúum sem sátu í vinnuhópunum síðla árs 2013. Ábendingar bárust frá þremur fulltrúum og var unnið úr þeim fyrir kynningu tillögunnar fyrir umsagnaraðilum og almenningi.

FUNDIR MEÐ UNGU FÓLKI

Í lok desember 2012 var haldinn kynningar- og spjallfundur í Grundarfirði með ungu fólki á Snæfellsnesi, í tengslum við svæðisgarðsverkefnið. Markmið fundarins var að fá fram skoðanir þeirra á því hverjir væru helstu kostir þess að alast upp og/eða búa á Snæfellsnesi og hvaða tækifæri ungt fólk sæi í störfum og búsetu þar í framtíðinni. Samantekt af umræðum

fundarins var birt á vef svæðisgarðsverkefnisins, en efniviðurinn var m.a. nýttur í vinnu við mótun stefnu í svæðisskipulaginu.

Sama á við um samantekt af fundi sem haldinn var í byrjun febrúar 2013, en þá hittist annar hópur af ungu fólki af Snæfellsnesi í tengslum við svæðisgarðinn. Sá fundur var haldinn í Reykjavík og var ætlað að ná til þeirra sem þar dvelja við nám eða störf.

ÖNNUR KYNNING OG SAMRÁÐ

Framgangur vinnu við svæðisskipulagið var kynntur á vef svæðisgarðsverkefnisins og á Fésbókarsíðu þess. Gerð voru stutt myndbönd í upphafi vinnunnar til að kynna svæðisgarðsverkefnið og undirritun samstarfs-samnings. Einnig var gert myndband til að skýra ferli og áherslur svæðisskipulags og undirbúning svæðisgarðs. Annað myndband var gert um starf svæðisskipulagsnefndar. Myndböndin voru aðgengileg á svæðisgarðsvef og á Youtube.

Lokaðir fundir voru nokkrir, sérstaklega hugsaðir til að ræða samvinnu og framlag einstakra aðila til verkefnisins og í svæðisskipulagsvinnuna. Sem dæmi má nefna fundi með starfsfólki landshlutasamtaka sveitarfélaga, SSV, með Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, fulltrúum sem standa að hugmynd um jarðvang á Snæfellsnesi, með fulltrúum einstakra atvinnugreina, t.d. var fundað með aðilum úr sjávarútvegi á Snæfellsnesi í september 2012. Fleiri fundi mætti nefna.



Kynningar hafa verið haldnar á fundum hjá sveitarstjórnunum og ístjórnnum og á aðalfundum félagasamtaka sem að svæðisgarðsverkefninu stóðu, einnig á fundi héraðsnefndar þann 16. apríl 2013.

Í júní 2013 buðu svæðisskipulagsnefnd og stýrihópur fulltrúum úr sveitarstjórnnum og skipulagsnefndum á svæðinu, auk skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna, til fundar til að ræða um uppbyggingu og framsetningu skipulagsáætlunarinnar og það tækifæri sem felst í skipulagsgerðinni fyrir sveitarfélögin sameiginlega. Samskonar fundur var haldinn

11. mars 2014, þar sem drög að svæðisskipulagstillögu voru kynnt sömu aðilum. Þar var auk þess rætt um fyrirkomulag kynningar tillögunnar.

Dagana 12. og 13. mars 2014 voru drög að svæðisskipulagstillögu gerð aðgengileg á lokuðum vef og send til umsagnar um 110 aðila á Snæfellsnesi og á landsvísu. Með því var þeim gefinn kostur á að koma að ábendingum eða fyrirspurnum við tillöguna í vinnslu. Sveitarfélögin fimm og nærliggjandi sveitarfélög voru á meðal umsagnaraðila. Þann 16. apríl 2014 var sömu aðilum send umhverfisskýrsla vegna



RÚV 7. maí 2013. Verkefnið var kynnt fyrir á þriðja hundrað manns á Ferðamálaþingi 2013. Þá var fjallað um það í fréttamiðlum á Vesturlandi og skrifaðar greinar í vikublöðin á svæðinu, bæjarblaðið Jökul (Snæfellsbær og Grundarfjörður) og Stykkishólmspóstinn (Stykkishólmur og Helgafellssveit). Greinar og áriðandi auglýsingar í blöðum voru einnig sendar íbúum í Eyja- og Miklaholtshreppi í tölvupósti gegnum oddvita, þar sem ekkert vikublað er borið þar í hús, utan blöð í áskrift.

Verkefnið var einnig kynnt fyrir erlendum aðilum. Norræn skipulagsyfirvöld heimsóttu Snæfellsnes í ágúst 2013 og fengu kynningu á svæðisskipulagsvinnunni og hún var einnig kynnt hjá Samtökum norskra svæðisgarða (Norske parker) á nokkrum fundum.

svæðisskipulagstillögunnar og þeim gefinn frestur til 5. maí að gefa ábendingar eða senda fyrirspurnir. Fundað var sérstaklega með einum þessara umsagnaraðila og fengnar gagnlegar ábendingar vegna tillögunnar. Unnið var úr athugasemdum sem bárust og tillagan þannig breytt kynnt almenningi.

Verkefnið var kynnt á fundum hjá ýmsum félagasamtökum á Snæfellsnesi, ýmist að beiðni þeirra sjálfra eða að frumkvæði stýrihópsfulltrúa eða verkefnisstjóra. Þannig var verkefnið kynnt á fundum hjá fjórum Lionsklúbbum á svæðinu, Soroptimistaklúbbi, Félagi eldri borgara í

Grundarfirði og hjá Emblunum, menningarfélagi í Stykkishólmi. Kynningarfundirnir höfðu létt yfirbragð og voru liður í að kynna svæðisgarð og skipulagsvinnu vegna hans, en jafnframt að fá fram skoðanir fundarmanna. Ábendingar og viðbrögð þátttakenda á slíkum fundum nýttust í vinnu við svæðisskipulagsgerðina. Verkefnið var kynnt á þremur íbúafundum í Grundarfirði, á mismunandi stigum þess.

Svæðisgarðsverkefnið og svæðisskipulagsvinnan vegna þess fékk einnig nokkra kynningu utan svæðisins. Um verkefnið var fjallað í Landanum á RÚV í mars 2012 og í morgunútvarpi

UMSAGNARAÐILAR

Lýsing skipulagsverkefnisins var send eftirtöldum aðilum til umsagnar í nóvember 2012.

Svæðisskipulagstillagan var send sömu aðilum til kynningar og umsagnar dagana 12. og 13. mars 2014 og umhverfisskýrslan þann 16. apríl 2014.

- Áttthagastofa Snæfellsbæjar
- Breiðafjarðarnefnd
- Búnaðarfélag á Snæfellsnesi
- Búnaðarsamtök Vesturlands
- Söfn og setur á Snæfellsnesi: Byggðasafn Snæfellinga, Sögumiðstöðin, Eldfjallasafn, Vatnasafn, Sjávarsafn, Sjómannagarður, Pakkhús, Bjarnarhöfn
- Byggðastofnun
- Félag atvinnulífsins í Grundarfirði, Efling Stykkishólms og Framfarafélag Snæfellsbæjar
- Ferðafélag Snæfellsness
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Ferðamálastofa
- Félag stjórnenda við Breiðafjörð
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga og nemendafélag
- Framkvæmdaráð Snæfellsness
- Grunnskólar á Snæfellsnesi

- Háskólinn á Bifröst
- Íslandsstofa
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Leikskólar á Snæfellsnesi
- Markaðsstofa Vesturlands
- Mátis
- Menningarráð Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Minjavörður Vesturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Vesturlands
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Rannsóknarsetur HÍ á Snæfellsnesi
- Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- SDS, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Skógræktarfélag á Snæfellsnesi
- Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
- Sóknaráætlun Vesturlands
- Sveitarstjórnir/sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi
- Sveitavegurinn, verkefni

- Umhverfisfulltrúi Snæfellsness
- Umhverfisstofnun
- Útvegsmannafélag Snæfellsness
- Vaxtarsamningur Vesturlands
- Vegagerðin
- Verkalýðsfélag Snæfellinga
- Vinir Snæfellsjökuls, Hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Vör - sjávarrannsóknarsetur
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- Þróunarfélag Snæfellinga
- Æðarræktarfélag Snæfellinga

Til kynningar fyrir:

- Alþingismönnum kjördæmisins
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti

FORMLEG KYNNING TILLÖGUNNAR

Eins og fram kom hér að framan var unnið úr athugasemdum sem bárust frá umsagnaraðilum um tillöguna á vinnslustigi, í mars-apríl 2014. Var tillagan þannig breytt kynnt almenningi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, m.a. með því að gera slóð sérstaks svæðisskipulagsvefs opinbera, frá 9. apríl 2014.



Vakin var athygli á tillögnum og vefnum með umfjöllun í fjölmiðlum og á vefsíðum sveitarfélaganna. Einnig með bæklingi sem dreift var til allra heimila og fyrirtækja á Snæfellsnesi dagana 1. - 6. maí 2014. Kynningarfundir (opið hús) voru haldnir á 3 stöðum á Snæfellsnesi 2. maí 2014, þar sem kostur gafst á að kynna sér tillöguna, gera fyrirspurnir og leggja fram athugasemdir eða ábendingar. Fundirnir voru auglýstir í staðar- og héraðsblöðum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 30. apríl 2014, auk þess sem tilkynningar um þá birtust á vefsíðum sveitarfélaganna.

Kynningin stóð til 5. maí 2014.

AUGLÝSING TILLÖGUNNAR

Þegar kynningu lauk og umsagnir höfðu borist var gengið frá svæðisskipulagstillögunni til auglýsingar á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 8. maí 2014. Tillagan var þá lögð fyrir

sveitarstjórnir til samþykktar, sbr. bréf 9. maí 2014 til þeirra. Tillagan var afgreidd af sveitarfélögum í maí og júní 2014, til auglýsingar. Svæðisskipulagsnefnd sendi tillöguna til Skipulagsstofnunar til athugunar þann 12. júní 2014. Í bréfi dags. 9. júlí 2014 tilkynnti stofnunin að hún gerði ekki athugasemdir við að tillagan yrði auglýst. Nýjar sveitarstjórnir tóku við að afloknum kosningum í lok maí. Um sumarið gafst þeim tími til að kynna sér fyrirbyggjandi svæðisskipulagstillögu og í lok ágúst gáfu þær samþykki fyrir því að auglýsingaferli færi af stað.

Svæðisskipulagstillagan, ásamt umhverfisskýrslu, var auglýst í Skessuhorninu 3. september 2014 og í Lögbirtingablaði, Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Stykkishólmspóstinum og bæjarblaðinu Jökli 4. september. Auk þess var hún auglýst á vefsíðum sveitarfélaganna og vef Svæðisgarðsins Snæfellsness.

Tillagan lá frammi til sýnis, frá og með 4. september til og með 20. október 2014, hjá oddvitum Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar og á skrifstofum Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík. Auk þess var tillöguna að finna á vefsíðu Svæðisgarðsins, svaedisgardur.is og vefsíðum sveitarfélaganna.

Frestur til að gera athugasemdir við auglýsta tillögu, skv. 24. gr. skipulagslagslaga, var sá sami og sýningartími tillögunnar og var því vel rúmar þær 6 vikur sem lögin áskilja.

AFGREIÐSLA AÐ AFLOKINNI AUGLÝSINGU

Þegar auglýsingatíma lauk tók svæðisskipulagsnefnd tillöguna til umfjöllunar að nýju. Ekki bárust eiginlegar, formlegar athugasemdir, en ábendingar bárust frá tveimur aðilum og tilkynning barst frá einni stofnun um að ekki væru gerðar athugasemdir við tillöguna. Svæðisskipulagsnefnd tók afstöðu til ábendinganna á fundi sínum þann 14. nóvember 2014 og gerði minniháttar lagfæringar á tillögunni með hliðsjón af þeim, sbr. 25. gr. skipulagslaga. Einnig afgreiddi nefndin tillögu að svæðisskipulagi til sveitarstjórnanna.

Þann 29. nóvember 2014 sendi svæðisskipulagsnefnd sveitarstjórnunum fimm tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt ábendingum sem bárust og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnirnar tóku tillöguna til afgreiðslu og staðfestu hana athugasemdalaust á fundum sem haldnir voru í desember. Nánar tiltekið var tillagan samþykkt á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 4. desember, á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar 11. desember, á fundi hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps 11. desember, á fundi hreppsnefndar Helgafellssveitar 12. desember og á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 15. desember 2014.

Að fengnum tilkynningum sveitarstjórnanna um samþykki svæðisskipulagsins var það sent með fylgigögnum til Skipulagsstofnunar til staðfestingar þann 5. janúar 2015. Þeim



sem sendu ábendingar um tillöguna var með tölvupósti þann 20. janúar 2015 tilkynnt um hvernig farið hefði verið með ábendingar þeirra. Þann 22. janúar 2015 auglýsti svæðisskipulagsnefnd svo niðurstöðu sína í Morgunblaðinu og auglýsing var birt á vefsíðum sveitarfélaganna.

Skipulagsstofnun staðfesti svæðisskipulagið athugasemdalaust og fór undirritun fram þann 24. mars 2015. Í framhaldinu var svæðisskipulagið birt í Stjórnartíðindum.

UMHVERFISMAT

TILGANGUR UMHVERFISMATS

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 voru umhverfisáhrif svæðisskipulags-tillögunnar metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að reynt sé að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif.

MATSLÝSING

Lýsing á nálgun við umhverfismatið var send Skipulagsstofnun til umsagnar í ágúst 2013, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Matslýsingin var jafnframt send til Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Vesturlands til umsagnar og kynnt á vef

svæðisgarðsins, www.svaedisgardur.is þar sem almenningi var boðið að senda inn athugasemdir eða ábendingar um lýsinguna.

Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19.8.2013 og frá Skipulagsstofnun með bréfi dags. 18.9.2013.

Ábendingar sem bárust voru hafðar til hliðsjónar við nánari mótun svæðisskipulagsstefnunnar og við umhverfismat hennar.

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfismatið sjálft er sett fram í umhverfisskýrslu, sem er fylgiskjal með þeirri svæðisskipulagstillögu sem hér birtist.

RÁÐGJAFAR

Ráðgjafarfyritækið Alta (www.alta.is) sá um vinnslu svæðisskipulagsins, undir yfirstjórn svæðisskipulagsnefndar og í samstarfi við stýrihóp svæðisgarðsverkefnisins, síðar framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness.

Faglegur verkefnisstjóri var Matthildur Kr. Elmarsdóttir skipulagsfræðingur en Björg Ágústsdóttir lögfræðingur og verkefnisstjóri MPM sá um umsýslu verkefnisins.



Grunnur


Í þessum hluta áætlunarinnar er gerð grein fyrir meginforsendum svæðisskipulagsins, með því að tilgreina helstu verðmæti sem felast í náttúru, menningu og mannauði svæðisins og fjalla um þau tækifæri sem í þeim verðmætum liggja.

Umfjöllunin hér byggir að miklu leyti á því sem kom fram á samráðsfundum með vinnuhópum, en einnig á rituðum heimildum.


Ítarlegri umfjöllun um forsendur svæðisskipulagsins er að finna í umhverfisskýrslu, sem er fylgiskjal með svæðisskipulaginu.

Efnisyfirlit

- Náttúruauður
- Menningarauður
- Þekkingarauður
- Staðarandi
- Karaktarsvæði



EINKENNI STRANDLÍNU



■ Björg með miklu fuglavarpi

■ Björg með sérkennilegum hraun- og klettamyndunum og fuglavarpi

■ Brattlendi sem gengur nánast í sjó fram

■ Breið sandrif og harðir kambar

■ Flatlend gyllt sandströnd

■ Lág klettótt strönd skorin af sandvíkum

■ Sandströnd sem einkennist af víðáttumiklum leirum

■ Vogskorin strönd með skerjum hölmum og eyjum úti fyrir ströndu

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3

0 2.5 5 10 Kilometers

NÁTTÚRUAUÐUR

HAF OG STRÖND

Verðmæti

Snæfellsnes er umlukið hafi á þrjá vegu. Sjórinn er því alls staðar nálægur með sínu síbreytilega hljómfalli; gjálfri öldunnar í flæðarmálinu og gný haföldunnar úti fyrir. Margbreytileg strandlínan; firðir, vogar, víkur, björg, fjörur, eyjar og sker, bjóða upp á mismunandi tengsl við sjóinn. Upplifunin getur því verið ný á hverjum degi.

Í sjónum eru mikilvægar auðlindir, sbr. umfjöllun um lífríki hér að framan, og hagsæld byggðanna á Snæfellsnesi hefur að miklu leyti byggst á auðlindum sjávarins. Undan ströndinni eru fengsæl fiskimið sem sjófarendur hafa miðað út eftir landmiðum og gefið nöfn, þó staðarákvarðanir í dag séu oftast en ekki langar runur af tölustöfum. Fiskimiðin skammt undan landi eru mikilvæg verðmæti, t.d. miðin í Kolluál og í Faxaflóa út frá Arnarstapa. Sjávaraflinn er fjölbreyttur og sífellt fleiri tegundir og stærri hluti sjávarfangsins er nýttur. Hlunnindi eyjanna á Breiðafirði hafa löngum skipt íbúa þar miklu, s.s. æðarvarp, þangfjörur, vorkópar, eggjataka og fuglaveiði, sbr. matarkistuna Breiðafjörð. Sjórinn býr einnig yfir orku, en sjávarorka er af mörgum talin ein stærsta ónýtta orkulind Íslands. Á hafsbotninum er margbreytilegt landslag sem




býður upp á áhrifaríkar neðansjávarferðir og við náttúruskoðun af sjó má komast í nánd við fjölbreytt fuglalíf í margbreytilegu umhverfi.





Tækifæri

Auðlindir sjávarins eru verðmætar og þær fela í sér margvísleg tækifæri, bein og afleidd. Þær má nýta frekar til ýmiss konar matvælaframleiðslu, í iðnað og handverk, auk þess sem þær eru uppspretta margvíslegra hugverka. Sjávarföll eru ónýtt auðlind á Íslandi

og er Snæfellsnes eitt þeirra svæða sem nefnt hefur verið í sambandi við mögulega nýtingu sjávarorku til rafmagnsframleiðslu. Þá orku mætti til dæmis nota við verkun fiskafurða. Tækifæri eru í ferðaþjónustu þar sem boðið er upp á að gestir taki þátt að hluta eða í öllu ferlinu frá því að sjóferð er undirbúin þangað til vara er fullunnin fyrir markað. Mikil tækifæri eru til náttúruskoðunar, bæði ofan- og neðansjavar.

NÁTTÚRUVERND



 Náttúruverndaráætlun 2004-2008  Svæði á náttúruminjaskrá  Friðlýst svæði  Sérlög um vernd Breiðafjarðar

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3

0 2.5 5 10 Kilometers

Heimild: Umhverfisstofnun



LÍFRÍKI OG VATNAFAR

Verðmæti

Fjölskrúðugt lífríki Snæfellsness tengist fjölbreytni í jarðfræði svæðisins. Samspil berggrunns, jarðvegs og vatnafars skapar mismunandi aðstæður fyrir fugla og plöntur. Fuglalíf er sérstaklega auðugt, t.d. í fjörum og björgum um allt svæðið, í fjörðum að norðanverðu og við vötn, tjarnir og í mýrlendi að sunnanverðu. Lífríki Breiðafjarðar er einnig einstaklega fjölbreytt og Breiðafjörðurinn



var hér áður nefndur matarkista vegna þess hve gjöfull hann er á fisk, skeldýr, æðarfugl og svartfugl o.fl., sbr. umfjöllun um haf og strönd að framan. Sjávargróður er mikill og þar finnast allar fisktegundir sem veiðast við Ísland. Við Snæfellsnes svamla jafnframt hvalir og selir.

Sem dæmi um annað dýralíf á Snæfellsnesi má nefna ref og mink. Stemma þarf stigu við þeim síðarnefnda, sökum þess hve ágengur hann er á aðrar tegundir, einkum fugla. Tvær stórar laxveiðiár eru á Snæfellsnesi; Haffjarðará og Straumfjarðará, auk annarra minni. Einnig eru

mikil silungssvæði á sunnanverðu Snæfellsnesi og má telja þau vannýtta auðlind.

Um 70% íslensku flórunnar finnast á Snæfellsnesi, þar á meðal fjölmargar burknategundir, einstök mosategund (bjargstry) og merkilegur vatnagróður. Þykkur mosi þekur hraun og blómjurtir vaxa í bollum og gjótum. Strandgróður er fjölskrúðugur víða og í tærum tjörnum má finna litskrúðuga þörungna. Lyngmóar eru útbreiddir og víða góð berjalönd.

JARÐVEGSFLOKKUN



Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



Heimild: Ólafur Arnalds & Hlynur Óskarsson, 2009.

Grunnvatn er verðmæt auðlind, en það er að finna í mismiklum mæli eftir svæðum á Snæfellsnesi, þar sem fjölbreyttur berggrunnur skilar sér í nokkuð mismunandi vatnafari. Þó er gnægð af ferskvatni að finna á mestöllu svæðinu og neysluvatn almennt talið gott.

Jarðhiti er ekki algengur á Snæfellsnesi en hefur þó fundist á nokkrum stöðum. Í Helgafellssveit hafa fundist a.m.k. fjögur jarðhitakerfi og frá árinu 2000 hefur heita vatnið þar verið nýtt til hitaveitu í Stykkishólmi og hluta Helgafellssveitar. Vatn úr borholu við Hofstaði hefur einstaka efnasamsetningu sem hefur hlotið vottun af Institut Fresenius í Þýskalandi. Vatnið þykir sérstaklega gott, einna helst við stoðkerfasjúkdómum, á psoriasis og exem. Vatnsins má njóta í heitu pottunum við sundlaug Stykkishólms.

Við Laugasker í Kolgrafafirði hafa tilraunaboranir leitt í ljós 80°C heitt vatn. Heitar laugar eru við Ytri Rauðamel og Kolviðarnes (Laugargerði) og volgrur eru í Kerlingarskarði. Í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur víða verið borað eftir heitu vatni og hefur það m.a. fundist í landi Kolviðarness, Eiðhúsa og Lynghaga. Á Lýsuhóli í Staðarsveit hefur hiti vatns mælst 57 gráður en kolsýrublandað vatn rennur úr einni holunni.


Snæfellsnes er vel þekkt fyrir ölkelduvatn sem þar er að finna. Vitað er um ölkeldur á a.m.k. 20 stöðum og þekktastar eru Rauðamelsölkelda, Ölkelda í Staðarsveit, heit ölkelda á Lýsuhóli og á Ölkeldubotnum í Fróðárdal. Heitt ölkelduvatn



beint úr jörðu er í Lýsuhólslaug en það er mjög steinefnaríkt og talið afar hollt og græðandi.

Ítarlegri umfjöllun um lífríki og vatnafar Snæfellsness er að finna í umhverfisskýrslu.

VATNAFAR



- | | | |
|---------------------------|--------------------------------------|------------------------------|
| ● Laugasker, Berserkseyri | — Á, lækur | ■ Jöklar með grunnvatni |
| ● Lindir | ■ Stöðuvatn, tjörn | ■ Lindár af hriplekum svæðum |
| ⬡ Foss | ■ Jarðvegs- og setmiðlun á hálendi | ■ Lindár af treglekum svæðum |
| ● Uppspretta | ■ Jarðvegsmiðlaðar dragár á láglendi | ■ Snjómiðlaðar dragár |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



Heimild: Freysteinn Sigurðsson o.fl., 2006.



Tækifæri

Fulltrúar í vinnuhópum bentu á þrjú möguleg svið til verðmætasköpunar tengdri lífríki og vatnafari Snæfellsness: matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og rannsóknir.

Fjölbreytt hráefni svæðisins, hvort heldur er úr sjó, ferskvatni eða af landi, býður upp á þróun nýrra matvara, frekari vinnslu og eflingu þeirrar matvælavinnslu sem fyrir er. Ýmiss konar fisktegundir og annað sjávarfang, s.s. þara og söl, mætti nýta frekar, svo og fisk úr ám og vötnum. „Heilbrigði“ sjávarins við Snæfellsnes byggir á góðri umgengni við auðlindir og samfélögin hafa þegar sýnt frumkvæði og ábyrgð, sbr. vernd


Breiðafjarðar og umhverfsvottun Snæfellsness, og vilja til að halda áfram á þeirri braut.








Skoða mætti möguleika þess að nýta vatnsauðlindir svæðisins til fiskeldis. Þá mætti mögulega þróa nýjar vörur úr jurtum af svæðinu. Slík nýting þyrfti öll að gerast með sjálfbærum hætti. Möguleikar til markaðssetningar á matvælum af svæðinu eru góðir m.t.t. gæða hráefnis, umhverfis og hreinleika-ímyndar svæðisins. Færa má fyrir því rök, að þetta til samans geti verið með mestu tækifærum svæðisins og að þróa mætti vörumerki og sýnilegan „bakgrunn“, sem byggði á fjölbreytileika og hreinleika í náttúru og umhverfi.

Miklir möguleikar liggja í þróun frekari ferðaþjónustu tengdri lífríki og vatnafari svæðisins. Hægt er að bjóða upp á fugla-skoðunarferðir, gróðurskoðunarferðir, hvala-skoðunarferðir og selaskoðunarferðir og almennar náttúruskoðunarferðir - hvort heldur sem er gangandi, hjólandi, akandi eða siglandi - undir leiðsögn heimamanna eða annarra.

Snæfellsnes er kjörinn vettvangur fyrir margs konar náttúrufarsrannsóknir og mikilvægt er að afla frekari þekkingar á lífríki svæðisins, m.t.t. verndargildis, umgengni við náttúruna og skynsamlegrar og ábyrgrar nýtingar auðlinda.

BERGGRUNNUR



- | | |
|---|--|
|  Basísk og ísúr hraun. Eftir ísöld, forsöguleg, eldri en 1100 ára |  Basískt og ísúrt gosberg og settlög. Síð-plíósen og frá fyrri hluta ísaldar, 0.8-3.3 milljón ára |
|  Súrt gosberg. Tertíer og frá ísöld, eldra en 11.000 ára |  Basískt og ísúrt gosberg og settlög. Síð-tertiér, eldra en 3.3 milljón ára |
|  Basísk og ísúr hraunlög (grágrýti) og settlög. Frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0.8 milljón ára |  Basískt og ísúrt innskotsberg, gabbró, dólerít og díórít |
|  Basískt og ísúrt móberg, bólstraberg og settlög. Frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0.8 milljón ára |  Súrt innskotsberg, líparít, granófyr og granít |
|  Settlög frá nútíma | |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



Heimild: Haukur Jóhannesson & Kristján Sæmundsson, 2009.



JARÐFRÆÐI

Verðmæti

Jarðfræði Snæfellsness spannar nær alla jarðsögu Íslands og er því óvenju fjölbreytt á ekki stærra svæði. Þar hafa eldvirkni og roföfl mótað áhrifaríkt og einstakt landslag. Jarðlög sem ýmist mynduðust á hlýskeyði eða jökulskeyði hafa rofist af vindum, vötnum og jöklum og eftir sitja fjölbreytt landslagsform og stórkostlegar jarðmyndanir: formfögur fjöll og hrikalegur fjallgarður; úfin og slétt hraun; eldgígar, eldrásir, eldvörp, gjóskugígar, gjallgígar og gígtappar; fagurmyndað stuðlaberg og merkileg setlög; margir hellar og sérstæðar kúlumyndanir; ljósir sandar og svartar malarstendur; ölduhryggur, sjávarkambur, björg og klettur. Jökli klædd eldkeilan Snæfellskjökull er síðan samnefni svæðisins.

Ítarlegri umfjöllun um jarðfræði Snæfellsness er að finna í umhverfisskýrslu.

Tækifæri


Þessi ótrúlega fjölbreytni landslagsins skapar ævintýrlega umgjörð um daglegt líf íbúa sem þeir kunna vel að meta eins og kom fram á fundum með ungu fólki og vinnuhópum.

Unga fólkið lýsti t.d. nálægð við sjóinn og fjöllin og tilfinningu fyrir orku og frelsi sem einum af meginkostunum við að búa á Snæfellsnesi.

Sami tónn hljómaði hjá fulltrúum í vinnuhópum þegar rætt var um möguleg einkunnarorð Snæfellsness og verðmæti og tækifæri svæðisins. Tækifæri tengd jarðfræði voru meðal annars talin liggja á sviði ferðaþjónustu og fræðimennsku, ekki síst í tengslum við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul sem nær yfir landslagsheildina umhverfis Jökulinn.


Sérstæð jarðfræði Snæfellsness er fóður í sterka ímynd svæðisins, sem nýst getur á margvíslegan hátt, fyrir fyrirtæki og samfélagið í heild. Tækifæri til verðmætasköpunar á þessum grunni gætu t.d. legið í viðurkenningu á svæðinu, að hluta til eða í heild, sem geopark hjá neti evrópskra jarðvanga (European Geoparks Network). Þá er Eldfjallasafnið í Stykkishólmi vísir sem byggja má á til að laða að vísindamenn og þróa jarðferðamennsku (geo-tourism) þar sem áhersla er á að læra um jarðfræði og landmótunarferli og að geta lesið jarðsöguna úr landslaginu. Jarðfræði og landslag svæðisins er líka kjörinn vettvangur fyrir annarskonar áhugasvið eins og fjallgöngur og klettlífur, auk þess að skapa töfrandi umgjörð um hverskonar útivist og ferðalög. Fjölbreytt jarðfræði Snæfellsness gefur einnig ýmiss konar jarðefni sem þarf að ganga vel um og nýta af varkárni þannig að merkilegar jarðminjar skaðist ekki.

JARÐFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ



- ▲ Formfögur/stök fjöll
- Dyngjuhvírfill frá nútíma
- * Gígur frá nútíma
- Gossprunga, gígur frá nútíma
- Misgengi frá nútíma
- ▨ Sýnileg hraun
- Vesturlandsbrotakerfið
- Virkt eldstöðvakerfi
- Útkulnað eldstöðvakerfi

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





HIMINN OG VEÐUR

Verðmæti

Líkt og hafið sem umlykur Snæfellsnes, býður himinninn upp á margvíslega umgjörð eftir veðri og árstímum, en veðrabrigði á Snæfellsnesi geta einnig verið mikil frá einum degi til annars og einum stað til annars. Rokið á Snæfellsnesi en frægt, en það minnir á krafta náttúrunnar og getur falið í sér magnþrungna upplifun. Að sama skapi eru litir hafsins breytilegir eftir veðri

og vindum, en þeir gefa landinu jafnan bláa umgjörð, sem margir telja einkennandi fyrir Snæfellsnes.


Tækifæri

Líkt og norðurljós, geta veðrabrigði og marbreytilegt skýjafar haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn og þá sem eru öðru vanir. Þar sem Snæfellsnes er opið á haf út eru víða góðar aðstæður til að njóta sólarupprásar og sólarlags

að sumri og stjörnuhimins og norðurljósa að vetri. Nálægð við höfuðborgarsvæðið, þar sem meiri hluti landsmanna býr og þangað sem flestir erlendir ferðamenn koma, gefur möguleika á að markaðssetja Snæfellsnes enn frekar fyrir stuttar sumar- og vetrarferðir.


Einnig gætu legið tækifæri í að beisla vindorkuna, til raforkuframleiðslu.

ÍSLENDINGASÖGUR OG LANDNÁMSBÆIR



- | | | | |
|--|------------------------|------------------|------------------|
| ● Bárðar saga Snæfellsáss | ● Eyrbyggja | ● Heiðarvígásaga | ● Víglundar saga |
| ● Eiríks saga rauða / Grænlandingasaga | ● Gísla saga Súrssonar | ● Laxdæla | ● Landnáma |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



MENNINGARAUÐUR

SÖGUPRÆÐIR SNÆFELLSNESS


Verðmæti

Byggð á Snæfellsnesi á sér sögu allt aftur til landnáms en samkvæmt Landnámu nam Björn Austræni Bjarnarhöfn, Þórólfur Mostraskegg Helgafell og Sel-Þórir Ytri-Rauðamel. Þeir þóttu göfugastir landnámsmanna á Snæfellsnesi en landnámsbæir dreifðust um allt svæðið. Auk þess er talið að Ari fróði hafi ritað Íslendingabók á Staðastað og að hann hafi átt stóran þátt í smíðum Landnámu.

Margir staðir á Snæfellsnesi tengjast Íslendingasögum og er helst að nefna sögustaði Eyrbyggju á norðanverðu nesinu og Bárðar Snæfellsáss vestan Fróðárheiðar. Aðrar Íslendingasögur sem teygja anga sína til Snæfellsness eru t.d. Gísla saga Súrssonar, Heiðarvígasaga, Víglundarsaga og Laxdæla. Þá er merk kona úr Íslandssögunni, Guðríður Þorbjarnardóttir, fædd að Laugarbrekku á Hellnum um 980, en hún var merkur landkönnuður og talin ein víðförlasta kona heims á hennar tíma.



MENNINGARARFUR // ÞJÓÐSÖGUR



- 🏠 Söfn og samkomuhús
- 🏠 Friðuð hús
- 👁️ Saga sjósóknar
- Þjóðsögur
- ▲ Fornsögur
- Merkar persónur

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





Enn fleiri staðir tengjast þjóðsögum og ýmiss konar sögnum. Slíkar sögur eru gjarnan tengdar ferðaleiðum og landslagsformum. Til dæmis eru margar sögur tengdar leiðinni yfir Fróðárheiði, yfir Vatnaheiði og eftir strönd útnessins. Þetta „ósýnilega landslag“ getur gert ferðir um Snæfellsnes enn áhrifaríkari en ella, ef upplýsingum um það er komið á framfæri, ýmist með góðri leiðsögn eða aðgengilegu rit-, hljóð- eða myndefni.

Útgerðarsaga Snæfellinga þræðir alla strandlínu Snæfellsness, enda er alls staðar stutt á fiskimið eða landmið eins og miðin næst landi kölluðust. Fyrir á öldum var útræði, verstöðvar og verslunarhafnir víða og þekktar eru

gamlar verbúðar-, skreiðar- og verslunarleiðir. Blómatíma útræðis og verbúða lauk með tilkomu vélbátanna sem kröfðust annars konar lendingar. Útgerð og verslun þjappaðist saman og þéttbýli myndaðist, þar sem sjávarútvegur er enn í dag kjölfesta atvinnulífsins. Þekking Snæfellinga á auðlindum sjávar, veiðum og fiskvinnslu er því mikil, eins og fjallað er um í kafla um þekkingarauð.


Í langri búnaðarsögu á Snæfellsnesi býr einnig þekking á auðlindum landsins, nýtingu þeirra og gömlum og nýjum starfsháttum. Landbúnaður er ennþá aðalatvinnugreinin á sunnanverðu Snæfellsnesi en á því norðanverðu er hann fyrst og fremst stundaður í Eyrarsveit og

Helgafellssveit.

Þekking, reynsla og hefðir tengdar nýtingu hráefna úr sjó og af landi til matar, eru því verðmæti sem svæðið og íbúar þess búa yfir. Sama gildir um gamlar og nýjar sögur af sjómönnum og bændum.

Snæfellsnes hefur einmitt alið marga merkismenn og -konur og verið innblástur listamanna í myndlist, ljóðlist og ritlist. Nefna má Halldór Laxness, Jules Verne, Jónas Hallgrímsson, Sigurð Breiðfjörð, Steingrím Thorsteinsson, Margréti Jónsdóttur, Guðmund Bergþórsson og Þórð frá Dagverðará.

MENNINGARARFUR // SAGA SJÓSÓKNAR



● Verslunarhöfn ● Verstöð ● Útræði

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3







Erlend áhrif á Snæfellsnesi eru margvísleg og saga útlendinga nær allt fram á okkar daga. Á tímum einokunarinnar voru löggiltir verslunarstaðir að Búðum, Stapa, Rifi, Grundarfirði og Kumbaravogi og í Stykkishólmi. Þar versluðu aðallega Danir, en líka Svíar, sem og Íslendingar. Englendingar versluðu á Rifi, eins og víðar á Íslandi, í óþökk Dana. Björn ríki Þorleifsson, hirðstjóri, barðist gegn ólöglegri verslun Englendinga og var felldur þegar sló í bardaga við Englendingana, sem frægt er, þar sem nú er kallað Englendingavík á Rifi. Þar er

einnig Björnssteinn. Elstu heimildir um verslun í Stykkishólmi greina frá þýskum kaupmanni, Carstein Bache, sem þar fékk leyfi til verslunar. Annars eru dönsk áhrif mjög sýnileg í Stykkishólmi. Þau má einkum rekja til þess að á 18. og 19. öld og framanverðri 20. öld höfðu þar aðsetur bæði kaupmenn og embættismenn, t.d. sýslumenn og læknar, sem flestir voru danskir eða danskmenntaðir. Árni Thorlacius kaupmaður lét reisa „Norska húsið“ sem


íverustað fjölskyldu sinnar. Nafngiftin stafar af því að viður hússins var fluttur inn, tilhöggvinn, frá Noregi. Húsið hefur verið endurbyggt í upprunalegri mynd og þar er nú Byggðasafn Snæfellinga. St. Fransiskussystur settust að í Stykkishólmi, héldu þar klaustur og byggðu sjúkrahús og barnaheimili, sem þær ráku um áratuga skeið. Á 19. öldinni stunduðu Frakkar

MATUR



-  Lax/silungur
-  Hafnir og fiskmarkaður
-  Sjávarfang
-  Akuryrkja
-  Býflugnarækt
-  Endur
-  Geitur
-  Hross
-  Hænur
-  Kýr
-  Sauðfé
-  Veitinga- og kaffihús með mat úr heimabyggð

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





fiskveiðar og gerðu út frá Grundarfirði og mynduðu litla byggð á Grundarkampi. Hennar sér þó lítil merki í dag. Margir Færeyingar komu hingað til lands á árunum milli 1950 og 1960. Þeir stunduðu hér sjóinn og gegndu störfum í fiskvinnslu. Margir þeirra settu sig niður í Ólafsvík og þegar flest var þar, voru þeir um 120.


Ríkri sögu Snæfellsness tengjast fjölmargar fornleifar. Talsvert vantar þó upp á heildstætt

yfirlit yfir fornminjar á svæðinu. Fornleifar hafa verið skráðar á einstökum svæðum eða í tengslum við tilteknar framkvæmdir, eins og vegagerð. Þannig liggja fyrir skrár, t.d. fyrir land Grundarfjarðarbæjar, Innri Kóngsbakka í Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, fyrir Fagurey á Breiðafirði, Stakkhamar og Borgarholt í Eyja- og Miklaholtshreppi, Arnarstapa, Hellnar og

Ólafsvík í Snæfellsbæ og vegna Útnesvegjar og Mávahlíðarrífs. Mikilvægt er að ljúka við fornleifaskráningu á öllu svæðinu.

Ítarlegri umfjöllun um búsetu, samfélag og menningu á Snæfellsnesi er að finna í umhverfisskýrslu.

MENNINGARARFUR // MERKAR PERSÓNUR



- | | | | |
|---------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|-------------------------------------|
| ○ Ari fróði Þorgilsson | ○ Helga Halldórsdóttir frá Dagverðará | ○ Magnús Á. Árnason | ○ Sölvi Helgason (Sólun Islandus) |
| ○ Björgúlfur A. Ólafsson læknir | ○ Jules Verne | ○ Margrét Guðjónsdóttir frá Dalsmynni | ○ Vatnsenda-Rósa |
| ○ Dr. Jón Stefánsson | ○ Jóhann Jónsson skáld | ○ Margrét Jónsdóttir | ○ W.G. Collingwood |
| ○ ERRÓ | ○ Jóhannes Kjarval | ○ Sigurður Breiðfjörð | ○ Séra Árni Þórarinsson |
| ○ Guðríður Þorbjarnardóttir | ○ Jónas Hallgrímsson | ○ Guðmundur Bergþórsson | ○ Þórarinn Eldjárn |
| ○ Halldór Kiljan Laxness | ○ Kristófer Kólumbus | ○ Steingrímur Thorsteinsson | ○ Þórður Halldórsson frá Dagverðará |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





Tækifæri

Innan þess söguefnis sem tilgreint er að framan, þ.e. sögu landnáms á Snæfellsnesi, Íslendingasagna, þjóðsagna, útgerðarsögu, búnaðarsögu og sögu útlendinga, merkismana og listafólks, má finna marga þræði sem hægt er að nýta, t.d. við að þróa viðburði og söguferðir eða þemaferðir um svæðið; til að skapa einstökum svæðum ákveðna sérstöðu; eða til að nota sem innblástur fyrir þróun nýrrar matvöru, handverks eða annarrar framleiðslu. Sagan er líka efniviður í sterka ímynd Snæfellsness.

MENNINGARLÍF


Verðmæti

Íþrótt- og menningarstarfsemi er í miklum blóma á Snæfellsnesi. Tónlistarskólar og bóka-söfn eru starfrækt á helstu þéttbýlisstöðunum og Stórsveit Snæfellsness, lúðrasveit ungs fólks, hefur starfað frá haustinu 2012.

Í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi eru starfandi leikfélög og á Rífi var árið 2010 stofnað atvinnuleikhús, kennt við Frystiklefann. Aðstaða til íþróttaiðkunar er góð og mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár. Íþróttahús, sundlaugar og íþróttavelli má finna í öllum stærstu þéttbýliskjörnunum og á nokkrum stöðum í dreifbýlinu.

Áður tíðkaðist að hver hreppur hefði sitt samkomuhús og eru mörg þeirra enn í notkun sem félagsheimili íbúanna eða að þau eru nýtt

FRIDUÐ HÚS OG EYÐIBÝLI



FRIDUÐ HÚS OG EYÐIBÝLI

× Eyðibýli á Snæfellsnesi ■ Friðuð hús á Snæfellsnesi

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3

0 2.5 5 10 Kilometers



fyrir einkasamkvæmi. Þau geyma sögu og minningar og gefa möguleika á ýmiss konar menningarstarfsemi. Kirkjur hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki sem samkomustaðir fólks í gegnum tíðina. Samkomustaðir voru þó ekki bundnir við byggingar og eru fjölmörg dæmi um áningarstaði þar sem fólk kom saman. Einn þeirra er Hraunflöt við Selvallavatn þar sem haldin voru héraðsmót í íþróttum í kringum 1940.


Helstu söfnin á Snæfellsnesi eru Sjóminjasafnið á Hellissandi, Pakkhúsið og Sjávarsafnið í Ólafsvík, Hákarlasafn í Bjarnarhöfn og Norska




húsið sem hýsir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Einnig má nefna Eldfjallasafnið og Vatnasafnið í Stykkishólmi. Á svæðinu eru einnig nokkur gallerí og handverksmarkaðir. Aðrar menningarstofnanir eða -setur eru t.d. Átthagastofa Snæfellsbæjar og Sögumiðstöðin í Grundarfirði. Átthagastofan hefur það hlutverk að efla samkennd í samfélaginu, gera íbúa meðvitaða og upplýsta um ágæti svæðisins og þau tækifæri sem í því felast. Í þeim tilgangi hefur verið unnið að ýmsum uppbyggjandi samfélagsverkefnum, þ.m.t. haldin námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur, fundir og sýningar sem

varða samfélagið og eflingu þess. Hlutverk Sögumiðstöðvarinnar í Grundarfirði breyttist á árinu 2013, en felst í að vera menningar- og samfélagsmiðstöð, þar sem áhersla er lögð á sögulegan fróðleik og minjar um það hvernig þorp varð til.

Ýmsir árlegir viðburðir eru haldnir á Snæfellsnesi, t.d. kvikmyndahátíðin Northern Wave sem orðin er árviss viðburður í Grundarfirði, raftónlistarhátíð á Hellissandi, sögu- og bókahátíðin Júlíana í Stykkishólmi, auk bæjarhátíða.

SAMKOMUHÚS



 Samkomuhús  Söfn og sýningarsvæði  Friðuð hús á Snæfellsnesi

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



Fjölbreytt flóra áhugamannafélaga starfar á Snæfellsnesi sem of langt mál væri að telja upp. Menningarstarf birtist í ýmsum myndum. Í Staðarsveit hafa Sögufylgjur hist reglulega (veturinn 2013-2014) en hlutverk þeirra er að safna sögum af svæðinu og halda til haga, í því skyni að nýta í leiðsögn fyrir gesti um svæðið. Bókaklúbbur og leshringir starfa á svæðinu og í Grundarfirði og Stykkishólmi er í boði þorpsrölt fyrir gesti.

Tækifæri

Þegar fólk velur sér stað til búsetu horfir það ekki eingöngu til atvinnutækifæra heldur einnig til menningarlífs, þ.m.t. skóla, aðstöðu til íþróttaiðkunar og þátttöku í félagsstarfi. Það er því mikilvægt að stuðla að blómstrandi menningarlífi og Snæfellsnes hefur þar góðan grunn að byggja á. Til að efla menningarlíf enn frekar væri hægt að auka samstarf menningarstofnana og félaga á sviði menningarmála og kynna vel hvað Snæfellsnesið hefur upp á að bjóða í þessu tilliti. Hluti af slíku yfirliti gæti verið listi yfir húsæði sem nýta mætti til ýmiss konar sköpunar, einskona menningarhús eða menningarmiðstöðvar, sbr. t.d. gömlu samkomuhúsin eða önnur hús sem eru lítið eða ekki nýtt. Fyrir menningarlífið skiptir aðgengi að listnámi líka máli og þar getur Fjölbrautaskóli Snæfellinga haft hlutverki að gegna.

Markviss uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu, þar sem sagnaarfur og lifandi strandmenning er kjölfesta, getur skilað meiri



tekjum inn á svæðið um leið og það styrkir menningarlíf íbúa. Halda ætti áfram með þau verkefni sem þegar er unnið að, s.s. Sveitavegin og Sögufylgjur, en söfn, ferðaþjónustuaðilar og aðrir áhugasamir gætu líka sameinast um verkefni sem tengja saman sýningu og ferðaleið. Efla mætti núverandi menningarhátíðir og þróa nýjar sem draga fram sögu og sérkenni

svæðisins. Skráning á fornleifum og rannsóknir á þeim eru mikilvægar til að auka þekkingu á menningarminjum svæðisins og möguleikum sem í þeim búa.

ÞEKKINGARAUÐUR

SKÓLAR OG RANNSÓKNARSETUR

Verðmæti

Á Snæfellsnesi eru starfræktir skólar á öllum stigum nema háskólastigi. Leikskólar eru í Grundarfirði, Stykkishólmi, Ólafsvík, á Hellissandi og í Laugargerði. Í Lýsuhólsskóla er starfrækt félagsstarf yngri barna. Grunnskóli Snæfellsbæjar er rekinn á þremur stöðum; í Ólafsvík, á Hellissandi og Lýsuhóli í Staðarsveit. Grunnskólarnir í Grundarfirði og Stykkishólmi þjóna einnig nærliggjandi sveitum en Laugargerðisskóli þjónar börnum í Eyja- og Miklaholtshreppi. Allir grunnskólarnir hafa sett sér markmið eða skólastefnu. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, sem er með aðalstöðvar á Hellissandi, þjónustar skólana á svæðinu nema Laugargerðisskóla.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur verið starfræktur í Grundarfirði síðan árið 2004. Hann býður nám á nokkrum brautum. Skólinn sér nemendum fyrir undirstöðupekkingu í kjarnagreinum, upplýsingatækni og listgreinum með það að markmiði að auka áhuga nemenda til áframhaldandi náms. Skólinn býður dreifnám fyrir nemendur sem ekki eiga þess kost að sækja skólann daglega.

Áttahagafræðslu er gert hátt undir höfði á Snæfellsnesi. Grunnskólinn í Snæfellsbæ hefur þar rutt brautina, ásamt Áttthagastofu Snæfellsbæjar, sem leitast við að hafa gott samstarf við leikskóla og grunnskóla í Snæfellsbæ. Tónlistarskólar eru starfræktir í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi og Laugargerði. Nokkur mikilvæg rannsóknarsetur eru á Snæfellsnesi þar sem einkum eru stundaðar rannsóknir á náttúru Snæfellsness og vistfræði Breiðafjarðar. Í Stykkishólmi er Rannsóknarsetur Háskóla Íslands og Náttúrustofa Vesturlands, í Ólafsvík er Vör Sjávarrannsóknarsetur rekið af einkaaðilum og þar er einnig útibú Hafrannsóknarstofnunar. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun



í matvælaíðnaði og líftækni. Matís opnaði starfsstöð í Grundarfirði árið 2012, en starfsemin hefur þó legið niðri síðan 2013. Matís hefur leitað leiða til að hefja á ný starf á svæðinu.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur starfsmann í Ólafsvík og aðstöðu í Áttthagastofu, auk þess að hafa fasta aðstöðu fyrir námskeið í Grundarfirði og Stykkishólmi. Miðstöðin hefur verið rekin frá árinu 1999, en að henni standa sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi. Markmið Símenntunarmiðstöðvarinnar er að efla og Náttúrustofa Vesturlands, í Ólafsvík er Vör Sjávarrannsóknarsetur rekið af einkaaðilum og þar er einnig útibú Hafrannsóknarstofnunar. Vör hefur þjónað Fjölbrautaskóla Snæfellinga og útvegað aðstöðu og kennslu í náttúrufræðum (2013-2014). Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í

matvælaíðnaði og líftækni. Matís opnaði starfsstöð í Grundarfirði árið 2012, en starfsemin hefur þó legið niðri síðan 2013. Matís hefur leitað leiða til að hefja á ný starf á svæðinu.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur starfsmann í Ólafsvík og aðstöðu í Átthagastofu, auk þess að hafa fasta aðstöðu fyrir námskeið í Grundarfirði og Stykkishólmi. Miðstöðin hefur verið rekin frá árinu 1999, en að henni standa sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi. Markmið Símenntunarmiðstöðvarinnar er að efla og styrkja atvinnulíf og samfélag með því að standa fyrir ýmiss konar námskeiðum og fræðslu, auk náms- og starfsráðgjafar og ráðgjafar og greiningar á fræðsluþörf fyrirtækja á svæðinu.

Tækifæri

Átthagafræðsla í skólum Snæfellsbæjar og átthagakennsla einstakra áfanga í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, eru fyrirmyndir sem nýta má á svæðinu. Auk þess má nýta gögn sem aðgengileg eru í VERKFÆRAKISTU Snæfellinga og styrkja þannig kennslu um auðlindir og sérkenni Snæfellsness á öllum skólastigum og auka áhuga ungs fólks á tækifærunum sem svæðið býður.

Auka mætti samvinnu rannsóknarsetra innan svæðisins og samvinnu þeirra við atvinnulífið í þeim tilgangi að styðja við þróun og nýsköpun í þeim greinum sem vaxtarmöguleikar eru í á Snæfellsnesi. Mörg setranna hafa það einmitt að markmiði. Rannsóknarsetrin eru mikilvæg leið til að fá ungt fólk með sérfræðimenntun til að flytja heim aftur, en líka til að örva ungt fólk til að sækja sér menntun. Miðla mætti niðurstöðum rannsókna frekar og auka samvinnu, t.d. við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, í þeim tilgangi að auka almenna þekkingu á svæðinu og möguleikum þess.







MANNAUÐUR OG VERKÞEKking

Verðmæti

Á Snæfellsnesi er að finna fólk með mikla þekkingu í grunnatvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði. Þekking á útgerð, veiðum, fiskvinnslu, netagerð og markaðsmálum byggir á langri sögu. Sama má segja um þekkingu í landbúnaði, bæði sauðfjárrækt og kúabúskap.

Þekking íbúa á heimahögum sínum, sögu þeirra og náttúru, er líka mikilvæg auðlind. Nýta þarf þekkingu sem e.t.v. er á undanhaldi; verkþekkingu fólks og þekkingu á gömlu handverki, hjá þeim sem geta kennt áhugasömum. Á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi er verðmæt sérfræðiþekking sem mikilsvert er að halda í svo og hjá rannsóknarsetrum svæðisins.

Ekki má gleyma að 13% íbúanna á Snæfellsnesi eru erlendir ríkisborgarar. Í þeim býr líka mikil þekking, sem bæði snertir bakgrunn

fólks og menntun, en einnig þekkingu þess - sem aðkomufólks - og reynslu, af samfélögunum á Snæfellsnesi.

Tækifæri

Byggja þarf áfram ofan á þá miklu reynslu og þekkingu í sjávarútvegi og nýtingu sjávarauðlinda sem fyrir hendi er á svæðinu. Aukin samvinna á milli sveitarfélaga, atvinnulífsins og rannsóknarsetra getur hjálpað þar til.

Standa mætti fyrir námskeiðum, t.d. í gegnum Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Átthagastofu Snæfellsbæjar, Byggðasafnið eða sambærilega aðila, um gamla verkþekkingu, gamalt handverk og sögur af svæðinu til að skila þekkingu áfram frá einni kynslóð til annarrar.

SAMSTARF OG FÉLÖG

Verðmæti

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa nú þegar með sér margskonar samstarf, einnig við önnur sveitarfélög á Vesturlandi, auk samstarfs við atvinnulífið. Snæfellingar búa að reynslu af þessu samstarfi og geta nýtt sér hana við frekari mótun samstarfs um svæðisgarð.

- Samstarf sveitarfélaga á Snæfellsnesi fer m.a. fram í gegnum Héraðsnefnd Snæfellinga, Framkvæmdaráð Snæfellsness, umhverfivottun sveitarfélaganna, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, Jeratún ehf. og Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Fleira mætti nefna.
- Samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi fer m.a. fram í gegnum Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV-Þróun og ráðgjöf, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Menningarráð Vesturlands, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Sorpurðun Vesturlands hf. og fleira mætti nefna. Sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa haft með sér samstarf á grunni laga um vernd Breiðafjarðar.
- Fjöldmörg félög og samtök eru starfandi á Snæfellsnesi. Sum þeirra hafa samstarf, milli byggðarlaga og yfir svæðið. Nefna má Héraðssamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýsu (HSH) og samstarf íþróttafélaga eða -deilda á svæðinu.
- Einstakar atvinnugreinar og -hópar hafa samstarf á svæðisvísu. Ferðamálasamtök Snæfellsness eru dæmi um það. Einnig Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi, Útvegsmannafélag Snæfellsness, Félag stjórnenda við Breiðafjörð (áður Verkstjórafélag á svæðinu, stéttarfélag), Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, og fleira mætti nefna.

- Þróunarfélag Snæfellsness hefur starfað síðan 2011, en til þess var stofnað af fyrirtækjum og einstaklingum á Snæfellsnesi. Það starfar „á breiðum grunni að framþróun og eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga á Snæfellsnesi“.
- Vinir Snæfellsjökuls eru nýleg hollvinasamtök Þjóðgarðsins og vilja þau beita áhrifum sínum til að efla samkennd um mikilvægi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls fyrir nærliggjandi byggðir og alla landsmenn. Auk þess vilja þau efla skilning umheimsins á mikilvægi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og einstakri náttúru hans á heimsvísu, eins og segir í yfirlýsingu samtakanna.

Tækifæri

Fjöldmörg tækifæri felast í auknu samstarfi á svæðinu, einkum milli ólíkra atvinnugreina og milli sveitarfélaga og atvinnulífs. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er m.a. stofnaður til að vera vettvangur þessara aðila, um samstarf til langs tíma og á grunni sameiginlega markaðrar framtíðarsýnar. Það gerir samstarfið markvisst og viðráðanlegt, til lengri tíma litið.

Fulltrúar í vinnhópum bentu á að meiri samvinna milli norðanverðs og sunnanverðs Snæfellsness á ýmsum sviðum gæti skilað betri árangri.



STAÐARANDI SNÆFELLSNESS

UM STAÐARANDA

Til þess að lýsa upplifun sinni af tilteknum stað talar fólk gjarnan um að andinn hafi verið þess eða hinn. Andinn vísar þá til þeirra tilfinninga sem fólk upplifði eða áhrifa sem það varð fyrir á staðnum. Þau áhrif geta stafað frá umhverfinu jafnt sem mannfólkinu. Þau verða til jafnt út frá hljóði, lykt og bragði sem sýn, snertingu og samskiptum. Þannig upplifum við staði í gegnum öll skynfæri okkar. Því sterkari sem upplifunin er, því skýrari verður mynd staðarins í huga okkar og þar með ímynd hans. Því jákvæðari sem upplifunin er því líklegri er að við viljum heimsækja staðinn aftur.

En staðarandi er ekki einungis til í hugum gesta, hann er ekki síður lýsing á þeim tengslum sem heimamenn hafa við áttþaga sína. Því sterkari tengsl, þeim mun skýrari sjálfsmýnd íbúa og samfélagsins. Það eru þessi tengsl sem gestir vilja gjarnan kynnast og fá að upplifa. Ferðalangar leita eftir því sem er „ekta“ og sérkennandi fyrir viðkomandi stað.

Í staðarandanum felast því verðmæti og til að nýta þau er mikilvægt að geta lýst honum og miðlað með fjölbreyttum en - að einhverju leyti - samræmdum hætti.

Tækfærin sem liggja í staðaranda svæða eru yfirleitt ekki bara á sviði ferðaþjónustu heldur má einnig nýta verðmætin í staðarandanum á öðrum sviðum, eins og í vörubrúun og markaðssetningu á handverki eða matvælum. Sterkur staðarandi getur líka laðað að nýja íbúa.

STAÐARANDI SNÆFELLSNESS

Staðarandi Snæfellsness mótast einkum af Snæfellsjökli, andstæðum og fjölbreytileika í umhverfinu og sterkum tengslum við sjóinn.




Snæfellsjökull

Snæfellsjökull er 1446 m hár og er oft kallaður konungur íslenskra fjalla. Hann var lengi talinn hæsta fjall landsins því hann gnæfir yfir byggðunum í kring og sést víða að frá landi og sjó, þar sem hann trónir við enda fjallgarðsins sem klýfur Snæfellsnes í suður- og norðursvæði.

Snæfellsjökull er blanda af eldi og ís, hörku og dulúð. Hann er virk eldkeila sem hefur hlaðist upp í mörgum hraun- og sprengigosum. Toppgígurinn er um 200 metra djúpur, fullur af ís og girtur íshörmum. Hæstu hlutar hans eru þrjár þúfur á barmi gígskálarinnar, kallaðar Jökulþúfur og er Miðþúfan þeirra hæst. Jökullinn hefur minnkað á undanförunum árum. Hlíðar jökulsins eru einkar fallegar og víða fléttast hraunið í reipum niður hlíðarnar. Síðast gaus í jöklinum fyrir um 1800 árum og var það stórgos.

Sagt er frá því í Bárðar sögu Snæfellsáss að Bárður, fyrsti landnámsmaðurinn á Snæfellsnesi, hafi gefist upp á samneyti

við fólk og að lokum gengið í Jökulinn. Upp frá því gerðist hann verndari svæðisins. Jökullinn hefur lengi verið skáldum, rithöfundum og öðrum listamönnum yrkisefni og sem dæmi má nefna söguna um ferðina að miðju jarðar í bókinni Leynardómar Snæfellsjökuls (1864) eftir franska rithöfundinn Jules Verne. Sumir finna sterk áhrif frá Jöklinum og telja að hann sé ein af stærstu orkustöðvum jarðar. Margir heimamenn byrja og enda daginn á að horfa til Jökulsins. Hvers vegna? Kannski vegna þess sem Halldór Kiljan Laxness lýsti svo í Kristnihaldi undir Jökli: „Jökullinn forklárast á vissum tíma dags í sérstakri birtu og stendur í gullbjarma með stóru geislamagni og allt verður auðvirðilegt nema hann.“



Andstæður og fjölbreytileiki

Fjölbreytileikinn og andstæður í umhverfinu birtast t.d. í:

- Hæðarlegu: Hálendi og láglandi; fjöllum og strönd.
- Byggðamynstri: Byggð og óbyggð; sveitum, sjávarþorpum og óbyggðu fjalllendi.
- Rýmum: Víðáttu og þrengslum; sjávarfleti, fjörðum, dölum og opnum sveitum.
- Yfirborðsefnum: Söndum, hrauni, grjóti og gróðri.
- Mynstri: Hrikaleika, mýkt, hrjúfri áferð og sléttri.
- Litum: Dökkum litum og ljósum; birtu og myrkri, svörtu hrauni og hvítum söndum; rauðum leir og gulum mosa.
- Veðurfari: Sterkum veðrabrigðum; hvassviðri og logni; sjólagi, sjávarstöðu og skýjafari.
- Vatnafari: Þurrlandi, votlendi; strandsjó, fjallalækjum og ölkelduvatni.
- Jarðfræði: Jökli, eldstöðvum, fjöllum, björgum, hellum, hrauni og grjóti.

- Fuglalífi: Mófuglum, ránfuglum, votlendisfuglum og sjófuglum.

Sambúð við sjóinn

Sterk tengsl við sjóinn í nútíð og fortíð birtast t.d. í:

- Lifandi strandmenningu í sjávarþorpum, útvegsbæjum og sveitum við strönd.
- Fjölda minja og staða sem tengjast útræði og nýtingu sjávarauðlinda, s.s. verbúðum.
- Minjum og stöðum tengdum merkri verslunarsögu.
- Gömlum leiðum tengdum atvinnusögunni, s.s. vermannaleiðum, skreiðarleiðum, póstleiðum, kirkjuleiðum, Norðlingaleið.
- Minjum, stöðum og leiðum tengdum sögum um búsetu við sjóinn og í nálægð við kraftmikla náttúru; Íslendingasögum, þjóðsögum, sögum af álfum og huldufólki eða einstökum sögupersónum, skáldum eða öðrum listamönnum.

KARAKTERSVÆÐI

UM LANDSLAGSGREININGU

Einn grunnur að mótun stefnu svæðisskipulagsins var landslagsgreining, byggð á breskri aðferðafræði sem kallast "Landscape Character Assessment". Út frá greiningunni var Snæfellsnesi skipt upp í 13 „karaktersvæði“ eða landslagseiningar sem síðar var fækkað í 6 eftir samráð við heimamenn. Hverju svæði var lýst þannig að dregin voru fram sérkenni þess og um leið fékkst yfirlit yfir einkenni Snæfellsness sem heildar. Upplýsingar um svæðin sköpuðu umræðugrundvöll fyrir starf vinnuhópa um svæðisgarð og svæðisskipulagsnefndar, um verðmæti, tækifæri og áherslur við mótun stefnu.

SVÆÐISSKIPTING


Uppskipting Snæfellsness í landslagseiningar sýnir vel fjölbreytni svæðisins og möguleika á að styrkja enn frekar fjölbreytnina, með því að vinna með sérkenni hvers svæðis við umhverfismótun, þróun atvinnulífs, kynningu og markaðssetningu.



SNÆFELLSNES - 13 KARAKTERSVÆÐI

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3

0 3.75 7.5 15 Kilometers



SNÆFELLSNES – 6 KARAKTERSVAÐI

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3

Framtíðarsýn

Í þessum hluta áætlunarinnar er sett fram langtíma framtíðarsýn fyrir Snæfellsnes og gerð grein fyrir uppbyggingu ímyndar Snæfellsness, þannig að svæðið verði sterkt vörumerki.

FRAMTÍÐARMYND AF SNÆFELLSNESI

Á Snæfellsnesi þekkja íbúar og virða einstakan náttúru- og menningararf, nýta hann og viðhalda honum, með áherslum í byggðaþróun, atvinnustarfsemi, skóla- og rannsóknarstarfi og daglegu lífi. Svæðið er því eftirsótt til búsetu og ferðalaga og „Snæfellsnes“ er sterkt vörumerki.

Framtíðarmyndin lýsir í einni málsgrein því sem samstarfi sveitarfélaganna og atvinnulífsins er ætlað að snúast um. Ætlunin er að samstarfið ýti undir að atvinnulífið, þekkingargeirinn og samfélagið nýti sér þau verðmæti sem felast í náttúru- og menningarauði Snæfellsness og að byggðin og umhverfismótunin taki mið af honum; svæðinu og samfélaginu til framdráttar. Svæðisskipulagið er verkfæri til að stuðla að þessu.

ÍMYND SNÆFELLSNESS

AÐ MARKA SVÆÐI

„Mörkun svæðis“ er íslensk þýðing á „Place branding“ eða „Regional branding“. Hugmyndin á bak við „branding“ er sú að með því að draga fram sérkenni og sérstöðu svæðis (eða borgar, bæjar eða staðar) og vinna markvisst að því að móta og styrkja sjálfsmynd íbúa og ímynd svæðisins, megi laða að ferðamenn, fyrirtæki og nýja íbúa og þannig standast betur samkeppni um fólk og fjármagn.


Slík mörkun hefur einkum verið notuð í tengslum við þróun og markaðssetningu ferðamannastaða og -svæða. Í æ ríkari mæli er hún þó sett í samhengi við byggðaþróun almennt. Með því að horfa ekki einungis til fjölgunar ferðamanna heldur almennt til þess hvernig megi örva atvinnulífið, t.d. með því að auka eftirspurn eftir staðbundinni framleiðslu og ýta undir vörubróun á ýmsum sviðum, hefur „branding“ fengið víðari tilgang.

TENGL MÖRKUNAR SVÆÐA OG SKIPULAGS

Í „branding“ felst í stórum dráttum að: Skilgreina sérstöðuna eða ímyndina sem vinna á að; marka framtíðarsýn og stefnu um hvernig unnið skuli að henni; gera áætlun um hvernig ímyndinni verður miðlað; ákveða hvernig stjórnun og fjármögnun verður háttað; hanna vörumerki fyrir vörur og þjónustu og setja reglur um notkun þess.

Eins og lýst er í kafla um áherslur gekk svæðisskipulagsvinnan einmitt út á þetta, þ.e. að greina sérkenni og staðaranda, móta framtíðarsýn og setja fram stefnu. Stefnan miðar að því að skerpa ímynd Snæfellsness og sjálfsmýnd Snæfellinga með því að skilgreina hvernig unnið verði með sérkenni svæðisins við mótun umhverfis og byggðar, þróun atvinnustarfsemi og eflingu þekkingar og miðlunar. Þannig er stuðlað að því að Snæfellsnes, svæðið sjálft, verði sterkt vörumerki („brand“). Á grunni stefnu svæðisskipulagsins er gert ráð fyrir stofnun svæðisgarðs sem mun, með aðilum á svæðinu, vinna að framfylgd stefnunnar, þróun vörumerkis fyrir vörur og þjónustu, miðlun og markaðssetningu.

Hér er sett fram tillaga að skilgreiningu á ímynd Snæfellsness/ vörumerkinu Snæfellsnesi sem gert er ráð fyrir að verði þróuð áfram í samvinnu sveitarfélaga og atvinnulífs. Skilgreiningin skiptist í þrennt: lykilorð og lykilsvið, lykilsvæði og lykiltákn Snæfellsness. Á grunni þessarar greiningar verði ímynd Snæfellsness þróuð áfram, þ.m.t. merki sem framleiðendur og þjónustuaðilar á svæðinu geta notað til að auðkenna vöru sína og þjónustu sem er í anda ímynda Snæfellsness.



Skerping ímynda Snæfellsness út frá sérkennum og staðaranda

LYKILSVIÐ OG LYKILORÐ SNÆFELLSNESS

Mikilvægt er að sameinast um lykilorð sem lýsa vel þeirri mynd sem sveitarstjórnir í samvinnu við atvinnulífið, ferðamálasamtök og íbúa vilja draga upp af svæðinu. Orðin eiga að lýsa staðarandanum sem best, þ.e. hvað einkennir svæðið, hverjir eru styrkleikar þess, hvaða sögur það segir og hvað er hægt að upplifa þar. Orðin eru notuð sem stef við þróun vöru og þjónustu, kynningu og markaðssetningu.

Með því að sameinast um lýsingu á anda Snæfellsness er stuðlað að góðum skilningi heimamanna á mikilvægi og tækifærum sem felast í sérkennum svæðisins og möguleikum á að vinna með þau, svæðinu til hagsbóta. Aðrir fá um leið skýrari mynd í kollinn af svæðinu og hvað þangað er að sækja. Þannig er reynt að hafa jákvæð áhrif á orðspor svæðisins og ímynd þess í hugum fólks, um leið og sjálfsmynd íbúa og sýn þeirra á svæðið er dregin fram og styrkt. Stefna svæðisskipulagsins miðar síðan öll að því að styrkja þessa ímynd.

Lykilorð fyrir Snæfellsnes verði þróuð áfram með íbúum og fulltrúum atvinnulífsins út frá eftirfarandi lykilsviðum og orðaskýjum.

Orðin byggja fyrst og fremst á lýsingum heimamanna sem komu fram á fundum með vinnuhópum og ungu fólki og í eldra verkefni um tækifæri tengd Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Orðin byggja jafnframt á spurningakönnun meðal ferðamanna á Snæfellsnesi sumarið 2012, viðauka með lýsingu svæðisskipulagsverkefnisins, drögum að landslagsgreiningu Snæfellsness, ýmsum eldri verkefnum og heimildum.

Orðaskýin draga upp þrjú lykilsvið sem lögð verði áhersla á að draga fram í öllu kynningarefni og markaðssetningu: strandmenningu, upplifun og jarðfræði.

SNÆFELLSK STRANDMENNING: LIFANDI, FJÖLBREYTT OG MEÐ DJÚPAR RÆTUR

Allt sem viðkemur sambýli við sjóinn og nýtingu auðlinda við strendur og í hafi, er sérkennandi fyrir samfélagið á Snæfellsnesi.

Orðin lýsa verðmætum, sérkennum og sögu svæðisins að því er snýr að strandmenningu þess.



Snæfellsk strandmenning

SNÆFELLSK UPPLIFUN: KRAFTMIKIL, NÆRANDI OG Í NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN

Snæfellsnes býður upp á óvenju fjölbreytta og magnaða upplifun, sem að miklu leyti skýrist af margbreytileika landslagsins, en einnig af veðurfari, búsetumynstri og mannlífi.

Í skýinu eru orð sem heimamenn sjálfir nota til að lýsa átthögunum; tengslum sínum við þá og það sem þeir hafa að bjóða.

SNÆFELLSK UPPLIFUN KRAFTMIKIL, NÆRANDI OG Í NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN

Sérstætt – Stórbrotið – Einstakt
Sterk nærvera Snæfellsjökuls
Andstæður – Fjölbreytni – Sibreytileiki
Drungalegt – Hrikalegt – Ögnvekjandi
Ægífagurt – Náttúruparadis – Ósnortið – Villt – Óbyggt
Afskekkt – Aðgengilegt
Viðáttur sjávar – Prengsli fjarða, dala og skarða
Þorpsstemning – Sveitalíf – Bæjarlíf
Dulmagnað – Kynngimagnað – Draugalegt
Ævintýralegt – Töfrandi – Seiðmagnað
Orkugefandi – Magnþrungið – Kraftmikið
Veðurhamur – Vindkraftar – Sterk veðrabrigði
Sjávarlykt – Ölkeldulykt – Grasilmur – Illmur af lyngi
Náttúruhljóð – Sjávarniður – Brim – Þögn
Friður – Ró – Frelsi – Innblástur
Návígi – Samstaða – Frumkvæði
Spor sögunnar – Tengsl við náttúru
Birta – Myrkur – Norðurljós – Stjörnur
Litabrigði – Litafjölbreytni
Óþrjótandi
Orkustöð

SNÆFELLSK JARÐFRÆÐI: ÍSLAND Í HNOTSKURN

Úr landslagi Snæfellsness má lesa nær alla jarðsögu Íslands. Svæðið er því kjörinn vettvangur fyrir jarðfræðiferðamennsku og fræðaferðir, en einnig ferðamennsku sem býður upp á ævintýralega upplifun í sérstöku landslagi.

SNÆFELLSK JARÐFRÆÐI ÍSLAND Í HNOTSKURN

Vasabókarútgáfa – Litla Ísland
Jarðmyndanir allra tímabila jarðsögu Íslands
Eldkeilan Snæfellsjökull
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Eldstöðvakerfi – Ljósufjöll – Lýsuskarð – Snæfellsjökull
Nýtt land – Ungt land – Náttúruundur
Blágrýti – Móberg – Hraun – Gjóskuberg – Djúpberg
Fjallgarður – Stök fjöll – Formfögur fjöll – Brött fjöll
Hellar – Hraunreipi – Jökulminjar – Jökulberg – Eldvörp – Setmyndanir
Drápuhlíðarfjall – Kerlingarfjall – Búlandshöfði
Kirkjufell – Helgafell – Vatnafell
Berserkjahraun – Svelgsárhraun – Purkhólahraun – Búðahraun
Klettar – Björg – Drangar – Brunnar
Áhrif á jarðveg, vatnafar og lífríki:
Jarðhiti – Heitar laugar – Ölkelduvatn
Tjarnir – Mýrar – Heiðavötn – Fjallavötn
Mólendi – Mosi – Kjarr – Burknað
Fjallalækir – Litlir fossar
Fjölbreytt fuglalíf
Samspil við landnýtingu og mannlíf

Snæfellsk jarðfræði

Snæfellsk upplifun

LYKILSVÆÐI SNÆFELLSNESS

Auk þess að þróa og kynna líf og starf á Snæfellsnesi - ferðapjónustu, aðra þjónustu, matvæli og aðrar vörur - út frá lykilsviðum og lykilorðum, verði unnið út frá karaktersvæðum. Hvert svæði fyrir sig verði markað („brandað“) út frá sínum sérkennum og sögu.

LYKILTÁKNMYNDIR SNÆFELLSNESS

Snæfellsjökull er ótvírætt tákn Snæfellsness og beinast liggur við að nota hann sem eina helstu táknmynd Snæfellsness.

Önnur tákn, fengin úr landslagi og náttúru, sem nýta má við markaðssetningu, eru t.d. Lóndrangar, umhverfi Arnarstapahafnar, Djúpalónssteinar, Kirkjufell, Helgafell, Drápuhlíðarfjall, Súgandisey, Kerlingin í Kerlingarskarði og eyjar og sker Breiðafjarðar.

Úr sögu og menningu má t.d. nefna Bárð Snæfellsás og Guðríði Þorbjarnardóttur.

Þorskurinn er sömuleiðis sterkt tákn sjósóknar og útvegs, og getur jafnframt táknað þrautseigju vermannna sem gerðu út við erfiðar aðstæður.





ÁÆTLUN TIL SÓKNAR

STYRKING STAÐARANDA OG UPPBYGGING VÖRUMERKIS

Svæðisskipulagsáætlunin miðar að því að styrkja staðaranda Snæfellsness. Hún ýtir undir það að unnið sé út frá sérkennum svæðisins við mótun umhverfis og byggðar, þróun atvinnustarfsemi og uppbyggingu þekkingar, við miðlun og markaðssetningu. Með því er stuðlað að því að Snæfellsnes verði sterkt vörumerki.

HEILDSTÆÐ SÝN Á MÁLAFLOKKA OG VIÐFANGSEFNI

Skilgreind eru 6 þemu sem mörkuð er stefna um. Hvert þema nær til nokkurra viðfangsefna. Sett eru fram meginmarkmið fyrir hvert þema sem skilgreina um leið viðfangsefni þess þema. Viðfangsefni eru útfærð með markmiðum og leiðum að þeim.

Þemu svæðisskipulagsins eru:

- snæfellsk LÍFSGÆÐI
- snæfellskt LANDSLAG
- snæfellskur MATUR
- snæfellskur IÐNAÐUR
- snæfellskt FERÐALAG
- snæfellsk GRUNNGERÐ

ÞEMU		
snæfellsk LÍFSGÆÐI	Búsetuskilyrði	Skólar
	Menningarlíf	Lýðheilsa
snæfellskt LANDSLAG	Þjóðgarður	Líffræðileg fjölbr.
	Jarðfræðileg fjölbr.	Sveitir og bæir
snæfellskur MATUR	Matarmenning	Landbúnaðarvörur
	Sjávarfang	Annað hráefni
snæfellskur IÐNAÐUR	Upplýsingaiðnaður	Framleiðsluiðnaður
	Skapandi greinar	Mannvirkjagerð
snæfellskt FERÐALAG	Staðarandi, gæði	Ferðaleiðir
	Lykilþemu	Grunngerð
snæfellsk GRUNNGERÐ	Vegir, stígar, alm.samg.	Fjarskipti, veitur
	Hafnir, flugvellir	Stjórnun

Þau sex þemu sem mörkuð er stefna um



Áætlun eftir þemum

Í þessum hluta áætlunarinnar er stefna svæðisskipulagsins birt eftir þemum. Um uppbygginguna má lesa nánar í inngangskaflanum „Um svæðisskipulagsáætlunina“.

Lífsgæði

- Búsetuskilyrði og atvinnulíf
- Menningarlíf og menningararfur
- Skólar
- Lýðheilsa

Landslag

- Þjóðgarður
- Jarðfræðileg fjölbreytni
- Líffræðileg fjölbreytni
- Landslag sveita og bæja

Matur

- Matarmenning
- Sjávarfang

- Landbúnaðarvörur
- Annað hráefni

Iðnaður og skapandi greinar

- Skapandi greinar
- Framleiðsluiðnaður
- Mannvirkjagerð

Ferðalag


- Staðarandi og gæði
- Lykilþemu ferðamennsku, ferðaleiðir og áfangastaðir
- Grunngerð ferðaþjónustunnar

Grunngerð og stjórnun

- Vegir
- Stígar og leiðir
- Hafnir
- Flugvellir

- Almenningsamgöngur
- Fjarskipti
- Veitur og orkuöflun
- Endurnýting og förgun úrgangs
- Stjórnun

BÚSETUSKILYRÐI OG ATVINNULÍF



- Stofnvegur
- Rólegur ferðamannavegur
- Göngu- og reiðleið
- Lykilþjónustustaðir í dreifbýli
- Tengivegur
- Hjólaleið
- Reiðleið
- Lykilþjónustustaðir í þéttbýli

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



LÍFSGÆÐI

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSK LÍFSGÆÐI

Á Snæfellsnesi verði góð og samkeppnishæf búsetuskilyrði með öflugum atvinnulífi, sem nýtir verðmæti og sérkenni Snæfellsness með sjálfbærum hætti og af samfélagslegri ábyrgð. Lífandi menningarlíf og framúrskarandi aðstæður fyrir heilbrigði og vellíðan laði að nýja íbúa og gesti.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

BÚSETUSKILYRÐI OG ATVINNULÍF

Markmið

U1 Byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best um leið og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn.

Leiðir að markmiði

U1.1 Móta þetta og lágreista byggð í þéttbýli sem tekur mið af landslagi, fyllir í eyður í götulínum og nýtir vel gatna- og lagnakerfi sem fyrir eru.

U1.2 Fegra götur og önnur almenningsrými í þéttbýli og byggja upp aðlaðandi útivistarsvæði og net göngu- og hjólaleiða í þéttbýli og dreifbýli.



U1.3 Marka í aðalskipulagi, stefnu um byggð í sveitum sem tekur mið af möguleikum til fjölbreytts atvinnulífs þar, s.s. búskapar, ferðaþjónustu, skógræktar, grænmetisræktunar, smáidnaðar, matvælaframleiðslu, handverks og fjarvinnslu.

U1.4 Merkja sögulegar byggingar, minjar og markverða staði í þéttbýli og dreifbýli. Taka upp samræmdar merkningar á svæðinu eða innan hvers „karaktersvæðis“.

Markmið

U2 Miðbærir þéttbýlisstaðanna styrkist sem aðalsamkomustaðir íbúa.

Leiðir að markmiði

U2.1 Afmarka miðbæi vel og skýra og fegra aðkomu inn í þá.

U2.2 Fjölga skjólgóðum áningarstöðum með gróðri, bekkjum eða annarri aðstöðu til áningar og samveru. Leggja áherslu á vandaða hönnun og umhverfisfrágang á götum og gangstéttum, t.d. með hellulögn, gróðri og lýsingu, úr efnum af svæðinu eða sem hafa tilvísun í einkenni þess.

Markmið

U3 Landbúnaður, ferðaþjónusta og útivist sé ráðandi landnýting í dreifbýli.

Leiðir að markmiði

- U3.1 Viðhalda ræktuðu landi og landi sem hentar vel til ræktunar og beitar, en gera jafnframt ráð fyrir möguleika á frekari framþróun og nýsköpun á býlum, t.d. framleiðslu úr auðlindum svæðisins eða út frá sérkennum þess. Sem dæmi um auðlindir má nefna ber, jurtir, ölkelduvatn og þörungar.
- U3.2 Skilgreina í aðalskipulagi, vegakerfi, göngu- og reiðleiðir og áningarstaði, á grunni greiningar og stefnu þessa svæðisskipulags. Sjá einnig stefnu og skýringarkort fyrir FERÐALAG og GRUNNGERÐ.
- U3.3 Skilgreina í aðalskipulagi, lykilþjónusta- staði í dreifbýli, á grunni greiningar og stefnu þessa svæðisskipulags. Þangað verði beint stærri ferðaþjónustueiningum og samfélagsþjónustu fyrir dreifbýli.

Markmið

- U4 Nýting vatns, jarðefna, gróðurs og annarra náttúruauðlinda sé með sjálfbærum hætti.**

Leiðir að markmiði

- U4.1 Ljúka heildstæðri kortlagningu á vatnsríkum grunnvatnssvæðum, lindum,

ölkeldum, nýtanlegum jarðefnum og plöntum og marka stefnu um nýtingu og verndun á grunni þess.

Markmið

- A1 Snæfellsnes verði eitt atvinnusvæði. Atvinnulífið einkennist af fjölbreyttri starfsemi þar sem áhersla er lögð á að skapa aukin verðmæti úr sérkennum og auðlindum svæðisins, beita gæða- og umhverfisstjórnun, sýna samfélagsábyrgð og efla samvinnu atvinnulífs og sveitarfélaga á Snæfellsnesi.**

Leiðir að markmiði

- A1.1 Efla stuðningskerfi atvinnulífsins, fjar- skipti og samgöngur. Sjá stefnu um GRUNNGERÐ.
- A1.2 Draga fram þau verðmæti sem felast í landslagi Snæfellsness og standa vel að nýtingu þeirra og verndun. Sjá stefnu um LANDSLAG.
- A1.3 Efla þekkingu á gæða- og umhverfisstjórnun og samfélagsábyrgð. Sjá þ-markmið fyrir öll ÞEMU.
- A1.4 Hvetja til vörupróunar og aukinnar vermætasköpunar í matvælaframleiðslu. Sjá stefnu um MAT.
- A1.5 Styrkja hefðbundnar og óhefðbundnar iðngreinar. Sjá stefnu um IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.

A1.6 Þróa áfram ferðaþjónustu sem nýtir enn frekar þau fjölmörgu tækifæri sem svæðið býður. Sjá stefnu um FERÐALAG.

A1.7 Koma á fót samstarfsneti og samstarfs- verkefnum. Sjá stefnu um GRUNNGERÐ.

Markmið

- Þ1 Almenn þekking á umhverfi og sögu Snæfellsness aukist og íbúar og fyrirtæki grípi í auknum mæli þau tækifæri sem búa í svæðinu.**

Leiðir að markmiði

- Þ1.1 Miðla upplýsingum um náttúru-, menningar- og þekkingarauð svæðisins á sameiginlegum vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins (hér eftir kallaður SNÆFELLSNESVEFURINN – www.snaefellsnes.is).
- Þ1.2 Auðvelda atvinnugreinum að nýta auð svæðisins með þróun VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA, sem verði hluti af SNÆFELLSNESVEFNUM. Þar verði að finna kort, myndir og texta sem nýta má við þróun vöru og þjónustu, kynningar, markaðssetningu og verðmætasköpun í víðum skilningi þess orðs (sjá um breiða verðmætasköpun í kafla um ÁHERSLUR). Í kistunni verði einnig hugmyndabanki um vörur og þjónustu.
- Þ1.3 Halda kynningar og námskeið um hvernig mismunandi atvinnugreinar geta nýtt sér verkfærakistuna.



Þ1.4 Stuðla að auknu samstarfi þekkingarsetra á Snæfellsnesi um rannsóknir á náttúru- og menningarauði svæðisins og nýtingu hans.

Þ1.5 Sjá einnig stefnu um skólastarf aftar.

Markmið

Þ2 Sjálfsmynd samfélagsins á Snæfellsnesi sem einnar heildar styrkist og kostir þess að búa þar verði vel þekktir.

Leiðir að markmiði

Þ2.1 Útbúa kynningarefni um Snæfellsnes sem góðan stað til búsetu. Þar verði m.a. lögð áhersla á kosti þess að búa í litlu samfélagi þar sem vegalengdir eru stuttar, tengsl við náttúruna náin, öryggi og frelsi barna mikið.

Þ2.2 Setja fram yfirlit yfir þjónustu á svæðinu á SNÆFELLSNESVEFNUM og uppfæra reglulega.


Þ2.3 Efla samvinnu allra aðila í samfélaginu

með virku tengslaneti, gagnvirku upplýsingastreymi og hvatningu.

Þ2.4 Skapa aðstöðu á völdum stöðum þar sem einstaklingar og hópar geta hist til að auka þekkingu sína, vinna að uppbyggjandi verkefnum og efla menningu og menntun á svæðinu, að fyrirmynd Áttthagastofu Snæfellsbæjar.

Þ2.5 Halda reglulega sýningu þar sem fyrirtæki á Snæfellsnesi kynna starfsemi sína hvert fyrir öðru og hvernig þau vinna með auðlindir og sérkenni Snæfellsness.

MENNINGARLÍF OG MENNINGARARFUR



- 🏠 Söfn og samkomuhús
- 🏠 Friðuð hús
- 👁️ Saga sjósóknar
- 🟦 Þjóðsögur
- 🟩 Fornsögur
- 🟢 Merkar persónur

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





MENNINGARLÍF OG MENNINGARARFUR

Markmið

U5 Menningararfur Snæfellinga sé sýnilegur og aðgengilegur sem víðast.

Leiðir að markmiði

U5.1 Ljúka við fornleifaskráningu á öllu svæðinu, meta verndargildi fornleifa, annarra menningarminja og minjaheilda og marka stefnu í aðalskipulagi um verndun og nýtingu á grunni þess.

U5.2 Gera yfirlit yfir fornleifa-/minjastaði og minjaheildir sem liggja undir skemmdum og gera áætlun um viðhald þeirra.

U5.3 Merkja áhugaverða minjastaði í góðum tengslum við vegi eða göngu- og hjólaleiðir og kynna og móta sem áfangastaði.

U5.4 Standa vörð um gömul hús sem bera vitni um byggðasögu svæðisins.

Markmið

A2 Menningarlíf sé öflugt og fjölbreytt.

Leiðir að markmiði

A2.1 Vinna að þróun hátíða og viðburða sem draga fram sögu, menningu og sérkenni Snæfellsness.

A2.2 Styðja við viðburði og hátíðir sem þegar eru haldnar, s.s. bæjarhátíðir, stuttmyndahátíð og raftónlistarhátíð.

A2.3 Leggja áherslu á samvinnu milli menningarstofnana og félagasamtaka á svæðinu og vinna að eflingu þeirra.

A2.4 Bæta aðgengi að söfnum, t.d. með safnapassa sem gildir fyrir öll söfn á svæðinu.

MENNINGARARFUR



 Samkomuhús  Söfn og sýningarsvæði  Friðuð hús á Snæfellsnesi

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



A2.5 Setja fram lista yfir þá aðstöðu sem er fyrir hendi fyrir ýmiss konar samkomur og uppákomur, s.s. gömlu félagsheimilin, skemmur, réttir o.fl. og meta þörf á nýrri aðstöðu sem nýst getur svæðinu sem heild.

Markmið

Þ3 Upplýsingar um menningarstarfsemi á Snæfellsnesi, á hverjum tíma, séu aðgengilegar fyrir íbúa og gesti.

Leiðir að markmiði

Þ3.1 Halda yfirlit á SNÆFELLSNESVEFNUM yfir menningarstarfsemi og félagsstarf á svæðinu og bjóða upp á að nýta hann fyrir tilkynningar um viðburði.



Markmið

Þ4 Upplýsingar um menningararf Snæfellinga séu aðgengilegar fyrir íbúa og gesti til að nýta við vöruþróun, sköpun, fræðslu og kynningu. Einnig séu slíkar upplýsingar aðgengilegar sem grundvöllur fyrir aðal- og deiliskipulagsgerð.

Leiðir að markmiði

- Þ4.1 Sjá leið Þ1.1 um uppbyggingu SNÆFELLSNESVEFSINS
- Þ4.2 Sjá leið Þ1.2 um þróun VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA.
- Þ4.3 Ljúka við fornleifaskráningu og húsa-könnun á öllu svæðinu og gera þær upplýsingar aðgengilegar á SNÆFELLSNESVEFNUM.
- Þ4.4 Halda yfirlit á SNÆFELLSNESVEFNUM yfir útilistaverk á svæðinu og fjölga þeim.


Markmið

Þ5 Rannsóknir á menningararfi Snæfellinga eflist.

Leiðir að markmiði

Þ5.1 Sjá leið Þ1.4 um aukið samstarf þekkingarsetra á Snæfellsnesi.

MENNINGARARFUR // FORNSÖGUR



- | | | | |
|-------------------------------------|------------------------|------------------|------------------|
| ● Bárðar saga Snæfellsáss | ● Eyrbyggja | ● Heiðarvígasaga | ● Víglundar saga |
| ● Eiríkssaga rauða/Grænlandingasaga | ● Gísla saga Súrssonar | ● Laxdæla | ● Landnáma |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





SKÓLAR

Markmið

U6 Aðgengi að leik- og grunnskólum sé gott og umhverfi þeirra sé vandað og til fyrirmyndar.

Leiðir að markmiði

U6.1 Tryggja öruggar aksturs-, hjóla- og gönguleiðir að skólum og að skólaakstur

sé í boði þar sem þess er þörf.

U6.2 Gera skólalóðir vel úr garði fyrir leik og útiveru og tengja hönnun þeirra og umhverfismótun við sögu og sérkenni Snæfellsness.

Markmið

A3 Námsleiðir í tengslum við atvinnulífið eflist í Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN).

Leiðir að markmiði

A3.1 Sjá stefnu um FERÐALAG og IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.

Markmið

Þ6 Góð áttthagaþekking sé aðalsmerki Snæfellinga.



Leiðir að markmiði

- Þ6.1 Byggja áfram upp sterka átthagafræðslu á öllum skólastigum og nýta til þess VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA, þekkingu eldra fólks, samstarf skóla og skólastiga og reynslu af átthagaverkefni Snæfellsbæjar.
- Þ6.2 Efla listmennt á öllum skólastigum og tengja hana við náttúru- og menningarauð Snæfellsness. Sjá einnig stefnu um IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.

Markmið

- Þ7 Góðir símenntunarmöguleikar séu ávallt í boði.








Leiðir að markmiði

- Þ7.1 Sjá leið Þ1.3 um kynningar og námskeið um hvernig mismunandi atvinnugreinar geta nýtt sér verkfærakistuna.
- Þ7.2 Kortleggja hvaða menntun þarf helst á svæðinu og vinna að framgangi hennar, í samvinnu atvinnulífs og fagaðila á þessu sviði.



LÝÐHEILSA



- | | | | |
|---|---|---|--|
|  Golf |  Sundlaug/Íþróttaaðstaða |  Hjólaleið |  Reiðleið |
|  Hringvöllur - hestúsaðverfi |  Íþróttaleikvangur |  Göngu- og reiðleið | |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



LÝÐHEILSA

Markmið

U7 Góð aðstaða sé til iðkunar margvíslegra íþróttar.

Leiðir að markmiði

U7.1 Staðsetja ný íþróttamannvirki í þéttbýli, að golfvöllum frátöldum og nýta vel þau mannvirki sem fyrir eru, þ.m.t. íþróttavöllinn á Lýsuhóli.

U7.2 Þróa möguleika til að stunda sjóboð á völdum stöðum.

Markmið

U8 Möguleikar til almennrar útivistar; hreyfingar, slökunar og endurnæringar, séu fjölbreyttir.

Leiðir að markmiði

U8.1 Fjölga útivistarstígum í nágrenni þéttbýlis og koma upp áningarstöðum á þeim. Sjá einnig stefnu um FERÐALAG.

U8.2 Skilgreina og merkja megingöngu- og hjólaleiðir utan þéttbýlis og koma upp lykílaningarstöðum á þeim. Sjá einnig stefnu um FERÐALAG.



U8.3 Ákveða fyrirkomulag fyrir skíðamenn og sleðamenn á Snæfellsjökli. Sjá nánar stefnu um þjóðgarðinn Snæfellsjökul í kafla um LANDSLAG.

U8.4 Styrkja Lýsuhól sem einstakt laugarsvæði, það eina á Íslandi þar sem hægt er að baða sig úr heitu ölkelduvatni. Sjá einnig stefnu um lykílpemu ferðamennsku í kafla um FERÐALAG.

U8.5 Styrkja Stykkishólm sem heilsuþæ í tengslum við verðmæta eiginleika heita vatnsins þar. Sjá einnig stefnu um lykílpemu ferðamennsku í kafla um FERÐALAG.



Markmið

A4 Heilsutengd þjónusta við íbúa og ferðamenn byggist upp og heilbrigðisþjónusta sé góð og aðgengileg.

Leiðir að markmiði

- A4.1 Vinna að því að treysta rekstur heilbrigðisstofnana á Snæfellsnesi og efla nýsköpun og framþróun á því sviði. Leita leiða til að tengja það við heita vatnið í Stykkishólmi og heita ölkelduvatnið á Lýsuhóli. Sjá í samhengi við leiðir U8.4 og U8.5 um skipulag Lýsuhóls og Stykkishólms m.t.t. heita vatnsins.
- A4.2 Þróa áfram önnur verkefni tengd ölkeldum, heitu og köldu vatni í ýmsu samhengi, m.a. tengt heilsurækt og listum. Sjá einnig stefnu um lykilmenu ferðmennsku í kafla um FERÐALAG og stefnu um IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.

Markmið

A5 Öryggi íbúa og ferðalanga sé gott.

Leiðir að markmiði

- A5.1 Gera neyðaráætlun fyrir allt Snæfellsnes vegna óveðurs, slysa eða annarrar hættu. Vinna hana í samhengi við neyðaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

A5.2 Kynna vel upplýsingar um neyðarnúmer, nærtækustu lækniaðstoð, viðgerðarverkstæði, varasöm svæði, færð á vegum, veður, öryggismál og umgengnisreglur, ásamt hvatningu til að sýna aðgát á ferð um landið, t.d. á SNÆFELLSNESVEFNUM.

A5.3 Leggja áherslu á að afþreying sem er í boði standist ströngustu kröfur um gæði og öryggi.

Markmið

Þ8 Upplýsingum um möguleika til heilsubótar sé miðlað með markvissum hætti.

Leiðir að markmiði

- Þ8.1 Setja fram og uppfæra reglulega á SNÆFELLSNESVEFNUM, heildstætt yfirlit yfir íþróttamannvirki, göngu- og hjólaleiðir, auk heilsutengdra námskeiða og viðburða.





ÞJÓÐGARÐUR



- Þjóðgarðsmiðstöð
- ▲ Gestastofa
- 🌲 Hlið inn í Þjóðgarð
- Snæfellsjökull Þjóðgarðsmörk

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



LANDSLAG

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSKT LANDSLAG

Fjölbreytt jarðfræði og lífríki verði áfram aðalsmerki Snæfellsness. Þróun landnotkunar og byggðar taki mið af þeim verðmætum ásamt því að virða menningarminjar og megineinkenni búsetulandslagsins. Vernduðum og friðuðum svæðum fjölgi.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

ÞJÓÐGARÐUR

Markmið

U9 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull þróist áfram sem einn af aðalseglum svæðisins fyrir útivist og ferðamennsku, um leið og náttúra hans og minjar eru varðveittar.

Leiðir að markmiði

U9.1 Vinna rammahluta fyrir þjóðgarðinn við endurskoðun aðalskipulags Snæfellsbæjar í nánú samstarfi við þjóðgarðsyfirvöld og Snæfellinga og í samhengi við Verndaráætlun þjóðgarðsins og markmið þessa svæðis-skipulags. Í rammahlutanum verði settar áherslur fyrir deiliskipulag einstakra svæða og fyrir leyfisveitingar vegna



einstakra framkvæmda. Þar verði m.a. mörkuð stefna um:

- Verndun lífríkis og minja þjóðgarðsins.
- Aðgengi almennt og umferð farartækja á Snæfellsjökli sérstaklega.
- Möguleika til skíðaiðkunar á Jöklinum.
- Áningarstaði og aðstöðu á þeim m.t.t. þolmarka og hlutverks þeirra, staðsetningar og tengingu við vegi, stíga

og leiðir.

- Lykillþjónustustaði og aðstöðu á þeim.
- Stýringu umferðar m.t.t. þolmarka og ágangs á svæði.
- Yfirbragð og útlit mannvirkja og skilta.
- Staðsetningu og útlit „hliða“ inn í þjóðgarðinn.
- Samhengi þjóðgarðsins og jaðarsvæða hans.



Markmið

A6 Verðmætasköpun á grunni Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls aukist.

Leiðir að markmiði

- A6.1 Styðja við, skipuleggja og efla samstarf þjóðgarðsins og ferðaþjónustuaðila, m.a. um ferðir og leiðsögn í þjóðgarðinum.
- A6.2 Stuðla að því að þjónusta verði í þjóðgarðinum allt árið um kring.

Markmið

Þ9 Góð fræðsla og leiðsögn sé í boði um þjóðgarðinn.

Leiðir að markmiði

- Þ9.1 Efla tengsl þjóðgarðs og skóla á svæðinu, með skólaheimsóknum, upplýsingagjöf, verkefnatengingum o.fl.
- Þ9.2 Sjá í samhengi við leið A5.1 um samstarf þjóðgarðsins og ferðaþjónustuaðila í kafla um LANDSLAG, leið Þ6.1 um

átthagafræðslu á öllum skólastigum í kafla um LÍFSGÆÐI og stefnu um fræðslu, þjálfun og leiðbeiningar í ferðaþjónustu í kafla um FERÐALAG.

Markmið

Þ10 Rannsóknir á umhverfi og sögu þjóðgarðsins eflist og þekking almennings um hann aukist.

Leiðir að markmiði

- Þ10.1 Sjá leið Þ1.1 um miðlun upplýsinga um náttúru-, menningar- og þekkingarauð svæðisins á sameiginlegum vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins, í kafla um LÍFSGÆÐI. Einnig leið Þ1.4 um aukið samstarf þekkingarsetra á Snæfellsnesi um rannsóknir á náttúru- og menningarauði, í sama kafla.
- Þ10.2 Stuðla að skráningu, rannsóknum og fræðslu á menningarminum, og sjá til þess að hvergi sé við þeim hróflað nema með samþykki viðkomandi stjórnvalds, Minjastofnunar Íslands.

Markmið


- Þ11 Sterk og jákvæð ímynd þjóðgarðsins sé nýtt við markaðssetningu Snæfellsness í ferðapjónustu og annarri atvinnuuppbyggingu.**

Leiðir að markmiði

- Þ11.1 Sjá stefnu um ÍMYND SNÆFELLSNESS.



JARÐFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ



- | | | |
|------------------------------------|--------------------------|---------------------------|
| ▲ Formfögur/stök fjöll | --- Misgengi frá nútíma | — Virkt eldstöðvakerfi |
| ● Dyngjuhvírfill frá nútíma | ▨ Sýnileg hraun | — Útkulnað eldstöðvakerfi |
| * Gígur frá nútíma | — Vesturlandsbrotakerfið | |
| Gossprungu, gígur frá nútíma | | |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





JARÐFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

Markmið

U10 Jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar séu verndaðar.

Leiðir að markmiði

U10.1 Vinna að því að hluti Snæfellsness eða allt svæðið fái viðurkenningu Samtaka jarðvanga í Evrópu (European Geoparks Network) sem jarðvangur.

U10.2 Afmarka í aðalskipulagi merkileg og viðkvæm svæði m.t.t. jarðfræði og setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda sérkennum þeirra, t.d. með því að beita hverfisverndun eða friðun eftir því sem við á. Dæmi um slík svæði eru: Berserkjahraun, setlögin í Búlandshöfða, Hraunsfjörður, Gerðuberg og Drápuhlíð.

U10.3 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi sem tekur tillit til merkra jarðminja. Ekki verði plantað í hraun og ekki umhverfis

Snæfellsjökul. Mörk slíkra svæða verði dregin í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Sjá einnig markmið U12 um að uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna.

U10.4 Kortleggja núverandi möguleg efnistökusvæði og markastefnu í aðalskipulagi um nýtingu þeirra og frágang, m.t.t. annarrar landnotkunar og stefnu þessa svæðisskipulags um LANDSLAG.



U10.5 Ganga frá námum sem ekki eru lengur í notkun.

Markmið

A7 Tækifæri til atvinnuþróunar sem felast í einstakri jarðfræði svæðisins, nýttist sem best.

Leiðir að markmiði

A7.1 Stuðla að þróun jarðfræðiferðamennsku (geotourism) og aðstoða atvinnugreinar við að nýta jarðfræði svæðisins við markaðssetningu og þróun vöru og þjónustu, m.a. með því að setja fram aðgengilegar upplýsingar um jarðfræði svæðisins á SNÆFELLSNESVEFINN og

í VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA og með því að fá viðurkenningu Samtaka jarðvanga í Evrópu á hluta Snæfellsness eða öllu. Sjá í samhengi við markmið U10 um verndun jarðfræðilegra merkilegra svæða í kafla um LANDSLAG og stefnu um lykilorðu ferðamennsku í kafla um FERÐALAG.

Markmið

Þ12 Rannsóknir á einstakri og margbrotinni jarðfræði Snæfellsness eflist.

Leiðir að markmiði

Þ12.1 Auðvelda aðgengi að fjármagni til rannsókna með því að vinna að viðurkenningu

á Snæfellsnesi í heild eða að hluta sem jarðvangi hjá Samtökum jarðvanga í Evrópu (European Geoparks Network). Sjá í samhengi við markmið U10 um verndun jarðfræðilegra merkilegra svæða og A6 um tækifæri til atvinnuþróunar á grunni jarðfræði svæðisins.

Þ12.2 Stuðla að auknu samstarfi þekkingarsetra á Snæfellsnesi um rannsóknir á náttúru- og menningarauði svæðisins og nýtingu hans. Sjá í samhengi við markmið Þ1 um að almenn þekking um umhverfi og sögu Snæfellsness aukist í kafla um LÍFSGÆÐI.

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

Markmið



U11 Fjölbreytni fuglalífs og gróðurs viðhaldist.

Leiðir að markmiði

- U11.1 Afmarka í aðalskipulagi merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs og setja skilmála um landnotkun, nýtingu, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni t.d. með því að beita hverfisverndun eða friðun eftir því sem við á.
- U11.2 Stemma stigu við útbreiðslu minks, tófu og annars vargs og koma í veg fyrir að lúpína og aðrar ágengar tegundir breiðist yfir gróðurlendi og ræktað land. Fara jafnframt varlega í notkun framandi tegunda sem ekki eru sérkennandi fyrir Snæfellsnes.
- U11.3 Markastefnu umskógrækt í aðalskipulagi, í samvinnu við skógræktarfélag og Vesturlandsskóga, sem tekur tillit til verðmætra fuglasvæða og gróðurlenda.
- U11.4 Vernda náttúrulega birkiskóga, s.s. Sauraskóg.



LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ // SKÓGUR OG SKÓGRÆKT



Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





U11.5 Koma í veg fyrir ofálag á viðkvæmum svæðum vegna beitar eða umferðar.

U11.6 Vernda óröskuð votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands, sbr. markmið U11.7 Spilla ekki fjörum og hreinsa þær reglulega.

Markmið

A8 Tækifæri til atvinnuþróunar, sem felast í fjölbreyttu lífríki svæðisins, nýtist sem best.

Leiðir að markmiði

A8.1 Stuðla að þróun ferðapjónustu tengdri fuglaskoðun og annarri náttúruskoðun, bæði á sjó og landi. Aðstoða atvinnugreinar við að nýta lífríki svæðisins við markaðssetningu og þróun vöru og þjónustu, m.a. með því að setja fram aðgengilegar upplýsingar um lífríki svæðisins á SNÆFELLSNESVEFINN og í VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA og með því að fá viðurkenningu á verðmætum svæðum á lands- og heimsvísu.

Markmið

Þ13 Rannsóknir á fjölbreyttu lífríki Snæfellsness og sjávarins umhverfis eflist.

Leiðir að markmiði

Þ13.1 Sjá leið Þ1.1 um miðlun upplýsinga um náttúru-, menningar- og þekkingarauð svæðisins á sameiginlegum vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins, í kafla um LÍFSGÆÐI. Einnig leið Þ1.4 um aukið samstarf þekkingarsetra á Snæfellsnesi um rannsóknir á náttúru- og menningarauði, í sama kafla.

LANDSLAG SVEITA OG BÆJA

Markmið

U12 Uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna Snæfellsness.

Leiðir að markmiði

U12.1 Nýta og útfæra nánar greiningu sem var unnin vegna svæðisskipulags- vinnunnar (sjá GRUNN og ÍMYND SNÆFELLSNESS) til að afmarka merkileg og viðkvæm svæði í aðalskipulagi. Setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda sérkennum þessara svæða.

U12.2 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi, í samvinnu við Vesturlandsskóga, skógræktarfélag, náttúruvannsóknarstofnanir, landeigendur og almenning. Stefnan taki tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merki-legra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja.

U12.3 Þróa leiðbeiningar og áætlanagerð fyrir skógræktarsvæði á bújörðum og frístundabyggðarsvæðum í samvinnu við Vesturlandsskóga, skógræktarfélag og landeigendur. Þar verði skilgreint í hvaða

tilvikum skógræktaráætlun skal lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar, til að tryggja samræmi við svæðisskipulag og aðalskipulag. Í áætluninni verði m.a. gerð grein fyrir afmörkun skógræktarsvæðis, tegundum og áherslum við skógræktina. Einnig komi fram hvernig tekið er tillit til staðháttar, s.s. minja, landslagsgerða, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum og til stefnu þessa svæðisskipulags og aðalskipulags.

U12.4 Bæta landgæði og ásýnd lands með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, einnig með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum.

Markmið

U13 Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness. Umgengni sé snyrtileg.

Leiðir að markmiði

U13.1 Marka stefnu í aðalskipulagi og móta deiliskipulag og skilmála sem virða verðmætt búsetulandslag, merk mannvirki, fornleifar og aðrar markverðar menningarminjar.

U13.2 Leitast við að á Snæfellsnesi falli hæð bygginga vel að umhverfi sínu.

U13.3 Leggja áherslu á fallett heildaryfirbragð bygginga á bújörðum og svæðum fyrir

frístundabyggð. Byggingar falli vel að að landslagi og búsetuminjar verði virtar.

U13.4 Marka stefnu um útlit, efni, stærð og staðsetningu skilta og annarra merkinga fyrir áfangastaði og ferðaleiðir á svæðinu. Stefnan taki tillit til viðeigandi laga og reglugerða um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis.

U13.5 Setja upp listaverk við „innganga“ Snæfellsness; að sunnanverðu, norðanverðu og við aðkomustaði ferju og skemmtiferðaskipa. Sjá kort í kafla um GRUNNGERÐ.

U13.6 Markað verði skýrt hlið inn í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.


U13.7 Hvetja íbúa til að hugsa vel um eignir sínar, lóðir og jarðir og ganga vel um.

Markmið

A9 Tækifæri til atvinnuþróunar, sem felast í fallegu og fjölbreyttu landslagi og merkum minjum svæðisins, nýtist sem best.

Leiðir að markmiði

A9.1 Stuðla að þróun ferðaþjónustu sem nýtir sögu og möguleika svæðisins til fjölbreyttrar upplifunar. Aðstoða atvinnugreinar við að nýta landslag og minjar við markaðssetningu og þróun vöru og þjónustu, m.a. með því að setja fram aðgengilegar



upplýsingar um sérkenni og sögu svæðisins á SNÆFELLSNESVEFINN og í VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA og með því að fá viðurkenningu á verðmætum svæðum á lands- og heimsvísu. Sjá í samhengi við stefnu um lykilþemu ferðamennsku í kafla um FERÐALAG.


Markmið

Þ14 Þekking á einkennum búsetulandslags Snæfellsness og verðmætum sem í því felast, aukist.


Leiðir að markmiði

- Þ14.1 Efla rannsóknir á búsetulandslagi og menningarminjum Snæfellsness.
- Þ14.2 Taka saman fyrirliggjandi upplýsingar um eldri hús á svæðinu, gera áætlun um húsakönnun og nýta sem grunn við stefnumörkun um varðveislu bygginga.
- Þ14.3 Miðla þekkingu til almennings um gildi búsetulandslags og þau verðmæti sem í því felast.





MATUR



- Lax/silungur
- Akuryrkja
- Geitur
- Kýr
- Hafnir og fiskmarkaður
- Býflugnarækt
- Hross
- Sauðfé
- Sjávarfang
- Endur
- Hænur
- Veitinga- og kaffihús með mat úr heimabyggð

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



MATUR

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSKAN MAT

Nýsköpun og framleiðsla á hreinum gæðamatvælum úr snæfellskum hráefnum aukist. Aðilar í veitingaþjónustu nýti sem mest matvæli af svæðinu. Verðmætasköpun í greininni aukist.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

MATARMENNING

Markmið

U14 Matvælaframleiðsla fari fram í beinum og nánum tengslum við náttúruna og með sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi.

Leiðir að markmiði

U14.1 Móta stefnu í umhverfis- og skipulagsmálum (aðalskipulagi) sem styður við hlutverk svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis, m.a. með því að gera ráð fyrir að önnur atvinnustarfsemi falli vel að þessu hlutverki og hafi ekki andstæða hagsmuni.

U14.2 Tryggja nægt framboð af lóðum, á svæðum sem henta vel undir matvælaframleiðslu.



U14.3 Hafa í hávegum snyrtimennsku og góða umgengni á lóðum og opnum svæðum.

U14.4 Leitast við að hafa til reiðu svæði þar sem almenningi býðst að rækta eigin matjurtir.

Markmið

A10 Vöruþróun í nýtingu hráefnis og matvælavinnslu eflist og verðmætasköpun aukist.

Leiðir að markmiði

A10.1 Stofna samstarfshóp eða tengslanet um mat. Hópurinn fjalli um hvernig þróa megi nýjar vörur og auka verðmætasköpun í matvælavinnslu út frá ýmsum hliðum, s.s. hráefni, nýtingu og framleiðslu, matreiðslu, miðlun, sölu og kynningu o.s.frv. Í hópnum starfi fulltrúar ólíkra aðila sem koma að mat á einhvern hátt, s.s. fiskverkendur, bændur, veitingastaðir, fiskmarkaður,

verslanir, rannsóknarstofnanir og aðilar úr stoðkerfi atvinnulífs, o.fl. Hópurinn vinni t.d. tillögur að námskeiðum og verkefnum. Hann efni til samkeppni eða þróunarverkefnis um ný, snæfellsk matvæli eða rétti úr snæfellskum hráefnum, sem vísa beint eða óbeint til sögu, menningar eða staðaranda svæðisins.

Markmið

A11 Aðgengi að snæfellsku hráefni og matvælum aukist, innan svæðisins.

Leiðir að markmiði

A11.1 Vinna að bættu aðgengi að snæfellsku hráefni og matvælum, innan svæðisins sjálfs, m.a. með umfjöllun og upplýsingum á SNÆFELLSNESVEFNUM.



A11.2 Hvetja og aðstoða smásöluaðila á svæðinu við að tengjast framleiðendum á svæðinu og bjóða vörur þeirra til sölu.

A11.3 Kanna möguleika á matvörumarkaði eða bændamarkaði sem flakki á milli staðanna á svæðinu, einkum yfir sumartímann.

A11.4 Leita eftir samstarfi og aðkomu fyrirtækja og stofnana að þróun í matvælavinnslu sem stuðlar að bættu aðgengi að vöru - sbr. leið A10.

Markmið

P15 Þekking á matvælaframleiðslu svæðisins, matarmenningu og -hefðum tengdum Snæfellsnesi aukist og verði sem aðgengilegust.

Leiðir að markmiði

P15.1 Hvetja skóla og nema til að vinna verkefni um matarmenningu svæðisins, aðföng og hráefni og hvernig það hefur verið nýtt til dagsins í dag. Áhersla verði lögð á „Matarkistuna Breiðafjörð“ og vermenn á Snæfellsnesi.

P15.2 Gera upplýsingar um mat framleiddan á svæðinu og matarmenningu tengda Snæfellsnesi aðgengilegar á SNÆFELLSNESVEFNUM, til að ýta undir þekkingu fólks á núverandi framleiðslu og til að nýta við vöruþróun, sköpun, fræðslu og kynningu á svæðinu.

P15.3 Halda námskeið um matarhefðir og matreiðslu úr snæfellskum hráefnum.

P15.4 Halda námskeið til að auðvelda frumkvöðlum að átta sig á reglum sem gilda um matvælaframleiðslu og aðstæður til hennar.

Markmið

P16 Vörumerki Snæfellsness, til að auðkenna mat úr héraði, þróist og verði gæðamerki, með skilgreindum viðmiðum um eiginleika.

Leiðir að markmiði

P16.1 Skilgreina ávinning, markhópa og notendur slíks vörumerkis, þ.m.t. hvað teljist matur og vörur úr héraði.

P16.2 Setja reglur um notkun merkisins, þóknun fyrir notkun, eftirlit og umsjón.

P16.3 Kynna sérstaklega vörur sem nýta merkið, t.d. á SNÆFELLSNESVEFNUM.

Markmið

P17 Sælkera- og hreinleikaímynd Snæfellsness styrkist og þekkist víða. Þekking aukist á virði og eiginleikum snæfellsks umhverfis til ræktunar og framleiðslu matvæla.

Leiðir að markmiði

- Þ17.1 Koma á framfæri upplýsingum um eiginleika og gæði umhverfisins á Snæfellsnesi til ræktunar og matvælaframleiðslu, bæði til þeirra sem mögulega vilja rækta eða framleiða í atvinnuskyni og hinna sem vilja gera það til eigin nota.
- Þ17.2 Leggja áherslu á hreinan og „heiðarlegan“ mat, þ.e. hollan mat þar sem gefnar eru réttar og góðar upplýsingar um hráefni, vinnsluaðferðir og heilnæmi vöru.
- Þ17.3 Byggja á matarhefðum og sælkera- og hreinleikamynd Snæfellsness, í kynningu og markaðssetningu svæðisins.
- Þ17.4 Styðja við matarhátíðir sem haldnar eru á svæðinu.

SJÁVARFANG

Markmið

U15 Hráefni við strandlengjuna verði nýtt með sjálfbærum hætti.

Leiðir að markmiði

U15.1 Kortleggja strandsvæði m.t.t. verndargildis og nýtingarmöguleika í matvæla-vinnslu.



Markmið

A12 Verðmætasköpun í sjávarútvegi aukist.

Leiðir að markmiði

- A12.1 Auka nýtingu sjávarfangs, einkum vannýtttra tegunda. Kortleggja leiðir til aukinnar nýtingar.
- A12.2 Hvetja til aukins samstarfs rannsóknarstofnana á svæðinu, og annarra eftir

atvikum, í þeim tilgangi að auka framleiðslu í sjávarútvegi og á matvæla-sviði.

- A12.3 Skoða möguleika til aukinnar fullvinnslu sjávarfangs og hagkvæmni hennar, og til annarrar vöruþróunar í sjávarútvegi.
- A12.4 Greina leiðir til að auka verðmæta-sköpun með aðgreiningu á markaði, m.a. þar sem byggt er á gæðum íslensks sjávarfangs.



Markmið

A13 Aðgengi að snæfellsku sjávarfangi verði bætt á svæðinu sjálfu.

Leiðir að markmiði

A13.1 Leita leiða til að bæta aðgengi íbúa, stofnana og ferðamanna að ferskum fiski í smásölu.

A13.2 Kortleggja hvort og þá hvernig, lög og reglur torvelda aðgengi aðila (t.d. veitingahúsa) að sjávarfangi (t.d. við kaup af fiskmörkuðum, eða „beint frá

báti“) og hvernig megi vinna bug á slíku.

A13.3 Efla fiskmarkaði og möguleika á að fá enn fleiri tegundur sjávarafurða á markað.

Markmið

Þ18 Þekking á sjávarfangi og hagnýtingu þess aukist.

Leiðir að markmiði

Þ18.1 Hvetja skóla og rannsóknarstofnanir til að auka við þekkingu á hagnýtingu sjávarfangs á svæðinu.

Þ18.2 Taka markaðsmál og verðmætasköpun á grunni aukinna gæða og aðgreiningar á markaði, sérstaklega til skoðunar. Gæði og eiginleikar sjávarfangs og náttúrulegra aðstæðna verði sérstaklega dregin fram og greint hvaða verðmæti felast í þeim gæðum.

Þ18.3 Taka saman yfirlit yfir „gamla matvörur“ úr sjávarfangi sem hægt væri að framleiða eða nýta þekkinguna um, á annan hátt. Dæmi: harðfiskur, freðýsa, vermannafæði, kúttmagi, hertir hausar, heitreykt fuglakjöt.

Þ18.4 Halda námskeið um matreiðslu á sjávarfangi úr Breiðafirði/af svæðinu.

Markmið

Þ19 Sjávarfang og matarmenning því tengd nýtist í markaðsstarfi fyrir Snæfellsnes.

Leiðir að markmiði

Þ19.1 Nýta snæfellska matarmenningu í kynningu og markaðssetningu svæðisins, einkum sérstöðuna sem snýr að fiski, fugli, eggjum og þörungum.





LANDBÚNAÐARVÖRUR

Markmið

U16 Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu varðveitist.

Leiðir að markmiði

U16.1 Kortleggja land m.t.t. möguleika til ýmiss konar ræktunar (þ.m.t. vínrækt, bygg og annað korn) og skipuleggja dreifbýli á grunni þess þannig að lönd sem henta til

matvælaframleiðslu séu ekki tekin undir byggð eða annars konar not.

U16.2 Kortleggja hlunnindi og marka stefnu um nýtingu með sjálfbærum hætti.

Markmið

A14 Landbúnaður viðhaldist, vöruþróun eflist og verðmætasköpun aukist.

Leiðir að markmiði

A14.1 Kortleggja leiðir til aukinnar verðmætasköpunar í landbúnaði, einkum fyrir tilstilli vöruþróunar og markaðsmála.

A14.2 Efna til samstarfs viðeigandi aðila um að ýta undir vöruþróun í nýtingu hráefnis, vinnslu og markaðsmálum.



- A14.3 Leita að þróunarmöguleikum í ræktun, s.s. lífrænni ræktun í landbúnaði, t.d. korns og lækningajurta af ýmsu tagi og möguleikum á sölu afurða beint frá býli.
- A14.4 Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu sérstaklega með það fyrir augum að auka notkun á landbúnaðarafurðum af svæðinu.
- A14.5 Skoða möguleika á sláturhúsi og vinnslu á svæðinu.
- A14.6 Nýta hlunnindi með markvissum og fjölbreyttum hætti.

Markmið

- Þ20 Þekking aukist á framboði landbúnaðarvara, m.a. afurða af svæðinu. Upplýsingar um framboð slíkra vara séu aðgengilegar ólíkum hópum.**

Leiðir að markmiði

- Þ20.1 Kortleggja framleiðslu og framboð landbúnaðarvara af svæðinu. Þær upplýsingar verði nýttar til að vekja athygli á framboði landbúnaðarvara á markaði, m.a. í smásölu á svæðinu.

Markmið

- Þ21 Þekking aukist á gæðum og eiginleikum svæðisins til ræktunar og framleiðslu vara í landbúnaði.**

Leiðir að markmiði

- Þ21.1 Hvetja skóla og rannsóknarstofnanir til að auka við þekkingu á möguleikum til ræktunar og nýtingar í landbúnaði á svæðinu.
- Þ21.2 Taka saman yfirlit yfir „gamlar matvörur“ tengdar landbúnaði sem hægt væri að framleiða eða nýta þekkinguna um, á annan hátt.
- Þ21.3 Halda námskeið um matreiðslu úr landbúnaðarvörum af svæðinu.

Markmið

- Þ22 Landbúnaður og matarmenningu honum tengd nýtist í markaðsstarfi fyrir Snæfellsnes.**

Leiðir að markmiði

- Þ22.1 Nýta snæfellska matarmenningu í kynningu og markaðssetningu svæðisins, einkum sérstöðuna sem snýr að landbúnaði við sjó.



ANNAÐ HRÁEFNI

Markmið

U17 Aðgengi að fersku og heilnæmu vatni, til manneldis og matvælaframleiðslu, sé ávallt tryggt, a.m.k. í þéttbýli.

Leiðir að markmiði

U17.1 Tryggja vatnsverndarsvæðum sveitarfélaga nægilegt rými í aðalskipulagi. Tryggja möguleika til stækkunar þeirra (aukningar vatns).

U17.2 Ljúka heildstæðri kortlagningu á vatnsríkum grunnvatnssvæðum, lindum, ölkeldum o.fl. og marka stefnu um nýtingu og verndun á grunni þess. Sjá kafla um LÍFSGÆÐI.

Markmið

U18 Nýting vatnsauðlinda sé sjálfbær og umgengni um þær til fyrirmyndar.

Leiðir að markmiði

U18.1 Umgengni sé í samræmi við lög, reglur og skýrar verklagsreglur ábyrgðaraðila vatnslinda.

Markmið

A15 Snæfellskt hráefni sé nýtt enn frekar til ýmiss konar matvælaframleiðslu.

Leiðir að markmiði

A15.1 Meta og kortleggja möguleika á að nýta vatn, þöruna og fleiri auðlindir til matvælaframleiðslu og þróa verkefni á grunni þess. Sjá um framleiðsluiðnað í kafla um IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR.

Markmið

Þ23 Þekking aukist á snæfellsku hráefni sem nýta megi til matargerðar.

Leiðir að markmiði

Þ23.1 Efla rannsóknir á eiginleikum snæfellsks hráefnis til ýmiss konar matvælaframleiðslu annarrar en getið er hér að framan.

Þ23.2 Halda námskeið um nýtingu snæfellsks hráefnis í matvælaframleiðslu, t.d. jurta, þöruna, o.fl.



IÐNAÐUR OG SKAPANDI GREINAR

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSKAN IÐNAÐ OG SKAPANDI GREINAR

Ýmiss konar hreinlegur framleiðslu- og smá-iðnaður þróist úr hráefnum Snæfellsness og skapandi greinar eflist. Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

SKAPANDI GREINAR

Markmið

A16 Hvers konar skapandi greinar, sem vinna með sérkenni og staðaranda svæðisins, þróist og eflist. Til skapandi greina teljast t.d. auglýsingagerð, byggingalist, myndlist og fornminjar, handverk, hönnun, tískuhönnun, kvikmyndagerð, gagnvirkur tómstundahugbúnaður (s.s. tölvuleikir), tónlist, sviðslistir, útgáfa, hugbúnaðargerð og framleiðsla efnis fyrir útvarp og sjónvarp.

Leiðir að markmiði

- A16.1 Vinna yfirlit yfir starfsemi sem fellur undir skapandi greinar og móta hugmyndir um hvernig megi efla þá starfsemi, s.s. með samvinnu við aðrar greinar. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Fjarskipti.
- A16.2 Þróa handverk úr snæfellsku hráefni sem vísar til sérkenna og staðaranda svæðisins.
- A16.3 Efla handverksmarkaði sem selja vörur frá öllu Snæfellsnesi og koma mögulega á fót markaði sem ferðast á milli staða á svæðinu.
- A16.4 Halda samkeppni um minjagrip og snæfellskt handverk.
- A16.5 Sjá einnig kafla um LÍFSGÆÐI þar sem settar eru fram leiðir að aukinni almennri þekkingu um umhverfi og sögu Snæfellsness (markmið þ1).

Markmið

A17 Störfum fjölgi í upplýsingaiðnaði, s.s. umsýslu með hverskonar gögn, framsetningu þeirra og miðlun.

Leiðir að markmiði

- A17.1 Vinna yfirlit yfir starfsemi á sviði upplýsingatækni á Snæfellsnesi og móta hugmyndir um hvernig megi efla þá starfsemi, s.s. með samvinnu við aðrar greinar. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Fjarskipti.

Markmið


A18 Stjórnsýsla á Snæfellsnesi og stofnanir séu í fararbroddi við nýtingu upplýsingatækni ýmiss konar.

Leiðir að markmiði

- A18.1 Undirstrika þessa sérstöðu með stuðningi við viðburði tengda tækni.
- A18.2 Þróa SNÆFELLSNESVEFINN, sameiginlegan vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins til miðlunar þekkingar og upplýsinga, sem nýtiskulegan, framúrskarandi og gagnvirkan vef, sem nýti margmiðlun á áhrifaríkan hátt.

Markmið

þ24 Möguleikar til menntunar á sviði upplýsingatækni eflist.



Leiðir að markmiði

- Þ24.1 Þróa áfram námsleiðir og námskeið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga og í samstarfi við Símenntun Vesturlands og fleiri aðila, þar sem upplýsingatækni er hagnýtt.
- Þ24.2 Sjá einnig kafla um LÍFSGÆÐI þar sem settar eru fram leiðir að aukinni almennri þekkingu um umhverfi og sögu Snæfellsness (markmið Þ1).

Markmið

U19 Handverk og listiðnaður tengdur svæðinu sé sýnilegur í umhverfinu.

Leiðir að markmiði

- U19.1 Listaverk, munir, gamalt handverk o.þ.h. verði nýtt, t.d. við byggingar eða á opnum svæðum, á upplýsingaskiltum og á samkomu- og áningarstöðum.

Markmið

A19 Tengsl milli listgreina og atvinnustarfsemi styrkist.

Leiðir að markmiði

- A19.1 Sjá kafla um LÍFSGÆÐI þar sem settar eru fram leiðir að aukinni almennri þekkingu um umhverfi og sögu Snæfellsness (markmið Þ1).

Markmið

Þ25 Þekking á gömlu snæfellsku handverki aukist.

Leiðir að markmiði

- Þ25.1 Vinna yfirlit yfir þekkt snæfellskt handverk og miðla því á SNÆFELLSNESVEFNUM, sameiginlegum vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins.
- Þ25.2 Halda námskeið um hleðslur úr torfi og grjóti með þeim aðferðum sem beitt var á Snæfellsnesi. Einnig um steinsmíði,

eldsmíði, silfursmíði og vinnslu úr t.d. rekaviði, roði, fiskibeinum, leir og selskinni.

- Þ25.3 Halda námskeið um hluti sem áður voru framleiddir á Snæfellsnesi.
- Þ25.4 Hvetja til fræðslu um gamalt handverk í leikskólum og grunnskólum.
- Þ25.5 Sjá einnig kafla um LÍFSGÆÐI þar sem settar eru fram leiðir að aukinni almennri þekkingu um umhverfi og sögu Snæfellsness (markmið Þ1).





Markmið

p26 Menntun í skapandi greinum eflist.

Leiðir að markmiði

- p26.1 Þróa námsleiðir og námskeið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, þar sem skapandi greinum er sinnt.
- p26.2 Hvetja til nýtingar efna og sérkenna úr snæfellsku landslagi og menningu við listmenntun í leik- og grunnskólum.

FRAMLEIÐSLUIÐNAÐUR

Markmið

- U20 Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.**

Leiðir að markmiði

- U20.1 Leggja áherslu á matvælaframleiðslu sem stóriðju svæðisins. Sjá stefnu um MAT.
- U20.2 Hvetja til lítt mengandi atvinnurekstrar og smáiðnaðar.

Markmið

- A20 Matvælaframleiðsla eflist sem stóriðja svæðisins. Sjá stefnu um MAT.**

Leiðir að markmiði

- A20.1 Sjá stefnu um MAT.

Markmið

- A21 Byggt verði á þeim grunni sem þegar hefur verið mótaður með umhverfisvottun sveitarfélaganna.**

Leiðir að markmiði

- A21.1 Stuðla að því að fyrirtæki starfi með umhverfisvænum áherslum, t.d. með því að fræða um slíkar áherslur, mikilvægi þeirra og ávinning af þeim.
- A21.2 Vinna að aukinni endurvinnslu úrgangs. Sjá einnig stefnu um GRUNNGERÐ – Endurnýtingu og förgun úrgangs.



Markmið

A22 Auðlindir svæðisins séu nýttar enn frekar til ýmis konar framleiðslu.

Leiðir að markmiði

A22.1 Meta möguleika á að nýta vatn, þörunga og fleiri auðlindir og þróa verkefni á grunni þess.

Markmið

Þ27 Þekking aukist á möguleikum til að nýta snæfellskt hráefni í ýmiss konar smáframleiðslu.

Leiðir að markmiði

Þ27.1 Halda námskeið um nýtingu jurta í smyrsl o.fl.

Þ27.2 Efla rannsóknir í tengslum við nýtingu þörunga til matvælaframleiðslu.

Þ27.3 Leita leiða í samstarfi við rannsóknarstofnanir til þess að þróa eldsneytisvinnslu og framleiðslu úr úrgangi.

Þ27.4 Viðhalda verkkunnáttu í fiskvinnslu, t.d. með þróun fisknámsbrautar í FSN.

MANNVIRKJAGERÐ

Markmið

U21 Sjá markmið U13 um LANDSLAG – BÚSETULANDSLAG.

Markmið


Þ28 Menntun á sviði mannvirkjagerðar, sem tekur mið af sérkennum og staðaranda Snæfellsness, styrkist. Sjá umfjöllun um staðaranda í GRUNNI áætlunarinnar.

Leiðir að markmiði

- Þ28.1 Þróa námsleiðir og námskeið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Þ28.2 Sjá einnig markmið um eflingu snæfellsks handverks og leiðir að því, hér að framan.



FERÐALAG



- | | | | | |
|---------------------------|------------------------------|--------------------------------|-----------------------------|---|
| — Stofnvegur | — Göngu- og reiðleið | ▨ Snæfellsjökull þjóðgarðsmörk | — Ferja | ● Þjóðsögur |
| — Tengivegur | — Reiðleið | ■ Þjóðgarðsmiðstöð | — Flugvöllur | ▲ Fornsögur |
| — Rólegur ferðamannavegur | — Gønguleið - fjallgarður | ▲ Gestastofa | — Flugbraut | ● Saga sjósóknar |
| — Hjólaleið | ★ Inngangar inn í Svæðisgarð | ● Hlið inn í þjóðgarð | — Móttaka skemmtiferðaskipa | ■ Veitinga- og kaffihús með mat úr heimabyggð |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



FERÐALAG

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSKT FERÐALAG

Ferðalangar á Snæfellsnesi finni fyrir sterkum andasvæðisins, njóti góðrar þjónustu, spennandi upplifunar og áhugaverðrar afþreyingar á fjölbreyttum ferðaleiðum og áfangastöðum sem dreifast um allt svæðið. Snæfellsnes styrkist sem einn af megináfangastöðum ferðamanna á Íslandi.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

STAÐARANDI OG GÆÐI

Markmið

U22 Staðarandi Snæfellsness styrkist við umhverfismótun og mannvirkjagerð, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi. Sjá nánar kaflann GRUNNUR – Staðarandi Snæfellsness.

Leiðir að markmiði

U22.1 Nýta og útfæra nánar greiningu þessa svæðisskipulags á náttúru, menningu og sögu, staðaranda og „karakter-svæðum“ Snæfellsness, við aðal- og deiliskipulagsgerð.



U22.2 Gera grein fyrir, í deiliskipulagi og framkvæmda- og byggingarleyfisum-sóknum, hvernig tekið er tillit til staðarandans.

U22.3 Sjá einnig markmið og leiðir um landslag sveita og bæja í kafla um LANDSLAG.

Markmið

U23 Ávinningur samfélagsins af ferðalögum um svæðið dreifist sem víðast og komið sé í veg fyrir ofálag á einstaka staði.

Leiðir að markmiði

U23.1 Stuðla að dreifingu ferðamanna sem víðast með því að skipuleggja og kynna ferðaleiðir (göngu-, reið- og hjólaleiðir) og móta áfangastaði um allt svæðið.

U23.2 Gera úttekt á ástandi helstu ferðamannastaða og vinna síðan áætlun um lagfæringar þar sem úrbóta er þörf.

U23.3 Gera reglubundnar kannanir meðal ferðamanna um hvaða staðir eru heimsóttir, m.a. til að fylgjast með álagi á einstaka staði svo að hægt sé að bregðast við í tíma.

U23.4 Nýta umhverfismat við aðal- og deiliskipulagsgerð til að koma í veg fyrir álag á viðkvæm svæði og neikvæð áhrif.

U23.5 Hafa gott samráð við íbúa um stefnumótun og skipulag og nýta aðal- og deiliskipulagsferlið til að samræma landnotkun og starfsemi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

U23.6 Sjá einnig markmið og leiðir í kafla um LANDSLAG.

Markmið

A23 Þróun í ferðapjónustu grundvallist á að nýta og styrkja staðaranda Snæfellsness, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi. Sjá nánar GRUNNUR - Staðarandi Snæfellsness.

Leiðir að markmiði

A23.1 Stuðla að þróun ferða, áfangastaða, leiðsagnar, gistingar, veitingastaða, veitinga og minjagripa sem endurspeglar staðaranda Snæfellsness.

A23.2 Sjá einnig markmið og leiðir í kafla um LANDSLAG.

Markmið

A24 Ferðapjónusta á Snæfellsnesi einkennist af fagmennsku og umhverfisvitund.

Leiðir að markmiði


A24.1 Vinna að vottun ferðapjónustufyrirtækja eftir viðurkenndum gæða- og umhverfiskerfum.

Markmið

A25 Heilsársstörfum í ferðapjónustu fjölgi.

Leiðir að markmiði

A25.1 Hvetja til samvinnu ferðapjónustuaðila á svæðinu í samstarfi við Markaðsskrifstofu Vesturlands, um að skilgreina „vetrarpakka“ sem markaðssettur verði með markvissum hætti.





A25.2 Skilgreina frekar grunngerð ferðþjónustu á svæðinu og móta tillögur sem miða að því að tryggja lágmarksþjónustu utan háannatíma.

A25.3 Stuðla að markaðssetningu á stuttum ferðalögum á öllum árstímum og nýta þannig nálægð við höfuðborgarsvæðið og heppilega stærð svæðisins.

A25.4 Stuðla að samvinnu við ferðþjónustufyrirtæki utan og innan svæðisins um að setja saman 1-5 daga ferðir sem bjóða upp á sem fjölbreyttasta upplifun.

Markmið

A26 Góðir og fjölbreyttir gistimöguleikar séu í boði.

Leiðir að markmiði

A26.1 Greina þörf fyrir viðbótargistingu á svæðinu og setja fram tillögur um hvernig megi mæta henni.

Markmið

Þ29 Þekking ferðþjónustuaðila á umhverfistúlkun (environmental interpretation) og sögutúlkun (heritage interpretation) aukist, sem leið til að vinna meira með staðaranda svæðisins.

Leiðir að markmiði

Þ29.1 Standa fyrir námskeiðum um umhverfis- og sögutúlkun með hliðsjón af VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA.

Þ29.2 Stuðla að góðri þekkingu ferðaskrifstofa og annarra sem skipuleggja ferðir á Snæfellsnesi, á staðaranda svæðisins og stefnu Snæfellinga í þessu svæðis-skipulagi.

Þ29.3 Dreifa upplýsingum skipulega til innlendra og erlendra ferðaskrifstofa, ferðþjónustuaðila og leiðsögumanna.

Markmið

Þ30 Umhverfis- og gæðastarf sé innleitt með markvissum hætti.

Leiðir að markmiði

Þ30.1 Halda námskeið um innleiðingu gæða- og umhverfiskerfis. Sjá í samhengi við umfjöllun um vörumerki í kafla um Ímynd Snæfellsness.

Þ30.2 Halda á lofti mögulegri viðurkenningu sem EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu,



sem Ferðamálastofa heldur utan um, en Stykkishólmur var útnefndur sem slíkur staður árið 2011.

Þ30.3 Veita árlega umhverfisverðlaun.

Markmið

Þ31 Rannsóknir á sviði ferðamála á Snæfellsnesi eflist og niðurstöður þeirra nýtist.

Leiðir að markmiði

Þ31.1 Taka saman lista yfir gagnleg rannsóknar-efni og hvetja háskólanemendur, fræðasetur og rannsóknarstofnanir til að nýta sér listann, ásamt því að hvetja til samvinnu milli aðila.

Þ31.2 Miðla niðurstöðum rannsókna til ferða-þjónustugeirans með markvissum hætti.

Markmið

Þ32 Upplýsingar um ferðamöguleika á svæðinu séu sem aðgengilegastar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Leiðir að markmiði

Þ32.1 Hagnýta fjölbreytta tækni við upplýsinga-gjöf í gegnum SNÆFELLSNESVEFINN (sameiginlegan vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins) þ.m.t. snjallforrit.

LYKILÞEMU FERÐAMENNSKU, FERÐALEIÐIR OG ÁFANGASTAÐIR

Markmið

U24 Uppbygging ferðaleiða og áfangastaða sé markviss út frá lykilþemu í ferðamennsku. Þau þemu eru skilgreind í þessari áætlun, á grunni greiningar á svæðinu, samráðs við vinnuhópa og samhengi við þemu sem þegar er vísir að, ýmist á Vesturlandi sem heild eða á Snæfellsnesi sérstaklega.

Leiðir að markmiði

U24.1 Skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur, ferðafélög og aðra hagsmunaaðila, fyrir mismunandi fararmáta (gangandi, hjólandi, ríðandi, akandi, siglandi) fyrir hvert lykilþema (sjá þemu undir markmið A27) og festa í aðal- og deiliskipulagi og/eða kynna á SNÆFELLSNESVEFNUM, eftir því sem við á út frá eðli og umfangi leiðar og hvort um stíg eða veg er að ræða eða einungis merкта leið. Móta stefnuna á grunni heildarúttektar á ferðaleiðum (göngu-, hjóla- og reiðleiðum) sem birtar hafa verið á hinum ýmsum kortum og vefsíðum. Ákveða hvaða leiðir eða hlutar leiða kalla á stígagerð eða aðrar framkvæmdir.

U24.2 Skilgreina legu hjólastígs umhverfis Snæfellsnes, festa hann í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um gerð hans og kynningu. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga.


U24.3 Skilgreina gönguleið umhverfis Snæfellsnes með áningarstöðum og merktum leiðum niður að sjó á völdum stöðum. Þannig sé unnt að ganga allan hringinn í nokkrum áföngum. Festa leiðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um að gera hana greiðfæra, stika og kynna. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga.

U24.4 Skilgreina reiðleið umhverfis Snæfellsnes í aðalskipulagi í samvinnu við hagsmunaaðila og kynna hana eftir því sem við á.

U24.5 Setja reglur um umferð hjólreiðamanna um reiðleiðir.

U24.6 Endurhlaða og lagfæra vörður í samvinnu við minjavörð.

GÖNGULEIÐIR



■ ■ ■ ■ Göngu- og hlaupaleið ■ ■ ■ ■ Sögu- og ævintýraleið ■ ■ ■ ■ Áhugaverð leið ■ ■ ■ ■ Strandleið

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3





Markmið

A27 Framboð á ferðum, gistingu, afþreyingu og dægradvöl aukist á fjölbreyttum sviðum ferðamennsku, en lögð sé áhersla á lykilþemu sem skilgreind eru í þessari áætlun.

Leiðir að markmiðum

A27.1 Leggja megináherslu á að þróa vörur og þjónustu út frá eftirfarandi þemum sem lýst er á næstu blaðsíðum og flétta inn í hvert þeirra möguleika á ferðum á mismunandi fararskjótum (tveimur jafnfljótum, hjólastól, reiðhjóli, mótörhjóli, hesti, bát, einkabifreið, almenningsvagni eða hópferðabíl) en

hvetja til umhverfisvænna samgöngumáta. Einnig flétta inn í þemun áhuga-verða áningarstaði og fjölbreytta möguleika til að njóta matar af svæðinu og upplifa matarmenningu þess. Þemun byggja á greiningu á auði og staðaranda Snæfellsness, sbr. kafla um GRUNN áætlunarinnar. Sjá einnig í samhengi við markmið um uppbyggingu ferðaleiða og áfangastaða að framan.




Strandmenning Snæfellsness

Þróa áfram verkefni tengd samspili landbúnaðar og útvegs, hafs og lands, í fortíð og nútíð. Vinna t.d. í samhengi við Krókaverkefnið (Lífið við sjávarsíðuna – áfangastaðurinn Snæfellsnes) og samstarf á grunni Breiðafjarðarfléttunnar.



Söguslóðir Snæfellsness

Þróa áfram verkefni tengd ríkri sögu svæðisins. Vinna t.d. í samhengi við Sögulandið Vesturland, verkefnið um Sögu og Jökul, fornminjarannsóknir að Gufuskálum, Sjóminjasafnið á Hellissandi, Pakkhúsið í Ólafsvík, Sögumiðstöðina í Grundarfirði, Hákarlasafnið í Bjarnarhöfn, Norska húsið í Stykkishólmi og Sögufylgjuverkefnið, sem nær m.a. yfir Staðarsveit.




Jarðfræði Snæfellsness

Þróa áfram verkefni, ferðaleiðir og áfangastaði tengda fjölbreyttri og merkilegri jarðfræði svæðisins. Vinna t.d. í samhengi við Eldfjallasafnið í Stykkishólmi og stefnu þessa svæðis-skipulags um jarðvang.



Lífríki Snæfellsness

Þróa áfram verkefni tengd fuglaskoðun og annarri náttúruskoðun á sjó og landi. Vinna t.d. í samhengi við Breiðafjarðarfléttuna og skýrsluna *Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum* sem gefin var út af Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi í mars 2012.



Vatnið á Snæfellsnesi

Þróa áfram verkefni tengd ölkeldum, heitu og köldu vatni í ýmsu samhengi, m.a. tengt baðaðstöðu, heilsurækt og listum. Vinna t.d. í samhengi við Vatnasafnið í Stykkishólmi, verkefni Vatnavína á Snæfellsnesi og hugmyndir um heilsulindir við Laugargerði, á Lýsuhóli og við Berserkseyri.



Sjórinn við Snæfellsnes

Þróa áfram verkefni tengd sjósporti, s.s. brimbrettaiðkun, kajakróðri, köfun, sjósundi og stangveiði frá landi og af sjó.



Dulmagn Snæfellsness

Þróa áfram verkefni tengd krafti og töfrum Snæfellsjökuls og náttúru svæðisins, sögum af álfum og huldufólki, draugum, skrímslum, tröllum og geimverum. Vinna t.d. í samhengi við samstarf Sögufylgja á sunnanverðu Snæfellsnesi og Sveitavegin.

GRUNNGERÐ FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Markmið

U25 Vegir, stígar og nettengingar svæðisins þróast í samræmi við þarfir íbúa og fjölgun ferðamanna.

Leiðir að markmiði

U25.1 Bæta vegakerfið og stígakerfið. Sjá markmið og leiðir í kafla um GRUNNGERÐ og markmið um ferðaleiðir, hér í þessum kafla um FERÐALAG.

Markmið

U26 Ein aðalupplýsingamiðstöð sé við lykilingang inn á svæðið, en minni stöðvar á þéttbýlisstöðunum.

Leiðir að markmiði

U26.1 Koma upp sameiginlegri upplýsingamiðstöð (gestastofu) sveitarfélaganna á hentugum stað þar sem flestir sem ferðast um Snæfellsnesið eiga leið um.

U26.2 Auka samstarf milli upplýsingamiðstöðva sveitarfélaganna.

Markmið

U27 Hreinlætisaðstaða sé fullnægjandi.

Leiðir að markmiði

U27.1 Greina hvar vantar hreinlætisaðstöðu í grennd við ferðamannastaði og vinna að því að leysa það mál.

Markmið

U28 Góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og sambærilega gistimáta sé í boði á lykilstöðum á sunnan- og norðanverðu Snæfellsnesi og í austur- og vesturenda þess.

Leiðir að markmiði

U28.1 Gera úttekt á þeim svæðum sem fyrir eru og athuga hvernig hægt sé að efla þau og styrkja og hvar mætti staðsetja ný. Festa staðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

Markmið

A28 Samstarf ferðaþjónustuaðila innan Snæfellsness og á Vesturlandi í heild styrkist, svo og samvinna þeirra við sveitarfélögin.

Leiðir að markmiði

A28.1 Auka samstarf í samvinnu við Markaðstofu Vesturlands.

Markmið

Þ33 SNÆFELLSNESVEFURINN (www.snæfellsnes.is) þróist sem aðalupplýsingaveita um það að búa, starfa og ferðast á Snæfellsnesi.

Leiðir að markmiði

Þ33.1 Hafa aðgengilegar samræmdar upplýsingar um allt það helsta sem er í boði fyrir íbúa og ferðamenn á SNÆFELLSNESVEFNUM.

Markmið

Þ34 Fræðsla, þjálfun og leiðbeiningar fyrir ferðabjónustuaðila og þá sem hafa áhuga á að fara út í ferðabjónustu eflist.

Leiðir að markmiði

Þ34.1 Koma upp leiðsögumannanámi eða námskeiðum í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, í samstarfi við fag- og hagsmunaaðila. Sníða þau mögulega að mismunandi ferðamátum (göngu-, hjóla-, hesta- og bílferðum).

Þ34.2 Styrkja greinar í FSN sem nýtast ferðabjónustu og hvetja til nýsköpunar í henni.

Þ34.3 Hafa góðan aðgang að ráðgjöf á sviði ferðabjónustu í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands.



Markmið

Þ35 Tengsl heimamanna við ferðamennsku og ferðabjónustugeirann styrkist.


Leiðir að markmiði

Þ35.1 Hvetja til verkefnis þar sem ferðamönnum gefst kostur á að hitta heimamenn og verja tíma með þeim. Í því skyni mætti t.d. stofna sjálfboðaliðahóp, VINI SNÆFELLSNESS, eða stofna fyrirtæki

sem ferðamenn geta haft samband við til að óska eftir tómstundafélögum, s.s. til að fara í gönguferð, hjólatúr, skoða safn eða fara út að borða eina kvöldstund.

Þ35.2 Stofna sjálfboðaliðahóp, VINI SNÆFELLSNESS, þar sem fólk getur gefið kost á sér til að sinna ýmsum verkefnum í þágu ferðamennsku á Snæfellsnesi. Hugsunin er að virkja t.d. félagi í félögum til að vinna skipulega að tilteknum verkefnum sem samræmast stefnu svæðisskipulags.

GRUNNGERÐ



- | | | | |
|-------------------------|------------------------------|---|---------------------------|
| Svæðisgarðsmörk | Göngu- og reiðleið | Gestastofa | Flugvöllur |
| Stofnvegur | Reiðleið | Hlið inn í þjóðgarð | Flugbraut |
| Tengivegur | Inngangar inn í Svæðisgarð | Ferja | Móttaka skemmtiferðaskipa |
| Rólegur ferðamannavegur | Snæfellsjökull þjóðgarðsmörk | Þjónustustaðir í dreifbýli og minni þéttbýlisstaðir | Stærri þéttbýlisstaðir |
| Hjólaleið | Þjóðgarðsmiðstöð | | |

Kortagrunnur: Landmælingar Íslands IS 50V 3.3



GRUNGERÐ OG STJÓRNUN

MEGINMARKMIÐ FYRIR SNÆFELLSKA GRUNGERÐ OG STJÓRNUN

Samgöngukerfi Snæfellsness bjóði upp á fjölbreytta fararmáta og almenningsamgöngur eflist. Fjarskiptakerfi styrkist og sameiginleg veitukerfi verði víðar. Vel sé staðið að nýtingu vatns- og orkuauðlinda. Stuðlað verði að aukinni endurnýtingu. Sjálfbærnisjónarmið, samfélagsábyrgð, virkt samráð og umhverfisstjórnun einkenni starfsemi sveitarfélaganna og verði leiðarljós fyrirtækja á svæðinu.

Til að stuðla að þessu meginmarkmiði eru sett fram eftirfarandi markmið.

VEGIR

Markmið

U29 Meginhringleiðin umhverfis Snæfellsnes og þverun þess um Vatnaleið og Fróðárheiði, sé örugg og greiðfær allan ársins hring.

Leiðir að markmiði

U29.1 Tryggja góðan veg hringinn í kringum Snæfellsnes; um Snæfellsnesveg (nr. 54) að sunnanverðu, síðan um Útnesveg fyrir



Jökul (nr. 574) og aftur Snæfellsnesveg að norðanverðu (nr. 54).

U29.2 Viðhalda Vatnaleiðinni vel sem aðalþverun á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness.

U29.3 Ljúka við vegagerð um Fróðárheiði sem mikilvæga leið innan svæðis/sveitarfélags.

U29.4 Tryggja góðan snjómokstur og hákuvarnir.

Markmið

U30 Tengingar inn á svæðið séu greiðfærar.

Leiðir að markmiði

U30.1 Hvetja til góðs viðhalds á veginum um

Mýrar, sem einni af aðalaðkomuleiðunum að Snæfellsnesi, og vinna að uppbyggingu vegar um Skógarströnd.

Markmið

U31 Tiltæknum vegum sé viðhaldið sem ferðamannavegum og þeir útfærðir og kynntir sem slíkir.

Leiðir að markmiði

U31.1 Skilgreina ferðamannavegi í aðalskipulagi og útfæra þá í samvinnu við Vegagerðina og í samráði við hagsmunaaðila. Skilgreina þá sem malarvegi með hægri umferð, útskotum, bílastæðum og áningarstöðum, til að auðvelt sé að staldra við, upplifa og njóta. Hugað verði að mögulegri umferð hjólréiðamanna.



Dæmi um vegi sem gætu fallið í þennan flokk er leiðin frá Öndverðarnesi, um Eysteinsdal og Jökulháls að Arnarstapa og gamli vegurinn um Berserkjahraun.

U31.2 Lagfæra veginn um Jökulháls þannig að hann verði sem öruggastur fyrir rólega ferðamannaumferð yfir sumartímann. Setja reglur um umferð hópferðabíla þar, sem miða að því að lágmarka hættu á

árekstrum við umferð úr gagnstæðri átt.

STÍGAR OG LEIÐIR

Markmið

U32 Sjá stefnu um FERÐALAG - Lykilþemu ferðamennsku, ferðaleiðir og áfangastaði.

HAFNIR

Markmið

U33 Höfnum og hafnarsvæðum sé vel við haldið. Við skipulag þeirra sé bæði hugað að hagsmunum hefðbundins sjávarútvegs og að hafnsækinni/sjávartengdri tómstundaiðkun og ferðaþjónustu.

Leiðir að markmiði

- U33.1 Móta heildarsýn fyrir hafnir á Snæfellsnesi sem miðar að því að fjölbreytt þjónusta sé í boði á svæðinu.
- U33.2 Deiliskipuleggja hafnarsvæðin út frá hlutverki þeirra og þannig að hefðbundinni starfsemi sé tryggt öruggt rými fyrir sín umsvif og leiðir fyrir almenna umferð séu skýrt afmarkaðar.
- U33.3 Hafnarsvæðum sé vel haldið við og snyrtimennsku gætt.
- U33.4 Þróa móttöku skemmtiferðaskipa áfram í Grundarfirði.
- U33.5 Tryggja góðar aðstæður fyrir Breiðafjarðarferjuna í Stykkishólshöfn.

Markmið

A29 Stjórnun umhverfismála hjá höfnum sé markviss og í samræmi við bestu aðferðir hverju sinni.

Leiðir að markmiði

A29.1 Stjórnendur hafi markvissa stefnu um stjórnun umhverfismála hafna. Stefnan sé sýnileg viðskiptavinum, íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Markmið

A30 Atvinnurekstur á hafnarsvæðum sé öflugur.

Leiðir að markmiði

A30.1 Nýta vel uppbyggða hafnaraðstöðu til þess að laða að hafnsækna starfsemi á sviði fiskveiða, flutninga, viðskipta, verslunar og ferðaþjónustu. Sjá í samhengi við U33.2 um skipulag hafnarsvæða.

FLUGVELLIR

Markmið

U34 Mögulegt sé að lenda minni flugvélum og þyrlum á Snæfellsnesi.

Leiðir að markmiði

- U34.1 Loka ekki möguleikum á að nýta flugbrautir við Rif og Grundarfjörð.
- U34.2 Viðhalda Stykkishólmsflugvelli m.t.t. öryggis, þjálfunarflugs og einkaflugs.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Markmið

A31 Góðar almenningssamgöngur séu í boði innan svæðis og við aðra landshluta, í þágu íbúa, skóla og atvinnulífs, allt árið um kring.

Leiðir að markmiði

- A31.1 Sjá um aðstæður fyrir Breiðafjarðarferjuna undir markmiði fyrir hafnir hér frammar.
- A31.2 Tryggja hringleið almenningssvagna um Snæfellsnesið með tengingu við áætlun Breiðafjarðarferjunnar.

FJARSKIPTI

Markmið

U35 Fjarskiptakerfi séu mjög góð; net-tengingar og sjónvarps- og útvarps-sendingar.

Leiðir að markmiði

U35.1 Tryggja öflugt og öruggt netsamband um allt Snæfellsnes. Vinna sérstaklega að bættu netkerfi í dreifbýli.

VEITUR OG ORKUÖFLUN

Markmið

U36 Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum sé tryggt gott neysluvatn.

Leiðir að markmiði

U36.1 Vinna yfirlit yfir vatnsból á Snæfellsnesi og ljúka við afmörkun vatnsverndarsvæða í samræmi við viðeigandi reglugerð.

Markmið

U37 Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum sé tryggður góður aðgangur að heitu vatni.

Leiðir að markmiði

U37.1 Halda áfram rannsóknum á jarðvarma á svæðinu og kostum á nýtingu hans.

Markmið

U38 Örugg dreifing raforku sé tryggð um allt Snæfellsnes.

Leiðir að markmiði

U38.1 Leita leiða til að auka raforkuöryggi og lækka orkukostnaðinn á svæðinu.

U38.2 Vinna að því að allar raflínur verði lagðar í jörðu.

Markmið

A32 Nýir orkugjafar séu kannaðir.

Leiðir að markmiði

A32.1 Kanna möguleika á þróunarverkefnum sem lúta að umhverfisvænum orkugjöfum.

A32.2 Hraða rannsóknum og virkjun sjávarorkunnar og sjávarfalla og leita samstarfs utan lands sem innan í þeim tilgangi.

ENDURNÝTING OG FÖRGUN ÚRGANGS

Markmið

U39 Flokkun úrgangs og endurnýting aukist.

Leiðir að markmiði

U39.1 Vinna heildstætt yfirlit yfir móttöku og flokkunarstöðvar á Snæfellsnesi og gera tillögur um hvað betur megi fara til að auka flokkun og endurnýtingu.

U39.2 Auka jarðgerð á lífrænum úrgangi.

U39.3 Vinna að bættu skipulagi söfnunar og flokkunar og aukinni úrvinnslu og endurnýtingu.

STJÓRNUN

Markmið

U40 Velséstaðið að áætlanagerð og skipulagi og stjórnsýsla sé til fyrirmyndar.

Leiðir að markmiði

U40.1 Fylgja þessari svæðisskipulagsáætlun markvisst eftir með stofnun svæðisgarðs. Sjá nánar stefnu um FRAMFYLGD.

U40.2 Vanda til verka við aðal- og deiliskipulagsgerð og alla umsýslu leyfisveitinga. Auka samráð við íbúa við mótun stefnu og skipulags og viðhafa gagnsæi við afgreiðslu mála.

U40.3 Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, m.a. með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum um umhverfisevni fyrir svæðið.

U40.4 Styðja við samtakamátt samfélagsins; virkja og hvetja fólk til þátttöku í samfélaginu, t.d. í viðburðum og námskeiðum.



Framfylgd

Í þessum hluta áætlunarinnar er gerð grein fyrir hvernig unnið verður að framfylgd stefnunnar.

- Svæðisskipulagsnefnd og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Aðalskipulag og deiliskipulag
- Framkvæmda- og byggingarleyfi
- Fjárhags-, framkvæmda- og verkefnaáætlanir



SVÆÐISSKIPULAGSNEFND OG SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES

SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulaginu eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags, sbr. 25. gr. skipulagslaga. Svæðisskipulagsnefnd, sem er skipuð að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, sér um framfylgd svæðisskipulagsins og breytingar á því, sbr. 9. gr. skipulagslaga. Skipulagsákvæðanir nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanleg samþykkt svæðisskipulags, eru háðar samþykki allra hlutaðeigendisveitarstjórna. Gerterráðfyriraðsvæðisskipulagsnefnd muni starfa í nánú samstarfi við stjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness, sbr. það sem segir hér síðar.

UM SVÆÐISGARÐ

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes var stofnaður þann 4.4.'14, m.a. í þeim tilgangi að vinna að framgangi þessarar svæðisskipulags- og sóknaráætlunar í samvinnu við svæðisskipulagsnefnd. Markmiðið er að efla samfélagið, vinna sameiginlega að því að bæta lífsgæði og lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta.


Svæðisgarðurinn mun halda utan um samvinnu fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka á svæðisvísu. Samstarfið mun byggja á sameiginlegri sýn um sérstöðu svæðisins og stefnu um styrkingu þess sem birtist í þessu svæðisskipulagi.

Erlendar fyrirmyndir sýna að þessi leið til að stilla saman strengi íbúa, fyrirtækja og stjórnvalda á samstæðu svæði er líkleg til að gefa frjóan jarðveg fyrir þá sem vilja nýta sér landkosti og sérstöðu svæðisins á fjölbreytilegan hátt.

STJÓRNUNARÁÆTLUN SVÆÐISGARÐS

Samstarfsaðilar að svæðisgarði samþykktu, þann 4.4.2014, stjórnunaráætlun fyrir Svæðisgarðinn Snæfellsnes. Áætlunin hefur stoð í stofnsáttmála aðila, sem samþykktur var samhliða. Stjórnunaráætlunin segir til um stjórnfyrirkomulag, hlutverk og helstu verkefni Svæðisgarðsins og er byggð á því sem fram kemur í svæðisskipulagsvinnunni.

Það er m.a. hlutverk Svæðisgarðsins að fylgjast með því hvernig gengur að framfylgja stefnu Svæðisskipulags Snæfellsness 2014-2026 og samræma starf ólíkra aðila í samstarfi við svæðisskipulagsnefnd. Hlutverk sitt rækir Svæðisgarðurinn með því að sinna skilgreindum viðfangsefnum að því marki sem hann hefur fjármuni og umboð til hverju sinni



FRAMKVÆMDA- OG BYGGINGARLEYFI

SAMRÆMI VIÐ STEFNU

Við leyfisveitingar verður gengið úr skugga um að framkvæmd sé í samræmi við svæðisskipulagið og aðrar viðeigandi skipulagsáætlanir. Unnir verði gátlistar til að auðvelda yfirferðina.



FJÁRHAGS-, FRAMKVÆMDA- OG VERKEFNAÁÆTLANIR

FORGANGSRÖÐUN

Gert er ráð fyrir að verkefnum og framkvæmdum sem tilgreind eru í leiðum að markmiðum verði forgangsraðað við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna og annarra samstarfsaðila Svæðisgarðsins, sem og við gerð starfsáætlana Svæðisgarðsins.

SKILGREINING VERKEFNA

Lögð verði áhersla á að skilgreina verkefni og framkvæmdir vel, með svæðisskipulagsstefnuna sem útgangspunkt.





HEIMILDASKRÁ OG ÍTAREFNI

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020. Staðfest 6.10.2014.

Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015. Dreifbýli. Staðfest 12.2.2010.

Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015. Þéttbýli. Staðfest 8.12.2003.

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024. Óstaðfest tillaga dags. 1.3.2013.

Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015. Staðfest 8.7.1997.

Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022. Staðfest 9.7.2002.

Agn.ehf. (e.d.). Veiðistaðir. Sótt í maí 2012 af http://www.agn.is/displayer.asp?cat_id=954.

Alta. (2009). Sjávarfang í sjávarbyggð. Hvar liggja tækifærin? Samantekt af málþingi sem var haldið í Klifi, Snæfellsbæ, 7.12.2009. Sótt í febrúar 2014 af <https://sites.google.com/a/alta.is/sjavarfang/>.

Alta. (2012). Lýsing „karactersvæða“ Snæfellsness. Sótt í febrúar 2014 af <http://svaedisgardur.is/images/kista/Karactersvaedislysingar.pdf>.

Alta. (2012). Lýsing svæðisskipulagsverkefnis: Aðalskjal. Sótt í febrúar 2014 af http://www.svaedisgardur.is/images/pdf/lysing_adalskjal.pdf.

Alta. (2012). Lýsing svæðisskipulagsverkefnis: Viðauki. Sótt í febrúar 2014 af http://www.svaedisgardur.is/images/pdf/lysing_vidauki.pdf.

Alta. (2012). Svæðisgarður á Snæfellsnesi, punktar úr spurningakönnun meðal ferðamanna á svæðinu í júlí og ágúst 2012. Sótt í febrúar 2014 af <http://svaedisgardur.is/images/pdf/spurningakonnun-f-vef.pdf>.

Alta. (2012). Svæðisgarður á Snæfellsnesi. Samantekt um starf vinnuhópa nóv. 2012 – feb. 2013. Sótt í febrúar 2014 af <http://svaedisgardur.is/images/pdf/Starf%20vh%20f%20vef%20april%202013.pdf>.

Alta. (2012). Svæðisgarður Snæfellinga. Tilefni og ávinningur. Sótt í febrúar af <http://svaedisgardur.is/tilfni-og-avinningur>.

Alta. (2013). Unga fólkíð og Snæfellsnesið II. Sótt í febrúar 2014 af <http://>

svaedisgardur.is/images/pdf/skyrsla_ungmenni_4feb.pdf.

Alta. (2012). Unga fólkíð og Snæfellsnesið. Sótt í febrúar 2014 af http://svaedisgardur.is/images/pdf/ungmennafundur_20121228.pdf.

Alþingi. (2011). Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011–2020. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/1657.html>.

Alþingi. (2013). Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.althingi.is/altext/143/s/0565.html>.

Alþjóðlegir samningar í umhverfismálum á vef umhverfisráðuneytisins. Sótt af www.umhverfisraduneyti.is.

Arnór Þrastarson, Róbert Arnar Stefánsson og Jón Einar Jónsson. (2012). Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum. Grunnupplýsingar ætlaðar ferðaþjónustu og ferðamönnum. Snæfellsnes: Náttúrustofa Vesturlands, Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Sótt í maí 2012 af http://www.nsv.is/NSV_skyrslur/Snae_og_Dalir_afangaskyrsla_mars_2012.pdf.

Ása Richardsdóttir (ritstjóri). (2012). Skapandi greinar – sýn til framtíðar. Úttekt á stöðu og tillögur um bætt starfsumhverfi. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>.

Ásta Hermannsdóttir og Sindri Ellertsson Csillag. (2012). Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi. Rannsóknir í Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ sumarið 2011. Fornleifafræðistofan. Sótt af <http://fornleifafrædingafelagid.files.wordpress.com/2012/02/seljabuc3baskapur-c3a1-norc3b0anverc3b0u-snc3a6fellsnesi.pdf>.

Árni Björnsson. (1990). Íslenskt vættatal. Reykjavík: Mál og menning.

Ásgerður Einarsdóttir, Elín Hilmarsdóttir, Harpa Jóhannsdóttir og Vilborg M. Kjartansdóttir. (2003). Snæfells- og Hnappadalssýsla. Sótt í maí 2012 af http://www.hi.is/~ajonsson/kennsla2003/verkefni/SnaefellsHnappadalssysla_LOKA.doc.

Átthagastofa Snæfellsbæjar. (e.d.). Átthagastofa – samfélagsmiðstöð með meiru. Sótt í febrúar 2014 af http://www.snb.is/Files/Skra_0034788.pdf.

Átthagastofa Snæfellsbæjar. (2009). Krókaleið um Snæfellsnes 2009. Lífið við sjávarsiðuna – áfangastaðurinn Snæfellsnes. Hugmyndafræðin.

- Bjarki Bjarnason bjó til prentunar. (1999). Bárðar saga Snæfellsáss. Reykjavík: Iðnú.
- Björg Guðmundsdóttir. (2012). Snæfellsnes - umhverfivottað ferðapjónustuvæði. Óbirt BS-ritgerð: Háskólinn á Bifröst. Sótt í febrúar 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/12655/30894/1/B_S_Bj%C3%B6rgGu%C3%B0mundsd%C3%B3ttir_020776-5529.pdf.
- Björn Hróarsson. (2006). Íslenskir hellar. Reykjavík: Vaka-Helgafell, Edda.
- Breiðafjarðarfléttan. (e.d.). Fléttan. Sótt í febrúar 2014 af <http://flettan.is/>.
- Breiðafjarðarnefnd. (2014). Breiðafjarðarnefnd. Sótt af <http://www.breidafjordur.is/>.
- Edward H. Huijbens. (2010). Ferðafólk og Geótúrismi í nágrenni Dyrfjalla. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála. Sótt í febrúar 2014 af http://www.rmfi.is/files/pdf/skyrslur/2010/geoturism_hq.pdf.
- Einar Haukur Kristjánsson. (1982). Lýsing Snæfellsness frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Einar Haukur Kristjánsson. (1986). Snæfellsnes norðan fjalla. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Europarc Federation. (e.d.) The European Charter for Sustainable Tourism in Protected Areas. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.european-charter.org>.
- European Geoparks Network. (e.d.). Sótt í febrúar 2014 af <http://www.europeangeoparks.org/>.
- Eysteinn Sigurðsson. (1992). Vestur til Vínlands. Reykjavík: Iðnú.
- Eypór Einarsson. (1986). Gróðurfar á Snæfellsnesi. Snæfellsnes norðan fjalla. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Ferðamálastofa Íslands. (2012). All Senses ferðapjónustuklasinn á Vesturlandi. Sótt í febrúar 2014 af www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/all-senses-ferdathjonustuklasinn-a-vesturlandi.
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga. (2014). Um skólann. Námið. Námsbrautir. Sótt af <http://fsn.is/>.
- Forest of Bowland. (e.d.). A taste of Bowland. Sótt í febrúar 2014 af http://www.forestofbowland.com/files/uploads/pdfs/FOB_LocalProdDirect09LoRes.pdf.
- Formenn búnaðarfélaga Eyrarsveitar, Staðarsveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. (símtöl 2012, júní). Upplýsingar um tegundir býla á Snæfellsnesi.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness. (2012). Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun. Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti. Sótt í febrúar 2014 af http://nesvottun.is/wp-content/uploads/2012/09/sj%C3%A1lfbaernistefna_2012.pdf.
- Framkvæmdaráð Snæfellsness. (2013). Umhverfivottun Snæfellsness - í átt að sjálfbærara samfélagi. Sótt í febrúar 2014 af <http://nesvottun.is/>.
- Freysteinn Sigurðsson, Jóna Finndís Jónsdóttir, Stefanía Guðrún Halldórsdóttir og Þórarinn Jóhannsson. (2006). Vatnafarsleg flokkun vatnasvæða á Íslandi: hvernig bregðast landsvæði við úrkomu og miðla henni? Reykjavík: Orkustofnun.
- Grétar Þór Eypórsen o.fl. (2007). Ímynd Vesturlands. Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra. Borgarbyggð: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst. Sótt í febrúar 2014 af http://vaxtarsamningur.is/Files/Skra_0020134.pdf.
- Grundarfjarðarbær. (2013). Íbúafing í Grundarfirði 23. nóvember síðastliðinn. Frétt á vef Grundarfjarðarbæjar, birt 28.11.2013. Sótt í febrúar 2014 af http://www.grundarfjordur.is/default.asp?Sid_Id=7960&tid=2&fre_Id=182332&meira=1&Tre_Rod=.
- Guðný Rut Guðnadóttir. (2013). Jarðsaga og jarðfræði á Snæfellsnesi: Búlandshöfði, Stöðin og Kirkjufell. Óbirt BS-ritgerð: Háskóli Íslands, Jarðvísindadeild. Sótt í febrúar 2014 af <http://hdl.handle.net/1946/15340>.
- Guðríður Þorvarðardóttir. (1999). Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 – 2004. Breiðafjarðarnefnd. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.breidafjordur.is/Breidafjarðarnefnd/Verndaraetlun/vernd1.pdf>.
- Guðrún Rakel Svandísardóttir. (2011). Áningarstaðir á Snæfellsnesi. Óbirt BS-ritgerð: Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Gunnar Þ. Hallgrímsson og Ævar Petersen. (2005). Stöðuskýrsla um náttúrufræðistofnun á Breiðafirði. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt í

febrúar 2014 af http://www.breidafjordur.is/Utgafa/stoduskysrsla_endanleg.pdf.

Haraldur Sigurðsson. <http://vulkan.blog.is/>.

Haukur Jóhannesson. (2009). Jarðfræðikort af Íslandi berggrunnur. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Haukur Jóhannesson. (2009). Jarðfræðikort af Íslandi höggun. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Haukur Jóhannesson. (1982). Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Heilsuefling Stykkishólms – spa.is (e.d.). Vatnið góða í Stykkishólmi. Sótt í maí 2012 af <http://www.spa.is/heilsuefling/heilsa/vatnid-goda/>.

Heimsmínjanefnd Íslands. (2014). Sótt af <http://www.heimsminjar.is/>.

Húsafriðunarnefnd. (2012). Friðlýst hús og mannvirki - Vesturland. Sótt í maí 2012 af <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/>.

Ildi. (2009). Fréttatilkynningar um íbúafundi Kvarna. Sótt af www.ildi.is.

Íslendingasögur og þættir. (1998). Eyrbyggja saga: saga Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álftfirðinga. Reykjavík: Mál og menning.

Íslendingasögur og þættir. (1998). Víglundar saga. Reykjavík: Mál og menning.

Kennsluvefur Hörpu Hreinsdóttur (e.d.). Þjóðsögur og sagnir. Sótt í maí 2012 af <http://www.fva.is/harpa/fva/tjsogur.htm>.

Kirkjukort (e.d.). Sótt í maí 2012 af www.kirkjukort.net.

Kvarnir. (2009). Auðlindin Snæfellsnes. Auðlindin Snæfellsnes - Málþing á vegum Kvarna. Sótt í febrúar 2014 af http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0034759.pdf.

Landmælingar Íslands. (2009). Corine yfirborðsflokkun. (IS50 V3.3). Reykjavík: Landmælingar Íslands.

Landnámabók. (e.d.). Landnámabók (Sturlubók). Sótt í maí 2012 af <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

Leppänen, Eero. (2013). Snæfellsnes as a brand. A Study in regional brand identity. Óbirt BS-ritgerð: Lahti University of Applied Sciences.

Lilja Björk Pálsdóttir o.fl. (2009). Fornleifakönnun á verbúðarleifum á Gufuskálum, Snæfellsnesi. Bráðabirgðaskýrsla. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt af <http://rafhladan.is/handle/10802/579>.

Lindsay Church. (2011). Is EarthCheck community standard an effective sustainable tourism management tool? A Case Study on Snæfellsnes Peninsula, Iceland. Óbirt mastersritgerð: Háskólinn á Akureyri. Sótt í febrúar 2014 af <http://skemman.is/handle/1946/9497>.

Magnús Freyr Ólafsson og Rósa Björk Halldórsdóttir. (2012). Ferðaþjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015. Markaðsstofa Vesturlands. Sótt í febrúar 2014 af http://www.vesturland.is/media/PDF/StefnuskyrslaMV_30052012.pdf.

Mannvit. (2009). Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020. Sótt í febrúar 2014 af http://www.stykkisholmur.is/Files/Skra_0038252.pdf.

Margrét Björk Björnsdóttir. (2012). Sveitaverkefnið – sjálfsefling samfélags. Hítará – Hellnar. Ársskýrsla 2012.

Færeyskir dagar í Ólafsvík. Sótt 3. mars 2014 á: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/412054/>

NAT Nordic Adventure Travel. (e.d.). Berserkjahraun. Sótt í maí 2012 af http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_berserkjahraun.htm.

Náttúrustofa Vesturlands. 2011. Fjörðurinn spriklar af lífi. Sótt í maí 2012 af http://www.nsv.is/110217_fjordurinn_spriklar_af_lifi.html.

Náttúrustofa Vesturlands. (e.d.). Ýmsar skýrslur. Sótt í febrúar 2014 af <http://nsv.is>.

Náttúruverndarráð. (1996). Náttúruminjaskrá sjöunda útgáfa 1996.

Office of the Deputy Prime Minister. (2005). Sustainability Appraisal of Regional Spatial Strategies and Local Development Documents. Guidance of Regional Planning Bodies and Local Planning Authorities. London: ODPM. Sótt af <http://www.communities.gov.uk/publications/planningandbuilding/sustainabilityappraisal>.

Niagara Region. (e.d.). Local food action plan. Sótt í febrúar 2014 á <http://www.niagararegion.ca/government/initiatives/lfap/Pdf/FinalLocalFoodActionPlan.pdf>.

Orkuveita Reykjavíkur. (2012). Kort af veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Sótt í maí 2012 af http://www.or.is/media/PDF/Veitusvaedi_OR_262012.pdf.

Ólafur Arnalds. (1996). Jarðvegsfræði. Reykjavík: höfundur.

Ólafur Arnalds. (2009). Íslenskt jarðvegskort. Landbúnaðarháskóli Íslands.

Ragnhildur Sigurðardóttir. (2012). Sögufylgja. Óbirt kynningarefni.

Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi (e.d.). Sótt í febrúar 2014 af <http://hs.hi.is/>.

Rögvaldur Guðmundsson. (2010). Sögukort Vesturlands - saga Íslands og landshlutanna lifnar við! Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1987). Saga Ólafsvíkur, fyrra bindi. Fram um 1911. Bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar og Hörpuútgáfan Akranesi.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. (2012). Ályktanir aðalfundar SSV 2012. Sótt í febrúar 2014 af http://www.ssv.is/Files/Skra_0058177.pdf.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. (2012). Vaxtarsamningur Vesturlands 2013. Listi yfir verkefni og klasa sem Vaxtarsamningur hefur styrkt eða stofnað til. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.vaxtarsamningur.is/>.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. (2013). Sóknaráætlun Vesturlands. Sótt í febrúar 2014 af http://ssv.is/Files/Skra_0060861.pdf.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Vífill Karlsson (2013). Hagvísir Vesturlands. Sótt í mars 2014 af http://ssv.is/Files/Skra_0064618.pdf

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. (2002). Stefnumótun í menningarmálum á Vesturlandi. Sótt í febrúar 2014 af http://www.ssv.is/Files/Skra_0002411.pdf.

Scottish Executive. (2006). Strategic Environmental Assessment Tool Kit. SEA Templates. Sótt af <http://www.scotland.gov.uk/Topics/Environment/14587>.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir ritstj. (2012). Samfélag, atvinnulíf og íbúáþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun. Samantekt um stöðu byggða á Íslandi sem hafa búið við viðvarandi fólksfækkun undanfarin ár. Sauðárkrúkur: Bygðastofnun. Sótt af http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf.

Sigvaldi Ásgeirsson. (símtal 2012, 19. júní). Framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga. Samningar við Skógarbændur á Snæfellsnesi.

Sjóminjar Íslands. (2014). Fornar strandminjar. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.sjominjar.is/fornar-strandminjar/>

Skipulagsstofnun. (2005 og 2008). Leiðbeiningar umhverfisflokka, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Sótt af <http://www.skipulagsstofnun.is>.

Skipulagsstofnun. (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlna. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.skipulagsstofnun.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.

Skipulagsstofnun. (2009). Hvað er matslýsing? Upplýsingablað um viðfangsefni og innihald. Sótt í febrúar 2014 af www.skipulagsstofnun.is.

Skipulagsstofnun. (2010). Leiðbeiningablað 10: Umfang og áherslur í umhverfismati (2. útgáfa). Sótt í febrúar 2014 af http://www.skipulagsstofnun.is/media/skipulagsmal/okt2010_Leidbeiningarblad_10_-matslysing.pdf.

Skipulagsstofnun. (2010). Leiðbeiningablað 11: Umhverfisskýrsla (3. útgáfa). Sótt í febrúar 2014 af <http://www.skipulagsstofnun.is/media/skipulagsmal/LEIDBEININGABLAD-11-umhverfisskyrsla-22092010.pdf>.

Skógrækt ríkisins. (e.d.). Landshlutaverkefni. Sótt í maí 2012 af <http://www.skogur.is/skograekt/skograektarverkefni/landshlutaverkefni/>.

Stefán Gíslason og Venus Krantz. (2012). Hållbarhetscertifiering av turistdestinationer. Utredning av möjligheter i en nordisk kontekst: Befintliga standarder eller ett nytt nordiskt system? (TemaNord 2012:531). Sótt í febrúar 2014 af <http://www.norden.org/en/publications/publikationer/2012-531>.

Stefán Gíslason, Guðrún Bergmann og Guðlaugur Bergmann. (2003). Stefna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála Snæfellsness til ársins 2015. Sótt í febrúar 2014 af http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0006278.pdf.

Stykkishólmur, efni sótt 4. mars 2014 á: <http://is.wikipedia.org/wiki/Stykkish%C3%B3lmur>

Sveitasíminn. (e.d.). Sveitaverkefnið. Kjarnaverkefni á sunnanverðu Snæfellsnesi - Hítará – Hellnar. Sótt í febrúar 2014 af <http://sveitasiminn.is/>.

Umhverfisráðuneytið. (2007). Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Sótt í febrúar 2014 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Birkiskogar.pdf.

Umhverfisráðuneytið. (2007). Stefnumörkun í loftslagsmálum. Sótt í febrúar 2014 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Stefnumorkun_i_loftslagsmalum.pdf.

Umhverfisráðuneytið. (2010). Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013. Sótt í febrúar 2014 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velferd-til-framtidar-2010-2013.pdf.

Umhverfisstofnun. (2003). Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Bæklingur. Sótt í febrúar 2014 af http://eldri.ust.is/media/fraedsluefni/Snaf_Tjodg.isl.pdf.

Umhverfisstofnun. (e.d.) Friðlýst svæði á Vesturlandi. Sótt í maí 2012 af <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vesturland/>.

Umhverfisstofnun. (e.d.) Náttúruminjaskrá Vesturlands. Sótt í maí 2012 af: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/naturuminjaskra/vesturland/>

Umhverfisstofnun. (e.d.) Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Sótt í maí 2012 af <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/naturuverndaraaetlun/>.

Umhverfisstofnun. (2010). Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Verndaráætlun 2010-2020. Sótt í febrúar 2014 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/verndaraaetlun-snaefellsnes.pdf.

Umhverfisstofnun. (2013). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatn. Sótt í febrúar 2014 af <http://ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2014/01/09/Stoduskysrsla-fyrir-vatnasvaedi-Islands/>.

Umhverfsvottun Snæfellsness. (2013). Markmið og sjálfbærnisvísar Snæfellsness. Sótt í febrúar 2014 af www.nesvottun.is.

Vancouver Board of Parks and Recreation. (2013). The local food action plan of the Vancouver park board. Sótt í febrúar 2014 af <http://vancouver.ca/files/cov/Local-food-action-plan.pdf>.

Vinir Snæfellsjökuls. (2012). Nokkur lykilatriði og verkefni. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.snae.is/?p=3827>.

Visit West Iceland (e.d.). Upplýsingabrunnur um ferðalög á Vesturlandi. Sótt í febrúar 2013 af www.vesturland.is.

Vinnuhópur Jarðvangs Ljósufjalla. (2012, 23. október). Tillaga um Jarðvang Ljósufjalla. Til fulltrúa Dalabyggðar, Borgarbyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Stykkishólms og Helgafellssveitar.

Vífill Karlsson. (2007). Mikilvægi þorsks á Vesturlandi: Staðbundin efnahagsleg áhrif 30% kvótaskerðingar á einstök sveitarfélög Vesturlands. SSV Ráðgjafarskýrsla. Sótt í maí 2012 af http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0020859.pdf.

VSÓ ráðgjöf. (2009). Skilgreining ferðamannaleiða og ferðamannavega. Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.vso.is/islandsvegir/pdf/Skilgreining-ferdamannaleida-feb2009.pdf>.

VSÓ ráðgjöf. (2011). Ferðamannavegur á Snæfellsnesi. Forsendugreining og verkefni. Sótt í febrúar 2014 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/8d461983982f539900256935003eac25/e5f2c27ee10f42d00025792f003769db/\\$FILE/Ferdamannavegur-a-Snaefellsnesi.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/8d461983982f539900256935003eac25/e5f2c27ee10f42d00025792f003769db/$FILE/Ferdamannavegur-a-Snaefellsnesi.pdf).

Vör Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð. (e.d.). Rannsóknarverkefni. Sótt í maí 2012 af <http://www.sjavarrannsoknir.is/verkefni.html>.

Þróunarfélag Snæfellinga. (2012). Framtíðarsýn og stefnumótun Snæfellinga. Atvinnuþróun og tækifæri á Snæfellsnesi til ársins 2025. Sótt í febrúar 2014 af http://www.snae.is/wp-content/uploads/2012/09/trounafelag_snaefellinga_dreifbref_x.pdf.

Þróunarfélag Snæfellinga. (2012). Gögn frá ráðstefnu um möguleika í atvinnumálum á Snæfellsnesi. Sótt í febrúar 2014 af <http://www.snae.is/?p=3691>.